

allt

GUÐMUNDUR HERMANSSON

Heyrir þegar klukkurnar þagna

• atvinnu

Í MIÐJU BLAÐSINS ▶



EVA MJÖLL INGÓLFSDÓTTIR

Hefur búið í Afríku, Pakistan og Japan

ER SEST AÐ Í NEW YORK OG LÉK Í CARNEGIE HALL TÓNLIST 24 ▶



INGIBJÖRG ÞORBERGS

Einn elsti laga- höfundur landsins

GEFUR ÚT SÓLÓPLÖTU 78 ÁRA GÖMUL FÓLK 38 ▶



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

11. september 2005 - 244. tölublað - 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

SUNNUDAGUR

Ótrúlegir yfirburðir

Það var um hálfgerðan skrípaleik að ræða í Laugardalshöllinni í gærkvöldi þegar Valur tók á móti georgíska liðinu H/C Tíblisi í Evrópukeppni félagsliða. Valur sigraði með 36 marka mun.



ÍÞRÓTTIR 27

Þjóðareiningin horfin

Bandaríkjamenn brugðust við hryðjuverkaárásunum í New York og Washington með því að þjappa sér meira saman en áður. Nú fjórum árum síðar er sú þjóðareining að mestu horfin í kjölfar fellibylsins Katrínar.



ÞJÓDLÍF 18

Davíð gengur veg Geirs

Davíð Oddsson hefur farið sömu leið gegnum lífið og Geir Hallgrímsson. Báðir hófu þeir feril sinn í MR og fóru síðan í lögfræði, urðu borgarstjórar, formenn Sjálfstæðisflokksins og forsætisráðherrar áður en þeir urðu seðlabankastjórar.



STJÓRN MÁL 22



BJÖRGUNARMENN AÐ STÖRFUM Lögreglumenn komu hjónunum og syni þeirra til bjargar þegar þeir sigldu fram á þau á kili skemmtibátsins þar sem hann maraði í hálfu kafi.

Neyðarkall tíu ára drengs

Rúmlega fimmtug kona lést og manns á fertugsaldri er saknað eftir að skemmtibátur sökk við Viðey. Prennt bjargaðist. Tíu ára piltur hringdi í Neyðarlínuna úr farsíma sínum og hófst þá leit að fólkinu. Premmenningarnir biðu eftir björgun í rúma klukkustund á kili bátsins.

SLYS Prennt bjargaðist, hjón og tíu ára sonur þeirra, þegar skemmtibátur steytti á Skarfaskeri við Viðey og sökk um klukkan tvö í fyrrinótt. Rúmlega fimmtug kona lést og karlmanns á fertugsaldri er enn saknað. Talið er að hann hafi reynt að kafa undir bátinn eftir konunni sem lést.


Hjónunum og syni þeirra tókst að klifra upp á kjól bátsins eftir slysið. Það varð þeim til lífs að drengurinn gat hringt úr farsíma sínum í Neyðarlínuna og hófst þá leit að fólkinu. Lögregluþjónar á gúmmibát fundu bátinn um tuttugu mínútur yfir þrjú og björguðu þremmenningunum um borð. Þá var

fólkið búið að vera í sjónum í rúma klukkustund. Hjónin liggja alvarlega slösuð á Landspítala - háskólasjúkrahúsi og gengust þau undir aðgerð í gær. Drengurinn er hins vegar lítið meiddur. Sjöttu mínútum eftir að hjónunum og piltinum var bjargað fannst konan látin.

Bogi Sigvaldason er einn lögreglumannanna sem fundu hjónin og son þeirra. Hann segir að ekki hafi mátt tæpara standa við björgun fólksins, bátur þeirra hafi sokkið aðeins tíu til tuttugu mínútum eftir að fólkinu var bjargað.

- bs /sjá síðu 2

VEÐRIÐ Í DAG



BJARTVIÐRI SUNNAN og vestan til. Dálitil súld eða rigning á Norðaustur- og Austurlandi framan af degi en úrkomulítið síðdegis. Hiti 4-13 stig, hlýjast sunnan til.

VEÐUR 4

Góður árangur í fatasöfnun Rauða krossins:

Setjum met nánast daglega

HJÁLPARSTARF „Við setjum met nánast á hverjum degi. Það stefnir í það að okkur berist yfir þúsund tonn af fötum á þessu ári. Við setjum líka met í sölu í ágústmánuði en við seldum fyrir yfir eina milljón í búðinni á Laugavegi,“ segir Örn Ragnarsson, starfsmaður Rauða krossins.

Örn segir að Rauði krossinn sé með söfnunargáma á öllum gáma- stöðvum Sorpu og taki við fötum í söfnunarstöðinni í Hafnarfirði frá 8 til 16 á daginn. „Við sendum gám til Malaví í þessum mánuði en fötin fara ekki öll í hjálparstarfsemi því sumt af þeim þurfum við að selja til að standa undir rekstrinum af stöðinni.“ Hann segir að allt starf þeirra sé unnið af sjálfboda- liðum. „Við erum að fara að opna nýja verslun í Hafnarfirði. Þar



ÖRN VIÐ FATNAÐ SEM HEFUR SAFNAST Yfir þúsund tonn af fatnaði hafa safnast á árinu. Söfnunarmet eru slegin í hverjum mánuði.

stefnum við á að vera fyrst og fremst með fatnað fyrir börn og ungt fólk. Okkur vantar sjálfboda- liða til að vinna í nýju versluninni og eins á Laugaveginum.“

- eð

Kvennalið Breiðabliks:

Tvöfaldur meistari

FÓTBOLTI Breiðabliksstúlkur fögnuðu í gær sigri í bikarkeppni kvenna eftir að hafa unnið lið KR í úrslitaleiknum með fjórum mörkum gegn engu. Greta Mjöll Samúelsdóttir skoraði tvö mark Blika og Tesia Ann Kozlowski og Casey McCluskey gerðu eitt mark hvor.

Breiðablik varð einnig Íslandsmeistari í ár og varð því tvöfaldur meistari en liðið vann alla leiki sína í sumar ef frá er talið eitt jafntefli í deildar- keppninni.

„Þetta hefur verið í einu orði sagt fullkomið í sumar,“ sagði Greta Mjöll í samtali við Fréttablaðið eftir leik.

- esá / Sjá síðu 26

SUBVESTURHORNID

Lestur kvenna á sunnudögum*

69%

Fréttablaðið

41%

Mbl.

*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í júlí 2005. Lestur meðal 20-40 ára á sunnudögum.

Frjáls íbúðalán

4,15%

verðtryggðir vextir

FRJÁLSI



SPURNING DAGSINS

Práinn, ertu skyggn?

Nei ég er ekki skyggn en ég hef sagnaranda.

Í gær birta Fréttablaðið kafla úr væntanlegri bók Práins Bertelssonar. Söguþáðurinn minnti furðu mikið á atburði liðinnar viku.

Jón Kristjánsson heilbrigðisráðherra segir réttargeðdeild nógu stóra:

Ekkert neyðarástand á Sogni

HEILBRIGÐISMÁL Jón Kristjánsson heilbrigðisráðherra segir að ráðuneytið ætli ekki að veita aukafjármagn til réttargeðdeildarinnar á Sogni. Í frétt Fréttablaðsins í gær kom fram að réttargeðdeildin er full og hefur verið brugðin á það ráð að vista einn sjúkling í vinnuherbergi. Magnús Skúlason, yfirlæknir á Sogni, sagði að sótt hefði verið um leyfi til stækkunar til heilbrigðisráðuneytisins en jákvætt svar hefði ekki fengist.

Að mati heilbrigðisráðherra hefur þörfin ekki verið aðkallandi. „Deildin á að vera nógu stór og við teljum að um tilfallandi dæmi sé að ræða. Ef ósakhæfum fjölgar ekki þá

ætti þetta mál að leysast. Vissulega þurfum við að fylgjast vel með þróuninni og ef ástandið versnar verður gripið til einhverra ráðstafana. Eins og staðan er núna er hins vegar ekki um neitt neyðarástand að ræða. Gagnstætt því sem margir halda er töluvert um útskriftir þarna og það er því lítil hætta á að deildin fyllist aftur. Þetta er óþægilegt meðan á því stendur en nú hefur málið verið leyst til bráðabirgða,“ segir Jón og vísar þá til þess úrræðis að vista sjúkling í vinnuherberginu.

Á réttargeðdeildinni á Sogni eru rúm fyrir sjö manns. Nú eru þar átta sjúklingar.



JÓN KRISTJÁNSSON HEILBRIGÐISRÁÐHERRA Engin áform um að stækka réttargeðdeildina á Sogni.

Júlía Timosjenkó:

Keppir við Júsjenkó

ÚKRAÍNA, AP Júlía Timosjenkó, fyrrur forsætisráðherra Úkraínu, ætlar að stofna nýja stjórnmálahreyfingu og bjóða sig fram gegn Viktor Júsjenkó forseta í næstu forsetakosningum. Júsjenkó vék henni úr embætti forsætisráðherra á fimmtudag.

„Í dag erum við í tveimur ólíkum liðum. Ég held að liðin fari hvort sína leið,“ sagði Timosjenkó í viðtali. Hún sagði þó að þetta þyrfti ekki að þýða að til harðra átaka þyrfti að koma milli hreyfingar hennar og forsetans.

Þingkosningar fara fram í Úkraínu í mars á næsta ári. ■

Biðu í rúma klukkustund eftir björgun

Hátt í hálf önnur klukkustund leið frá því fólkið í skemmtibátnum Hörpu fór í sjóinn þar til því var bjargað. Bið varð á því að óskað væri eftir aðstoð þyrlu Landhelgisgæslunnar þar sem mönnum var alvara málsins ekki ljós.

SJÓSLYS Ein kona er látin, eins manns er leitað en þremur var bjargað af sökkvandi báti á Viðeyjarsundi í fyrrinótt.

Leitaradstæður á slysstað voru afar erfiðar að sögn björgunarmanna. „Það var mikil rigning, hvasst og súldarbakkar gerðu skyggni mjög slæmt á köflum,“ segir Einar Örn Einarsson, skipstjóri á björgunarskipinu Ásgrími S. Björnssyni. „Það var í rauninni tilviljun að lög-
reglumennirnir fundu bátinn við þessar aðstæður.“

„Við stóðum í þeirri trú að við værum að fara að aðstoða vélarvana bát úti við Sundahöfn.“

sem áhöfn þyrlu Landhelgisgæslunnar barst bráðaútkall. Einar segir að alvara málsins hafi ekki verið ljós strax því upplýsingar sem Neyðarlíunni bárust hafi verið takmarkaðar. „Við stóðum í þeirri trú að við værum að fara að aðstoða vélarvana bát úti við Sundahöfn. Þegar við komum út á sundið var ljóst að málið var alvarlegra og var þyrlan kölluð tafarlaust út.“

Þyrlan fór í loftið klukkan rúmlega þrjú, en fjölskyldunni var bjargað stuttu síðar af lögreglumönnum á gúmmibát. Tveggja var enn saknað, karls og konu, og leit haldið áfram. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins kafaði



FLAK SKEMMTIBÁTSINS HÍFT UPP Skemmtibáturinn var hífður upp um hádegisbil í gær.

maðurinn undir bátinn eftir að honum hvolfði til að bjarga konunni en maðurinn hefur síðan ekki fundist. Klukkan 4.30 fannst konan látin en björgunarsveitir héldu leit að manningnum áfram.

Rúmlega hundrað björgunarsveitarmenn víðs vegar að af suðvesturhorninu leituðu áfram það sem eftir lifði dags en án árangurs. Leitarsvæðið nær frá Kjalarnesi út að Gróttu og hefur brak úr bátnum fundist upp við Kjalarnes. Í því fannst meðal annars jakki mannsins sem saknað er. Laust fyrir klukkan níu í gærkvöldi hættu björgunarsveitir leit í bili en kafarar fara af stað á ný klukkan átta í dag.

Hvorki er hægt að svo stöðu að greina frá nafni konunnar sem lést né mannsins sem saknað er. bergsteinn@frettabladid.is

ATBURÐARÁSIN

Um kl. 2 Neyðarlínu berst neyðarkall frá farþega á Hörpu. Björgunarsveitir eru ræstar út.

2.30 Þyrluáhöfn Landhelgisgæslunnar berst bráðaútkall.

3.04 Þyrla Landhelgisgæslunnar, TF-SIF, fer í loftið.

3.19 Lögreglan bjargar karli, konu og syni þeirra af bátnum. Tveggja er saknað.

4.30 Konan sem saknað var finnst látin.

6.00 Þyrla Landhelgisgæslunnar hættir leit tímabundið en björgunarsveitir halda áfram.

9.40 Þyrlan fer aftur í loftið.

20.00 Maðurinn enn ófundinn. Frekari leit frestað til klukkan 14 í dag.



BOGI SIGVALDASON Segir það tilviljun að þeir fundu bátinn.

Bjargvættur fjölskyldunnar: Mátti ekki tæpara standa

SJÓSLYS „Miðað við aðstæður var það í rauninni hrein hending að við römbuðum á bátinn,“ segir Bogi Sigvaldason, einn fjögurra lögregluþjóna sem björguðu fjölskyldunni af kili bátsins sem steytti á skeri á Viðeyjarsundi í fyrrinótt.

Lögreglumennirnir voru á gúmmibát þegar þeir fundu fjölskylduna. „Við sáum báta leita með ljóskösturum við vesturenda Viðeyjar. Við fórum því aðeins dýpra inn sundið og sáum allt í einu glitta í litla þúst í myrkrinu, sem í ljós kom að var bátur á hvolfi og fólk á kilinum.“

Bogi segir fjölskylduna hafa verið mjög þrekaða, enda búin að vera í sjónum í rúma klukkustund. Konan og drengurinn voru á kili bátsins en maðurinn lá hálfur í kafi og hélt sér í bátinn.

Ekki liðu meira 20 mínútur frá því að fólkinu var bjargað þar til báturinn sökk að sögn Boga. „Þetta var mínútopur og mátti ekki tæpara standa.“ -bs

LÖGREGLUFRÉTTIR

HRAKNINGAR Lögreglan á Ólafsfirði var beðin um að sækja göngumann sem var orðinn kaldur og hrakinn. Hann var á leið frá Hólum í Hjaltadal yfir í Svarfaðardal.



SLÖKKVILIÐIÐ AÐ STÖRFUM Greiðlega gekk að slökkva eldinn

Bruni á Stórhöfða:

Kviknaði í götusópara

BRUNI Slökkviliðið í Reykjavík var kallað út um miðjan dag í gær að Stórhöfða 37 þar sem fyrirtækið Hreinsitækni er til húsa. Kviknað hafði í út frá vinnuvél sem var innandyra en greiðlega gekk að ráða niðurlögum eldsins. Reykskemmdir urðu þó tölverðar og götusóparinn sem kviknaði í er ónýtur. -eð

Árni Mathiesen:

Lýsir stuðningi við Þorgerði

STJÓRN MÁL Árni Mathiesen, sjávarútvegsráðherra, ætlar ekki að bjóða sig fram til embættis varaformanns Sjálfstæðisflokksins. Að því er fram kemur í Morgunblaðinu í dag segist Árni ætla að styðja Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur, menntamálaráðherra í varaformannskjörinu enda komi það sér best fyrir flokkinn. Hann telur að Þorgerður Katrín hafi meiri möguleika á að auka breidd flokksins en flokkurinn hefur verið gagnrýndur fyrir einsleita forystu. -þo

apollo

Haustrferðir

Grikkland • Tyrkland • Túnis • Egyptaland
Kanaríeyjar • Tailand • Indland • Bali...

- og heimsborgin Kaupmannahöfn í kaupbæti!

Apollo og **Kuoni** bjóða ótrúlega fjölbreytta og hagstæða haustpakka til allra heimshorna. Kannaðu verðdæmi á heimasíðu okkar, www.kuoni.is, eða hafðu samband við söluskrifstofuna.

Ísland Express

Holtasmára 1 • 201 Kópavogur
Sími: 5 100 300 • Símbref: 5 100 309
Netfang: langferdir@langferdir.is
Heimasíða: www.langferdir.is
Opnunartímar alla virka daga frá 10:00-17:00

MasterCard

LANGferðir

Jafnvægi vantar í efnahagslífið segir Steingrímur J. Sigfússon:

Vilja fresta skattalækkunum

STJÓRN MÁL Flokksráð Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs telur brýnt að gripið verði til samræmdra aðgerða til að tryggja efnahagslegan stöðugleika og átelur ríkisstjórnina fyrir andvaraleysi. Þetta er meðal þess sem fram kom á flokksráðsfundi vinstri grænna dagana 9. til 10. september.

Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, segir að stefna stjórnvalda birtist núna í vaxandi örðugleikum í atvinnulífnum og menn séu kvíðnir fyrir framhaldinu. „Gengi krónunnar er afar óhagstætt og vaxtamunurinn við útlönd veldur vandræðum í útflutningsgreinum. Það þarf að koma á jafnvægi í efnahagslífinu og þótt ráðamenn séu duglegir við að kenna öðrum um jafnvægisleysið þá liggur vandinn fyrst og



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON Vinstri grænir leggja áherslu á fjölbreytta atvinnuuppbyggingu.

fremst hjá ríkisstjórninni,“ segir Steingrímur.

Til að stemma stigu við jafnvægisleysinu vilja vinstri grænir að skattalækkunum verði slegið á frest og stóriðjustefna ríkis-

ins verði lögð á hilluna. Þá telja þeir mikilvægt að laun ýmissa undirstöðustétta hækki til að stemma stigu við óróleika á vinnumarkaði og flóttu úr vissum starfstéttum. -þo



Porsche Cayenne.

Sumir hlutir verða strax sígildir.
Þannig er farið um sönn listaverk.



PORSCHE

Bílabúð
Benna

Bílabúð Benna • Vagnhöfða 23
Sími 590 2000 • www.benni.is

GENGIÐ

GENGI GJALDMÍÐLA 09.09.2005

	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur USD	62,82	63,12
Sterlingspund GBP	115,29	115,85
Evra EUR	77,89	78,33
Dönsk króna DKK	10,447	10,509
Norsk króna NOK	9,993	10,051
Sænsk króna SEK	8,347	8,395
Japanskt jen JPY	0,5682	0,5716
SDR	XDR	92,67
		93,23

Gengivísitala krónunnar

108,8949

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Felix Bergsson slasaðist á fæti og fresta varð sýningu á Kabarett:

Sýningargestir sendir heim

Sýningargestir sem áttu miða á Kabarett í Íslensku óperunni í fyrirkvöld voru sendir heim áður en sýningin byrjaði. Felix Bergsson, sem fer með eitt aðalhlutverkanna í sýningunni, hafði tagnað illa og á síðustu stundu var ákveðið að fella sýninguna niður.

„Ég datt af hjólinu mínu á leiðinni í vinnuna og snéri mig illa á hné,“ sagði Felix Bergsson sem lá fyrir og hvíldi sig þegar Fréttablaðið náði tali af honum. „Ég fór upp á slyssadeild og lét búa vel um þetta og ætlaði mér alltaf að leika. Í leikhúsinu reynir maður að gera allt sem maður getur til að sýningin verði að veruleika og ég hélt

auðvitað í vonina um að ég gæti leikið. Svo þegar á hólminn var komið stóð ég varla í lappirnar svo það var ákveðið að fresta sýningunni, enda enginn til að leysa mig af,“ sagði Felix og bætti því við að honum þætti þetta ákaflega leiðinlegt gagnvart þeim sem komu í leikhúsið.

Ekki hefur verið ákveðið hvort efnt verði til aukasýningar vegna atviksins og þar sem Felix er staðráðinn í að mæta strax aftur til vinnu er ekki við því búist að fleiri sýningar falli niður.

FELIX BERGSSON Þrátt fyrir slæma tagnun á hann ekki von á að fleiri sýningar falli niður.



LÖGREGLUFRÉTTIR

ÖLVUNARAKSTUR Í KÓPAVOGI

Lögreglan í Kópavogi tók einn ökumann fyrir ölvunarakstur aðfaranótt laugardags. Einn var tekinn fyrir ölvunarakstur um hádegi í gær og annar fyrir akstur undir áhrifum lyfja skömmu síðar.

HRAÐAKSTUR Á FYRSTA DEGI

Lögreglan á Fáskrúðsfirði tók tvo fyrir of hraðan akstur á föstudagskvöldið í Fáskrúðsfjarðargöngunum sem voru opnuð fyrr um daginn. Þeir voru á 120 til 130 kílómetra hraða en leyfilegur hámarks hraði í göngunum er 70 kílómetrar á klukkustund. Lögreglan á Keflavíkurflugvelli tók níu fyrir of hraðan akstur á Reykjanesbrautinni aðfaranótt laugardags.



JÚLÍUS VÍFILL Júlíusi þykir prófkjörið fara of snemma af stað og er ekki tilbúinn að tilkynna framboð sitt.

Júlíus Vífill Ingvarsson:

Prófkjörið fer of hratt af stað

SVEITARSTJÓRNARMÁL Júlíus Vífill Ingvarsson hefur enn ekki tilkynnt um framboð sitt til prófkjörs Sjálfstæðisflokksins. Í samtali við Fréttablaðið sagði Júlíus mjög fljótlega gera grein fyrir því hvaða sæti hann hygðist taka. „Mér hefur þótt prófkjörið fara of snemma af stað. Maður verður að kunna að halda ró sinni og ákveða tímasetningar sjálfur. Ég á ekki í neinum vandræðum með að taka ákvörðun – það er ekki það sem tefur. Menn þekkja það sem æfa keppnisið að mestu skiptir að liðið sé í hámarksþjálfun og nái bestum árangri í sjálfum úrslitaleiknum. Það er ekkert gagn að því að vera bestur á meðan æfingaleikirnir standa ennþá yfir,“ segir Júlíus Vífill. ■

EVROPA

GARÐYRKJUMADUR Í LÍFSHÆTTU

Tæplega fertugur Austurríkismaður liggur meðvitundarlaus og í lífshættu á sjúkrahúsi eftir að hafa verið stunginn af býflugum. Maðurinn var við vinnu í garði tólfu aldar kastalans Schloss Ottenstein þegar býflugurnar réðust á hann og stungu ítrekað í höfuðið.



HALLDÓR OG DAVÍÐ Deildu um breytingar á eftirlaunalögum í vor. Davíð vildi ekki breyta og Halldór samþykkti að fresta málinu fram á haust. Nú hefur Davíð áunnið sér rétt til eftirlauna ofan á laun sín sem seðlabankastjóri.

Davíð vildi ekki breyta eftirlaunalögum

Í kjölfar gagnrýnisradda í byrjun árs vegna þess að ráðherrar gætu þegið eftirlaun meðan þeir gegndu öðrum störfum á vegum ríkisins hét Halldór Ásgrímsson því að lögin yrðu endurskoðuð. Sjálfstæðisflokkurinn stóð gegn því.

EFTIRLAUN Davíð Oddsson á rétt á að þiggja á fjórða hundrad þúsund króna í eftirlaun ásamt launum sem formaður bankastjórnar Seðlabanka Íslands þegar hann tekur við sema seðlabankastjóri þann 20. október. Eftirlaunin fara stighækkandi til 65 ára aldurs því skerðingin vegna annarra starfa minnkar sem á líður.

Lög um eftirlaun ráðherra og þingmanna voru endurskoðuð í lok árs 2003 og í kjölfarið voru ný lög samþykkt. Þegar Fréttablaðið upplýsti snemma árs að nokkrir fyrrverandi ráðherrar þæðu eftirlaun þótt þeir væru enn á fullum launum í öðrum

störfum á vegum ríkisins hét Halldór Ásgrímsson því á Alþingi að ákvæðið yrði tekið til endurskoðunar.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins voru framsóknarmenn staðráðnir í því í apríl að afnema ákvæðið úr lögum en sjálfstæðismenn sögðu það ekki koma til greina. Í þrjú mánuði á vordögum tókust ráðherrar flokkanna á um hvort, og þá hvernig, breyta ætti lögum og var ætlunin að leggja fram nýtt stjórnarfrumvarp fyrir þinglok í maí.

Meðal annars hafa flokkarnir tekist á um það hvort brotið yrði

gegn eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar ef tekinn yrði af mönnum réttur sem þeim þegar hefur verið fenginn, það er rétturinn til að þiggja eftirlaun og laun samhliða.

Davíð Oddsson sagði í fjölmiðlum í apríl að ekki stæði til að breyta lögum. Heimildir Fréttablaðsins segja að framsóknarmenn hafi fallist á kröfur sjálfstæðismanna um að fresta málinu fram á haust.

Fulltrúar allra flokka stóðu að frumvarpinu á sínum tíma og hafa allir flokkar nema Sjálfstæðisflokkur lýst yfir vilja til að afnema ákvæðið. sda@frettabladid.is

Framkvæmdum að ljúka:

Umferð hleypt á Snorrabraut

SAMGÖNGUMÁL Umferð hefur verið hleypt aftur á Snorrabraut en gatn hefur verið lokað við gatnamót Hringbrautar frá því í lok júní. Að sögn Höskuldar Tryggvasonar hjá framkvæmdasviði Reykjavíkurborgar er framkvæmdum við gatnamótin ekki að fullu lokið og því fyllsta ástæða til að aka með varúð. Umferðarljós verða tekin í notkun í vikunni og í næsta mánuði verður hægt að ganga um undirgöng við gatnamótin. Framkvæmdum við Hringbraut er þó hvergi lokið og verður Njarðargötu lokað vegna endurbóta og smíði göngubruar. ■



SNORRABRAUT Umferð var hleypt á Snorrabrautina í gær.

Prófkjör vinstri grænna:

Vill eitt af efstu sætunum

STJÓRNARMÁL Sóley Tómasdóttir hefur ákveðið að gefa kost á sér í prófkjör Vinstri hreyfingarinnar græns framboðs vegna sveitarstjórnarkosninganna í Reykjavík næsta vor og sækist eftir einu af efstu sætunum. Sóley segist leggja áherslu á jafnréttismál, dagvistarmál, menntamál og íþrótt- og tómstundamál. - þo

BÓKMENNTAHÁTÍÐ
11.-17. september Í REYKJAVÍK

PAUL AUSTER · MARGARET ATWOOD
THOMAS BRUSSIG · JAVIER CERCAS
LARS SAABYE CHRISTENSEN · KAREN DUVE · GRAEME GIBSON · NICK HORNBÝ · KARI HOTAKAINEN · SIRI HUSTVEDT · ROY JACOBSEN · JAMES ME EK · HANNE-VIBEKE HOLST · ANDREJ KURKOV · DBC PIERRE · ANNIE PROULX · ERIC-EMMANUEL SCHMITT · HANAN AL-SHAYKH · MEHMED UZUN · KARIN WAHLBERG *Aðgangur ókeypis!*

Höfundaspjall á hverjum degi í Norræna húsinu og upplæstur í lönó á hverju kvöldi · www.bokmenntahatid.is

VEÐURSPÁ


um hádegi >>

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

GOTT Í DAG EN FER VERSN-ANDI

Dagurinn í dag horfir bara vel, einkum þó sunnan og vestan til. Reyndar verður næðingur fyrripartinn sem dregur úr gæðum þessa veðurs. Veður fer versnandi á landinu síðdegis á morgun, einkum sunnan til, en skaplegra verður það lengst af nýrðra.

HÖRFUR Á HÖFUÐBORGARSVEÐINU: Fremur hæg norðlæg átt og bjartviðri. Austlægan og lægir með kvöldinu. Hiti 7-11 að deginum.



Kaupmannahöfn	22°C hálfskýjað	Paris	22°C hálfskýjað	Alicante	31°C heiðskirt
Oslo	16°C léttskýjað	Berlín	27°C skýja/skúr	Milano	24°C rigning
Stokkhólmur	16°C léttskýjað	Frankfurt	26°C skýjað/skúr	New York	23°C léttskýjað
Helsinki	15°C léttskýjað	Madrid	28°C léttskýjað	San Francisco	20°C léttskýjað
London	22°C skýjað/skúr	Barcelona	27°C léttskýjað	Orlando/Florida	33°C heiðskirt

* Sveði þar sem búast má við talsverri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

Gæsa húð á vægu verði

ÁSKRIFT AÐ SINFÓNÍUTÓNLEIKUM TRYGGIR ÞÉR ÖRUGGT SÆTI Á BETRA VERÐI

GUL ÁSKRIFTARRÖÐ

SJOSTAKOVÍTSJ í öllu sínu veldi, TSJAJKOVSKÍJ, SIBELIUS, MAHLER og stórkostlegir einleikarar svo fátt eitt sé nefnt.

VERÐ Á ÁSKRIFTARRÖÐ FYRIR 7 TÓNLEIKA ER FRÁ **14.875 KR.**



RAUÐ ÁSKRIFTARRÖÐ

Heimspektir einleikarar og dáð hljómsveitarverk. Magnaður sellókonert DVORÁKS, 7. sínfónía BEETHOVENS og hin stórmerka söngkona BARBARA BONNEY og margt, margt fleira.

VERÐ Á ÁSKRIFTARRÖÐ FYRIR 7 TÓNLEIKA ER FRÁ **14.875 KR.**

GRÆN ÁSKRIFTARRÖÐ

Undraheimur klassískrar tónlistar. ASHKENAZY, MOZART, óperusviðið, DIDDÚ og Vínartónleikarnir.

VERÐ Á ÁSKRIFTARRÖÐ FYRIR 5 TÓNLEIKA ER FRÁ **11.985 KR.**



TÓNSPROTINN

-TÓNLEIKARÖÐ FJÖLSKYLDUNNAR

CHAPLIN bíótónleikar, söngleikir og ævintýri og hinir sívinsælu jólatónleikar.

VERÐ FYRIR FERNA TÓNLEIKA:
Börn **4.080 KR.**
16 ára og eldri **5.440 KR.**



15% AFSLÁTTUR AF TÓNSPROTANUM TIL HANDA KREDITKORTHÖFUM VISA



REGNBOGINN

Veldu 4-12 tónleika af allri efnisskránni sem höfða til þín og þú tryggir þér góðan afslátt og öruggt sæti.

VERÐDÆMI FYRIR 4 TÓNLEIKA:
Almennt kort **9.200 KR.**
17-25 ára **6.200 KR.**
16 ára og yngri **4.500 KR.**

FJÖLMARGIR AÐRIR SPENNANDI TÓNLEIKAR

Aðventubarokk, HITCHCOCK, HINDEMITH, RAGNHEIÐUR GRÖNDAL, EIVÖR PÁLSDÓTTIR, *War of the Worlds*, *Requiem MOZARTS* og margt fleira!

VERÐ Á STAKA TÓNLEIKA FRÁ **2.500 KR.**



Nánari upplýsingar um starfsár SINFÓNÍUHLJÓMSVEITAR ÍSLANDS 2005-6 eru á www.sinfonia.is. Enn ítarlegri upplýsingar eru í veglegri bók um starfsárið sem allir geta fengið að kostnaðarlausu.



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

SÍMI 545 2500 :: WWW.SINFONIA.IS





KJÖRKASSINN

Á að leyfa varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli að fara burt?

Niðurstöður gærdagsins á visir.is

Já	63,3%
Nei	36,7%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Vilt þú að einkarekin sjúkrahús taki til starfa?

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun



Japanar kjósa nýtt þing í dag.:

Koizumi spáð sigri

JAPAN Samkvæmt skoðanakönnunum sem birtar voru í þremur japönskum dagblöðum hefur flokkur Junichiro Koizumis forsætisráðherra, Frjálslyndi lýðræðisflokkurinn LDP, um tuttugu prósentustiga forskot á helsta keppinautinn, Lýðræðisflokk Japans (DPJ). Þingkosningar fara fram í Japan í dag.

Samkvæmt spá dagblaðsins Asahi Shimbun mun LDP fá að minnsta kosti 241 þingsæti og þar

Fjöldi sæta á Japansþingi: 480
Síðastliðið kjörtímabil var stjórnarflokkurinn LDP með 249 sæti en missti 37 úr þingflokknum vegna deilu um einkavæðingu póstsins. Samstarfsflokkurinn Nýi Komeito var með 34 sæti.

með skýran meirihluta, ef þingstjorkur stjórnarsamstarfsflokksins er talinn með.

Koizumi forsætisráðherra sagðist finna fyrir „góðum viðbrögðum“ kjósenda, að því er greint er frá á fréttavef BBC.

Koizumi lítur á kosningarnar nú sem eins konar þjóðaratkvæðagreiðslu um efnahagsumbótaáætlun sína, sem uppreisnarmenn í hans eigin flokki hindruðu að næði fram að ganga. Þeir felldu áform stjórnarinnar um einkavæðingu póstþjónustunnar en við þessu liðhlaupi úr stjórnarliðinu brást Koizumi með því að rjúfa þing og boða til nýrra kosninga.



TÓKYÓ Í KOSNINGAHAM Lögreglumaður stendur vörð við höfuðstöðvar stjórnarflokksins LDP í Tókýó í gær.



BUSH VIÐ ORÐUVEITINGU George W. Bush og Laura eiginkona hans við athöfn til að heiðra hjálparstarfsmenn 11. september 2001.

Frammistaða Bandaríkjaforseta:

Aldrei óvinsælli

BANDARÍKIN, AP Einungis 39 prósent Bandaríkjamanna eru sátt við frammistöðu George W. Bush sem forseta samkvæmt nýrri skoðanakönnun Ipsos fyrir AP-fréttastofuna. Er þetta í fyrsta skipti sem innan við fjórutíu prósent landsmanna eru sátt við frammistöðu hans í könnunum fyrirtekisins.

52 prósent segjast óánægð með frammistöðu forsetans. 65 prósent aðspurðra segja landið á rangri leið og hefur þeim fjölgað talsvert milli mánaða.

EVROPA

ÁFRAM Í ÍRAK Ítalíustjórn kallar hermenn sína í Írak ekki heim á næstunni, sagði Silvio Berlusconi forsætisráðherra. Hann sagði Ítalíu ekki lengur smáríki sem tæki þátt í stríði og hlypist á brott áður en verkefninu væri lokið. Í júlí gaf hann til kynna að hermennirnir kæmu heim í september.

ÞÚSUNDIR MÓTMÆLTU Um 3.000 manns mótmæltu ræðu Costas Caramanlis forsætisráðherra á viðskiptaráðstefnu í grísku borginni Þessalóníku. Fólkið er ósátt við stefnu ríkisstjórnarinnar í atvinnumálum.

LÖGREGLUMAÐUR SÆRÐIST Serbneskur lögreglumaður særðist þegar skotið var á bil sem hann og félagar hans ferðuðust með í Kosovo. Þetta er önnur árásin á Serba í Kosovo á tveimur vikum. Í fyrri skiptið létust tvö ungmenni og tvö særðust í skotárás.

Átti að úrskurða fyrir sjö mánuðum

Frestur umhverfisráðherra til að fella úrskurð vegna þriggja kæra á úrskurð Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum Sundabrautar átti að renna út í febrúar. Viðamikið og óvenjulega flókið mál segir aðstoðarmaður ráðherra.

SAMGÖNGUMÁL Ákvörðun um legu Sundabrautar bíður nú úrskurðar umhverfisráðherra vegna þriggja kæra sem bárust vegna úrskurðar Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum. Á borgarstjórnarfundum í janúar kom fram í máli Steinunnar Valdísar Óskarsdóttur borgarstjóra að frestur umhverfisráðherra til að fella úrskurð rynni út í febrúar.

Ekki náðist í Sigríði Önnu Þórðardóttur umhverfisráðherra þar sem hún er erlendis í frí. Haraldur Johannessen, aðstoðarmaður ráðherra, segir að óljóst sé hvenær úrskurðar sé að vænta en farið sé að styttest í hann. „Þetta er viðamikið og óvenjulega flókið mál,“ sagði Haraldur.

Ef umhverfisráðherra samþykkir innri leið Sundabrautar verður aðalskipulagi Reykjavíkurborgar breytt í samræmi við ákvörðunina. Ytri leiðin, sem Reykjavíkurlistinn hafði hingað til talað fyrir, byggir á hábrú yfir sundin sem myndi kosta tæpa tíu milljarða og var reiknað með tíu prósentu hagkvæmni. Innri leiðin, sem nú er stefnt að því að fara, kostar um átta milljarða. Tvær innri leiðir eru mögulegar. Annars vegar eyjaleið, sem Vegagerðin hefur lagt áherslu á, hins vegar lágreist brú yfir Kleppsvík. Skipulagsstofnun komst að þeirri niðurstöðu að brúarleiðin væri vænlegasti kosturinn fyrir lagningu Sundabrautar.

Dagur B. Eggertsson, formaður skipulagsráðs, segir að



INNRI LEIÐ SUNDABRAUTAR Skipulagsstofnun mælir með lágreistri brú, en vegurinn mun líklega liggja vestar í hamarinn Grafarvogsmegin en hér er sýnt.

þó svo að hábrú sé ekki lengur helsti kostur Reykjavíkurlistans sé ekki útilokað að haganlega hönnuð brú yfir Kleppsvík verði borgarþrói. Brúin mun þó líklega liggja vestar í hamarinn en núverandi tillaga segir til um. „Þá þarf að skoða stokklausnir í Vogahverfi, þannig að hverfið geti endurheimt samband sitt við Elliðaavog.“ Í því sambandi segir Dagur að fyrir liggja stækkun Bryggjuhverfisins og

uppbygging íbúðarbyggðar í Súðavogi og Dugguvogi.

Með ákvörðun ríkisstjórnarinnar að átta milljörðum verði varið í Sundabraut á árunum 2007 til 2010 verður árið 2007 hægt að hefja framkvæmdir við brautina yfir í Grafarvog. Seinni hluti brautarinnar, um Álfnes upp á Kjalarnes, verður framkvæmdur með tilstilli einkaframkvæmdar.

svanborg@frettabladid.is

STAFRÆNAR MYNDAVÉLAR

Vinsælt og hagnýtt 3ja kvölda námskeið um öll helstu grundvallaratriði stafræna myndavéla og meðferð stafræna mynda í tölvu.

- Stillingar stafræna myndavéla
- Stærðir og upplausn mynda
- Myndir færðar yfir í tölvu
- Skipulag myndasafns í tölvu
- Heimaprentun / framköllun
- Myndir skrifaðar á CD/DVD
- Frágangur mynda í tölvupósti
- Grundvallarlagfæringar
- Vinsælt, ókeypis myndvinnsluforrit á Netinu tekið fyrir



Verð: kr. 15.000, (Innifalinn er ný kennslubók á íslensku).

Næsta námskeið hefst 13. september



TÖLVUSKÓLINN
PEKING

Faxafn 10 • 108 Reykjavík • Sími: 544 2210 • www.tsk.is • skoli@tsk.is

Rússar vona að samkomulag við Þjóðverja verði til að auka gasútflutning:

Ný gasleiðsla um Eystrasalt

ÞÝSKALAND, AP Gerhard Schröder, kanslari Þýskalands, og Vladímír Pútín Rússlandsforseti hafa hand-salað samning um að lögð verði jarðgasleiðsla beint frá Rússlandi til Þýskalands, frá Viborg við botn Finnka flóa, 1.200 kílómetra eftir botni Eystrasalts til norður-þýsku borgarinnar Greifswald.

Með samningnum vonast Rússar til að auka gasútflutning sinn og Þjóðverjar til að tryggja sér öruggan aðgang að orku til fram-búðar.

Samningurinn er líka öðrum þræði afurð góðra tengsla leiðtoga-anna tveggja og eindregins vilja þeirra til að ganga frá málinu fyrir þingkosningarnar í Þýskalandi hinn 18. þessa mánaðar, en fastlega er búist við því að þá verði stjórnarskipti í Berlín.

Pólverjar eru ósáttir við samninginn því þeir hafa hingað til haft



SEMJA UM JARÐGAS Pútín og Schröder stinga saman nefjum í Berlín í gær.

tekjur af því að gas- og olíuleiðslur frá Rússlandi til Vestur-Evrópu liggja um Pólland.

Samkvæmt samningnum mun nýja gasleiðslan verða að 51 pró-

senti í eigu rússneska ríkisfyrirtækisins Gazprom en hin 49 prósentin skiptast jafnt á milli þýsku fyrirtækjanna E.ON og BASF. Bjóða á verkið út árið 2010.

- aa

SONY®



512MB minniskort með á 995,-



512MB Sony minniskort á 995,- með þessari vél!
Rétt verð 10.950,-

DSC-W17
Stafræn myndavél
· 3x aðdráttur um linsu
· Carl Zeiss linsa
· 7,1 megapíxlar
49.950 krónur



512MB Sony minniskort á 995,- með þessari vél!
Rétt verð 10.950,-

DSC-S90
Stafræn myndavél
· 3x aðdráttur um linsu
· Carl Zeiss linsa
· 4 megapíxlar
35.950 krónur



512MB Sony minniskort á 995,- með þessari vél!
Rétt verð 10.950,-

DSC-H1
Stafræn myndavél
· 12x aðdráttur um linsu
· Hristivörn
· 5,1 megapíxlar
52.950 krónur
(highly recommended www.dpreview.com)



512MB Sony minniskort á 995,- með þessari vél!
Rétt verð 10.950,-

DSC-V3
Stafræn myndavél
· 4x aðdráttur um linsu
· Carl Zeiss linsa
· 7,1 megapíxlar
72.950 krónur



512MB Sony minniskort á 995,- með þessari vél!
Rétt verð 10.950,-

DSC-P200
Stafræn myndavél
· 3x aðdráttur um linsu
· Carl Zeiss linsa
· 7,1 megapíxlar
42.950 krónur



512MB Sony minniskort á 995,- með þessari vél!
Rétt verð 10.950,-

DSC-T7
Stafræn myndavél
· 3x aðdráttur um linsu
· Carl Zeiss linsa
· 5 megapíxlar
51.950 krónur

like.no.other™

Sony Center Kringlunni
588-7669 / 588-SONY
www.sonycenter.is

Sony Center



VEISTU SVARID?

- 1 Hvað eru nýju Fáskrúðsfjardargöngin löng?
- 2 Hvað heitir formaður Læknafélags Íslands?
- 3 Hvað heitir borgarstjórinn í New Orleans?

SVÖRIN ERU Á BLS. 38

Hosni Mubarak vann fyrstu opnu kosningarnar með yfirburðum:

Mikilvægt skref fyrir lýðræðið

EGYPTALAND, AP Hosni Mubarak, forseti Egyptalands, sigraði með yfirburðum í fyrstu forsetakosningum landsins þar sem kjósendur máttu velja á milli tveggja eða fleiri frambjóðenda. Mubarak fékk 88,6 prósent atkvæða en næstflest atkvæði fékk Ayman Nour, 7,3 prósent.

Kjörsókn var lítil, innan við fjórðungur þeirra 32 milljóna Egyppta sem höfðu kosningarétt sá ástæðu til að mæta á kjörstað. Þrátt fyrir þetta fagna stjórnmálaskýrendur kosningunum sem framfaraskrefi fyrir lýðræðisvæðingu í Egyptalandi. Kosningarnar eru þær fyrstu í aldarfjórðungs valdatíð Mubarak þar sem mótframboð er

leyfilegt. Áður völdu þingmenn einn frambjóðanda sem kjósendur gátu greitt atkvæði sitt eða hafnað. Sá frambjóðandi var alltaf Hosni Mubarak.

„23 prósent kjörsókn var skref í rétta átt, í ljósi þess að einungis þrjú alvöru frambjóðendur voru í boði og kosningabaráttan stutt,“ sagði stjórnmálaskýrandinn Diaa Rashwan. „Almennt treysta Egypatar ekki stjórnmálaferlinu og nú var í fyrsta sinn þörf fyrir þá að kjósa.“

Amr el-Choubaki fagnaði því að dómarnar hefðu fylgst með kosningunum og því tryggt að kjörsókn væri rétt skráð, en hún hefur löngum verið ofmetin. ■



LESID UM SIGUR MUBARAKS

Furðu lostnir borgarbúar:

Beinagrindur úr pappír

VENESÚELA, AP Pappírsbeinagrindur sem blöstu við íbúum Caracas, höfuðborgar Venesúela, þegar þeir vöknudu fyrir í vikunni valda borgarbúum furðu. Landsmenn hafa búið við blóðug mótmæli og ásakanir um samsæri gegn stjórnvöldum en beinagrindurnar, með árituð slagorð gegn stjórnvöldum, eru ólíkar öllu því sem landsmenn hafa áður kynnst.

Borgarstarfsmenn fjarlægðu beinagrindurnar í vikunni, klæddir eiturefnabúningum, þar sem grunur lék á að þær væru eitradar. Tveir lögreglumenn veiktust eftir að hafa snert umslag sem fannst á einni beinagrindinni.

Alltaf hagstætt



14 stöðvar!
www.ob.is

MID-AUSTURLÖND VERÐUR EKKI FANGELSI

Gaza verður ekki fangelsi fyrir Palestínumenn þar sem þeir geta sig vart hreyft, sagði Shimon Peres, varaforsetisráðherra Ísraels, í útvarpsviðtali. Hann sagði að Palestínumenn fengju að ferðast innan svæðisins og út fyrir það að því gefnu að öryggismál væru tryggð.

SEXTUGASTA AFTAKAN

Karlsaður var hálshöggvinn í bænum Arar í norðurhluta Sáði-Arabíu fyrir að stinga mann til bana. Maðurinn er sá sextugasti sem tekinn er af lífi í Sáði-Arabíu í ár. 35 voru teknir af lífi í fyrra og 52 árið áður.

LÖGREGLUFRETTIR

FIMM MEÐ FÍKNIEFNI
Lögreglan á Akureyri færði fimm menn í yfirheyrslur á föstudagskvöldið fyrir að vera með kannabísefni í fórum sínum. Einn ökumaður var stöðvaður á Akureyri aðfaranótt laugardags fyrir ölvunarakstur.



CARL I. HAGEN FORMAÐUR FRAMFARAFLOKKSINS Stuðningur eða hlutleysi Hagens og Framfaraflokksins ræður úrslitum um það hvort unnt verður að mynda hægri-stjórn eftir kosningar.

Fylgi smáflokka ræður úrslitum

Carl I. Hagen og Framfaraflokkur hans hafa langmesta fylgið á hægri væng norskra stjórnmála. Stuðningur hans eða hlutleysi ræður örlögum hægri-stjórnar Bondeviks.



**Norsku
ÞINGKOSNINGARNAR**

STJÓRNMÁL Enn ein fylgiskönnunin fyrir norsku þingkosningarnar á mánudag bendir til þess að borgaraflokkarnir hafi möguleika á að halda áfram um stjórnartaumana með stuðningi eða hlutleysi Framfaraflokksins.

Rauðgrænt bandalag Verkamannaflokksins, Sósíalíska vinstriflokksins og Miðflokksins fengi samanlagt 81 þingsæti á norska Stórþinginu en stjórnarflokkarnir ásamt Framfaraflokknum fengu 85 þingsæti.

Framfaraflokkur Carls. I. Hagen mælist með 21,2 prósentu fylgi og fengi 37 þingsæti sem eru langtum fleiri þingsæti en Hægri-flokkurinn fengi samkvæmt könnun InFact.

Mestu munar um aukið fylgi Vinstriflokksins, frjálslynds flokks hægra megin miðjunnar. Hann hefur aðeins tvö þingsæti en gæti fengið allt að tíu þingsæti miðað við nýjustu kannanir. Þetta má rekja til kosningakerfisins en flokkar, sem ná fjögurra prósentu

fylgi, eiga einir rétt á uppþótarþingsætum.

Fylgisaukning Vinstriflokksins er einna mest í Osló og mælist flokkurinn þar með hartnær tíu prósentu fylgi. Ef þetta verður niðurstaðan í stórþingskosningunum á mánudag er líklegt að það dugi Vinstriflokknum til að krækja í uppþótarþingsætin, jafnvel þótt flokkurinn nái ekki tilskyldu marki í öðrum kjördæmum.

Hugsanlegt er að smáflokkar á borð við Strandbyggðaflokk Steinars Bastesens nái manni á þing og sömuleiðis Rauða kosningabandalagið. Jens Stoltenberg, formaður Verkamannaflokksins, hefur lagt áherslu á að færa Norðmönnum meirihlutastjórn en Kjell Magne Bondevik hefur stýrt minnihlutastjórn með hlutleysi Framfaraflokksins. Þingsæti smáflokkanna gætu orðið til þess að meta þurfi stöðuna á stórþinginu upp á nýtt, en til þessa hefur Stoltenberg og rauðgræna bandalaginu ekki þótt fýsilegt að þurfa að stöðjast við fylgi smáflokkanna tveggja.

johannh@frettabladid.is

	Kosningar 2001	Könnun InFact	Þingsæti 2001	Þingsæti InFact
Verkamannaflokkurinn	24,3%	29,1%	43	50
Hægri-flokkurinn	14,6%	21,2%	26	37
Framfaraflokkurinn	21,2%	14,9%	38	26
Sósíalíski vinstriflokkurinn	12,5%	11,9%	23	22
Kristilegi þjóðarflokkurinn	12,4%	7,5%	22	13
Miðflokkurinn	5,6%	5,4%	10	9
Vinstri	3,9%	5,0%	2	9

Styrkveitingar iðnaðarráðuneytis undir merkjum Átaks til atvinnusköpunar



Átak til atvinnusköpunar veitir styrki til tvennskonar verkefna:

- Smærri verkefna og verkefna sem eru á forstigi nýsköpunar og falla ekki undir verksvið annarra sem veita sambærilega fyrirgreiðslu.
- Verkefna sem eru skilgreind sem sérstök átaksverkefni ráðuneytisins og ætlað er að hafa víðtæk áhrif en eru ekki bundin við afmarkað verk, einstakling eða fyrirtæki.

Umsóknir og fylgigögn

Allar umsóknir skulu færðar á þar til gerð umsóknareyðublöð. Þar skal eftirfarandi koma fram:

- Nafn, kennitala, heimilisfang umsækjanda og samstarfsaðilar.
- Markmið verkefnisins.
- Lýsing á verkefninu, greining á nýnæmi þess og áætlaður árangur (afurð).
- Styrkir og önnur fyrirgreiðsla sem áður hefur verið veitt til verkefnisins.
- Kostnaðaráætlun og tímaáætlun fyrir verkefnið í heild og einstaka áfanga þess og yfirlit um fjármögnun, þ.m.t. hvort sótt er um fjármögnun frá öðrum.
- Áætlanir um sölu eða markaðssetningu.

Styrkir geta að hámarki numið 50% af heildarkostnaði verkefnisins. Ekki eru veittir styrkir til fjárfestinga.

Upplýsingar og umsóknareyðublöð fást hjá Impru í s. 570 7267, hjá si@iti.is og á www.impra.is. Umsóknarfrestur er til 26. september 2005.

Umsóknum skal skilað til:

Impra - nýsköpunarmiðstöð,
Iðntæknistofnun, Keldnaholti, 112 Reykjavík,
merkt Átak til atvinnusköpunar
eða á netfangið atak@iti.is



impra nýsköpunarmiðstöð
Iðntæknistofnun

Úrval af húsgögnum á vaxtalausum kjörum

Eingöngu fánlegt í Hagkaupum Smáralind og á markaði Hagkaupa Óseyri 1 Akureyri



Borðstofusett
hvíttuð eik
borð + 4 stólar
verð frá

Vaxtalaust tilboð
aðeins
6.686
á mán. í 10 mánuði
Verð 66.860,-



Borðstofusett
kirsuberjaviður
borð + 4 stólar
verð frá

Vaxtalaust tilboð
aðeins
7.686
á mán. í 10 mánuði
Verð 76.860,-



Borðstofusett
mahony
borð + 4 stólar
verð frá

Vaxtalaust tilboð
aðeins
7.586
á mán. í 10 mánuði
Verð 75.860,-



Borð Bedford
gegnheil eik
180X60X75

Vaxtalaust tilboð
aðeins
5.990
á mán. í 10 mánuði
Verð 59.900,-

Úrval af borðstofustólum verð frá 6.990.-



Vaxtalaust tilboð
aðeins
5.999
á mán. í 10 mánuði
Verð 59.990,-

Skápur 2646
gegnheil eik
147x45x94.5



Vaxtalaust tilboð
aðeins
6.999
á mán. í 10 mánuði
Verð 69.990,-

Borð 2804
gegnheil eik
182x91x78



Vaxtalaust tilboð
aðeins
3.999
á mán. í 10 mánuði
Verð 39.990,-

Kommóða 2690
gegnheil eik
102x45x110



Vaxtalaust tilboð
aðeins
2.999
á mán. í 10 mánuði
Verð 29.990,-

Borð 2654
gegnheil eik
127x39.5x95



Vaxtalaust tilboð
aðeins
2.999
á mán. í 10 mánuði
Verð 29.990,-

Borð 2703
gegnheil eik
120x70x48



Vaxtalaust tilboð
aðeins
1.499
á mán. í 10 mánuði
Verð 14.990,-

Borð 2640
gegnheil eik
48.5x48.5 X70

Gildir á meðan birgðir endast.

*Stimpil-, seðil- og lántökugjald ekki innifalið.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

skoðun

**SJÓNARMÍÐ
GUÐMUNDUR MAGNÚSSON**

Almenningur þarf að eiga gríðastað frá skarkala miðborgarinnar.

Skemmum ekki Tjarnargarðinn

Við fyrstu sýn virtist hugmyndin um veitingahús í Tjarnargarðinum gamla í hjarta Reykjavíkur skemmtileg. Þetta er elsti almenningsgarður borgarinnar sem forðum daga dró til sín mannfjölda, ekki síst á falletum sumardögum. Nú er þar sjaldan mannmargt og hluti garðsins jafnvel í hreinni órækt. Gæti ekki veitingahús gert garðinn á ný að eftirsóttum sælureit?

Við nokkra umhugsun eru þeir annmarkar á hugmyndinni að ástæða er til að leggja gegn því að henni verði hrint í framkvæmd. Í því sambandi skal vísað til tveggja nýlegra blaðagreina þar sem leidd eru að því sannfærandi rök að Tjarnargarðurinn – eða Hljómskálagarðurinn eins og hann er nú yfirleitt kallaður – eigi að fá að vera í friði.

Meginröksemd Álfheiðar Ingadóttur og Jóns Torfasonar til varnar Tjarnargarðinum er sú, að hann sé nú nánast eini græni gríðastaðurinn í miðborg Reykjavíkur. Almennigur eigi að geta leitað þangað frá skarkalanum og sölubúðunum og notið gróðurs og dýralífs. Eðlisbreyting yrði á garðinum ef þar yrði hafinn veitingarekstur.

Á hugmyndinni eru í fyrsta lagi ýmsir skipulagslegir gallar eins og Álfheiður Ingadóttir líffræðingur og fyrrverandi borgarfulltrúi bendir á í Morgunblaðinu 19. ágúst. Kaffihús og úti-veitingapallur, eins og gert er ráð fyrir, krefjast aðkomu „sendibíla með vörur, öskubíla að sækja úrgang, bílastæða fyrir gesti og starfsfólk“. Garðurinn yrði aldrei samur eftir framkvæmdir til að greiða fyrir slíkri aðkomu.

Ekki skiptir síðan minna máli sú ábending Jóns Torfasonar skjalavarðar í Morgunblaðinu á fimmtudaginn að veitingahús raskar þeirri friðsæld sem er aðalmerki almenningsgarða um allan heim. Nefnir hann í því sambandi fræga garða erlendra stórborga, Central Park í New York, Hyde Park í Lundúnum og Rósinborgargarðinn í Kaupmannahöfn. „Þessir blettir, sem eru margfalt verðmætari í fermetrum talið en þessir litlu 2-3 hektarar í Hljómskálagarðinum, hafa þó fengið að vera að mestu leyti í friði fyrir graftólum og steinsteypu,“ skrifar Jón.

Meginröksemd Álfheiðar Ingadóttur og Jóns Torfasonar til varnar Tjarnargarðinum er sú, að hann sé nú nánast eini græni gríðastaðurinn í miðborg Reykjavíkur. Almennigur eigi að geta leitað þangað frá skarkalanum og sölubúðunum og notið gróðurs og dýralífs. Eðlisbreyting yrði á garðinum ef þar yrði hafinn veitingarekstur.

Í næsta nágrenni við Tjarnargarðinn er fjöldi veitingahúsa. Þeir sem verða þyrstir eða svangir í garðinum þurfa því ekki að örvænta. Ekkert er frá neinum tekið þó garðurinn fái að vera í friði. Hinir sem kjósa að eiga þar athvarf frá ysi og þysi borgarlífsins mundu hins vegar glata verðmætum viðkomustað ef ráðist yrði í framkvæmdirnar. Vonandi verða kappsemi og ógrundaðar hugdettur, sem gjarnan fylgja prófkjörum og kosningabaráttu, ekki til þess að við glötum þessum sælureit gömlu Reykjavíkur.

**2 fyrir 1 til
Ítalíu**

22. september frá kr. 19.990

Síðustu sætin

19.990

Flugsæti báðar leiðir með sköttum. 2 fyrir 1 tilboð, 22. september. Netverð á mann.

Heimsferðir bjóða frábært tilboð á síðustu sætum til Bologna á Ítalíu þann 22. september. Nú er tækifæri til að leggja Ítalíu að fótum sér.



Skógarhlíð 18 • sími 595 1000 • Akureyri
sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

FRÁ DEGI TIL DAGS

Ekki frétt

„Ekki frétt vikunnar snýst um að Gísli Marteinn hafi ekki lokið prófi í stjórnmálafræði þótt hann hafi einhvern tímann ætlað það. Ef þetta er það eina sem þeir hafa á pilt þá sýnist mér að andstæðingar hans hafi úr ansi litlu að móða,“ segir Eiríkur Bergmann Einarsson stjórnmálafræðingur í Samfylkingunni á vefsíðu sinni. Kannski er nokkuð til í þessu, en óneitanlega er það samt klaufalegt að hafa ekki leiðrétt þetta fyrir löngu.

Prófskríteiníð, takk!

Magnús Þór Hafsteinsson, alþingismaður Frjálslyndra, tekur annan pól í hæðina í umræðum um þetta efni. Hann er stoltur af sinni fiskifræðimenntun og vill að þingmenn leggi fram staðfest

afrit af prófskríteinum áður en æviágrip þeirra er birt opinberlega. Hann segir að það sé „mjög alvarlegt mál þegar stjórnmálamenn og aðrir reyna að láta í veðri vaka að þeir hafi meiri menntun en raun er“. Og bætir við: „Þetta er mjög ósannjarnt gagnvart þeim fjölmörgu sem lagt hafa á sig ómældar fórnir til að afla sér menntunar, og í raun lítilsvirðing við það fólk. Þetta grefur undan menntakerfinu og tiltrú fólks á það. Til hvers á fólk að vera að mennta sig ef það sýnir sig svo að lukkuriddarar komast upp með að slá um sig og komast áfram með meira eða minna uppdiptaða námsferla?“ Magnús birtir síðan öll prófskrítein sín á heimasíðu sinni á netinu.

Ekki í Afríku

Svanfríður Jónasdóttir, fyrrverandi alþingismaður, leggur orð í belg um brottför Davíðs Oddssonar úr stjórnmálum í Seðlabankann á vefsíðu sinni: „Svona lagað gerist ekki einu sinni í Afríku“ hefur hún eftir vini sínum. „Er nema furða að fréttamenn leggi banaana að þinghúsinu þó það hafi verið gert af tilefni annarrar ráðningar. Stundum velti ég því fyrir mér hvort við séum orðin svona samdauna, öll þjóðin eða hvað, en það heyrir vart hósti, hvað þá stuna, þó stjórnarflokkarnir misbeiti valdi og raði inn í embætti og stöður. Þannig hefur það verið en einhvern veginn er maður alltaf að bíða eftir að við verðum alvöru.“

gm@frettabladid.is



Á BÁTÍ Á GÖTUM NEW ORLEANS-BORGAR Á blaðsíðum New York Times þessa dagana fer fram umræða um það hvernig skuli endurbyggja New Orleans-borg þannig að íbúar hennar þurfi ekki aftur að upplifa svipaðar hörmungar og á dögnum þegar fellibylurinn Katrín gekk þar yfir.

Hækkum yfirborð borgarinnar

UMRÆÐAN



HENRY PETROSKI
PRÓFESSOR Í VERKFRÆÐI VIÐ DUKE-HÁSKÓLA Í BANDARÍKJUNUM.

Fellibyljir eru eitt af einkennum náttúrunnar við Mexíkóflóa og jafnvel enn rammgerari stíflugarðar en þeir sem brustu í New Orleans munu ekki gera borgina örugga. Sem betur fer eru stíflugarðar ekki eina lausnin.

Einn kostur er að hækka lágreista hluta borgarinnar, líft og gert var í Galveston í Texas árið 1900 eftir að bylgja ofsaverða hafði gengið þar yfir og valdið dauða í það minnsta sex þúsund íbúa borgarinnar. Til að koma í veg fyrir að hörmungarnar endurtækju sig hönnuðu verkfræðingar stóran stíflugarð við ströndina til varnar ágangi sjávar og hækkuðu borgina bak við stíflugarðinn um allt að rúma fimm metra. Húsunum í borginni var komið fyrir á stólpum meðan sandi var dælt undir þau til að hækka þau.

Svipaða sögu er að segja frá Chicago á nítjándu öld því þegar borgin þurfti á nýju holræsakerfi að halda var nýju skolpleiðslunum komið fyrir ofanjarðar, á götunum, og voru þær svo huldar með allt að þriggja metra háu lagi af jarðvegi. Byggingarnar voru svo hækkaðar upp í samræmi við jarðvegsmagnið. Fárviðrin sem á eftir fylgdu skildu hins vegar eft-

ir sig mikinn vatnsflaum sem rak skolp frá borginni með straumi sínum út í Chicago-ána sem rann út í Michigan-vatn en þaðan fengu borgarbúar drykkjarvatn sitt. Á endanum breyttu verkfræðingar farvegi árinna þannig að skolpið rann ekki lengur út í Michigan-vatn.

Það er ólíklegt að einhver beri fram þá tillögu að farvegi Mississippi-árinna verði breytt til þess að vernda New Orleans eftir að borgin hefur verið endurbyggð, en dæmin frá Galveston og Chicago vitna um að raunhæft er að hækka borgina upp fyrir yfirborð árinna, eða í það minnsta upp fyrir yfirborð Portchartrain-vatnsins.

Jarðhækkun upp úr vatni hefur verið reynd annars staðar. Á síðari hluta fjórða áratugar tuttugustu aldarinnar var Fjársjóðseyja (Treasure Island) búin til úr efni sem mokað var upp úr botni San Francisco-flóa. Hálfri öld síðar bjuggu Japanir til eyju undan strönd Osaka sem var nógu stór til að bera Kansai-álþjóðaflugvöllinn. Flugstöðvarbyggingin, sem var um míla að lengd, var hönnuð á þann hátt að hún hækkaði í áföngum eftir því sem hið nýja undirlag hennar settist til og þéttist. Öll vandamál er tengjast landsígi í New Orleans má glíma við á svipaðan hátt.

Eins bugandi og það kann að hljóma að ætla að hækka yfirborð stórborgar hafa slíkar aðgerðir borið árangur áður. Gríðarlega miklið magn jarðefna var tekið upp úr jörðu og því komið fyrir annars staðar þegar

Panamaskurðurinn var byggður, verk sem ekki var unnið með tæknilegri búnaði en gufuknúnum skurðgröfum. Með nútímatækni er því sannarlega hægt að hækka yfirborð New Orleans.

Jarðhækkun er auðvitað ekki eini verkfræðilegi valmöguleikinn annar en stíflugarðar. Thames-árhindrunin á Englandi kemur stórum hliðum fyrir á réttum stöðum þegar búist er við ofsaverði og ver hún þannig Lundúni fyrir flóðum.

Hollendingar hafa byggt gríðarstóra færanlega tálma í landi sínu til að koma í veg fyrir flóð. Í landinu, sem liggur víðast mjög lágt yfir sjávarmáli, eru meira en sextán þúsund kílómetrar af skurðum og öðrum flóðahindrunum og hafa Hollendingar verið að leita leiða til að hækka land sitt. Ein þeirra leiða sem þeir hafa verið að skoða er að byggja hús sem geta flotið á vatni eins og húsbátar. Iðnaðarbyggingar geta verið hannaðar á sambærilegan hátt og setur lögmálið um flothæfni engin takmörk um hversu stórar slíkar byggingar geta verið.

Verkfræðingar eru reiðubúinir að finna þær leiðir sem til þarf til að endurbyggja New Orleans. Stærsta spurningin er sú hversu mikið stjórnmálamennirnir eru reiðubúinir að leggja til verksins. Sama hversu mikið af peningum það kostar að hækka yfirborð New Orleans-borgar eða vernda hana á annan hátt mun það hafa borgað sig er næsti mannskæði fellibylur skellur á. ■

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTODARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Amdís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinn Stefánsson AUGLÝSINGAR: Skafatilið 24, 105 Reykjavík AÐALSIÐI: 550 5000 SIMBRÉF Á FRÉTTABLAÐI: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFANG: vistir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðið er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Nýtt í Lyfju

Nicorette Freshmint 210 stk.

20% afsláttur í september



LÁTTU REYKLAUSA DRAUMINN RÆTAST

AFSLÁTTURINN GILDIR AF FRESHMINT 210 STK. 2 MG og 4 MG.

- + **Nicorette nikótínlyf** eru fánleg án lyfseðils og eru notuð þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr reykingum. Til að ná sem bestum árangri skal ávallt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt, hvort hætta á reykingum eða draga úr þeim. Því ber að kynna sér upplýsingar um notkun í fylgiseðli. Í fylgiseðlinum eru upplýsingar um: verkun og notkun, varúðarreglur, mikilvægar upplýsingar sem nauðsynlegt er að lesa áður en lyfin eru notuð, hugsanlegar aukaverkanir og aðrar upplýsingar. Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarleg hjartsláttarglöp eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf. Börn yngri en 15 ára, þungaðar konur og konur með barn á brjósti eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf nema að ráði læknis. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.

viðskipti

vidskipti@frettabladid.is nánar á visir.is

„Aðalmálið er að framleiða vöru og þjónustu með mjög miklum gæðum og virðisauka sem geti staðið undir miklum launakostnaði. Þá er átt við dýrari vörur, sem eru um fimmtán prósent hærri en heimsmarkaðsverð í vörflokknum. Mjög hátt hlutfall af framleiðslu Dana, Svía og Finna eru slíkar hágæðavörur.“

Velferð Norðurlanda er ekkert lögmál

Líkur eru á því að Evrópa verði í aukahlutverki á komandi áratugum í hagkerfi heimsins. Norðurlöndin verða að bæta starfsumhverfi atvinnulífsins og efla menntun fólks enn frekar ef takast á að tryggja velferð þjóðanna til framtíðar.

Norðurlöndin standa frammi fyrir áskorunum vegna hnattvæðingarinnar, segja forsvarsmenn Samtaka atvinnulífsins. Þau þurfi að átta sig á veikleikum sínum, styrkleika og ekki síður sóknarfærnum en hættum sem felist í aukinni alþjóðlegri samkeppni frá fjarlægum heimshornum. Það sé ekkert sjálfgefið að velferð Norðurlandabúa haldist óbreytt um ókomna tíð. Til þess þurfi þjóðirnar að takast á við breytta heimsmýnd, óhræddar við að takast á við nauðsynlegar breytingar.

Stöðnun ríkt í Evrópu

Í skýrslu sem Samtök atvinnulífsins á Norðurlöndum hafa gert um stöðu landanna í alþjóð-

legri samkeppni segir að stöðnun hafi ríkt í atvinnulífi Evrópu og hagvöxtur verið takmarkaður. Norðurlöndin hafi náð góðum árangri þrátt fyrir háa skattheimtu og dýr bótakerfi. Þetta sé þó ekkert náttúrulegt lögmál. Samkeppni frá nýjum markaðssvæðum fari stöðugt vaxandi. Því er spáð að árið 2050 – eftir 45 ár – verði Kína orðið stærsta hagkerfi heims. Á eftir því koma Bandaríkin, Indland, Japan, Brasilía og Rússland. Líkur séu á því að Evrópa verði í aukahlutverki á komandi áratugum í hagkerfi heimsins ef fram heldur sem horfir.

Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, segir eina birtingarmynd þessa að fyrir-



HANNES G. SIGURÐSSON OG ARI EDWALD Markmiðið með gerð skýrslunnar sem Ari og Hannes vitna til var að finna uppskrift að því hvernig Norðurlöndin geti treyst og viðhaldið þeirri góðu stöðu sem þau búa við á heimsmarkaði. „Það er ekkert náttúrulegt lögmál að við höfum það svona gott,“ bendir Hannes á.

tæki á Norðurlöndum flytji út hluta af starfsemi sinni. Oft sé þetta sá hluti sem er vinnuafsfrekur og ódýrara að reka á þeim svæðum þar sem laun eru lægri. Það þurfi ekki að vera neikvætt ef vinnumarkaðurinn er sveigjanlegur og önnur störf, sem eru betur borguð og ofar í virðisæðjunni, verði til í staðinn á heimamarkaði. Erlendar fjárfestingar séu mikilvægar í þeirri umbreytingu. Þá þurfi fyrirtækjaskattar að vera hagstæðir sem og fjármagnstekjuskattur. Einnig verði að gera nýsköpun og rannsóknnum hátt undir höfði með samstarfi milli háskóla og atvinnulífs. Aukin menntun á öllum stigum sé æskileg. Alltaf þurfi að gera betur þó margt hafi batnað.

Framleiða hágæðavöru

„Aðalmálið er að framleiða vöru og þjónustu með mjög miklum gæðum og virðisauka sem geti staðið undir miklum launakostnaði. Þá er átt við dýrari vörur, sem eru um fimmtán prósent hærri en heimsmarkaðsverð í vörflokknum. Mjög hátt hlutfall af framleiðslu Dana, Svía og

Finna eru slíkar hágæðavörur,“ segir Hannes. Meðalvörur seljast á markaðsverði vörflokksins í heiminum en laggæðavörur eru undir meðalverði. Dæmi um hágæðavöru er ál, sem framleitt er á Íslandi, sem sé mun herra en skráð álverð á alþjóðlegum mörkuðum. Hins vegar sé þetta hlutfall lágt á Íslandi.

Ari Edwald, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, segir að skattar fyrirtækja séu ekkert einangrað fyrirbæri, sem slitid verði frá sköttum starfsmanna. Til þess að hafa úr góðu og hæfu starfsfólki að velja verði tekjuskattur að vera hagstæður. Samkeppnishæf laun séu í raun laun eftir skatt. Sé skattur hár verði fyrirtækin að bæta það upp með hærri launagreiðslum. Því skipti þetta einnig máli þegar samkeppnishæfni atvinnulífsins er skoðuð. Þetta geti ráðið því hvar svokölluð þekkingarfyrirtæki velja starfsstöðvum sínum staðsetningu.

Markmiðið með gerð skýrslunnar, sem Ari og Hannes vitna til, var að finna uppskrift að því hvernig Norðurlöndin geti treyst og viðhaldið þeirri góðu stöðu sem þau búa við á heimsmarkaði. „Það er ekkert náttúrulegt lögmál að við höfum það svona gott,“ bendir Hannes á.

Styrkur Íslands felst í sveigjanlegum vinnumarkaði og sam-

keppnishæfu skattaumhverfi samkvæmt skýrslunni. Hér sé skattur á fyrirtæki og fjármagnslágur og skattur á tekjur einstaklinga og eignir hefur farið lækkaandi. Hannes segir að það verði að vera hvati til að vinna til að

UPPSKRIFT AÐ VELGENGI NORÐURLANDA Á HEIMSVÍSU

Samtök atvinnurekenda á Norðurlöndum hafa lagt fram tillögur að bættu starfsumhverfi norrænna fyrirtækja til að styrkja samkeppnisstöðu landanna í sífellt harðnandi alþjóðlegri samkeppni.

- Skapa og viðhalda sveigjanlegum vinnumörkuðum.
- Skapa sterka hvatningu til að vinna og mennta sig.
- Skapa aðlaðandi skattaumhverfi fyrir fólk og fyrirtæki.
- Setja rannsóknir og þróunarstarf í forgang.
- Tryggja að laun verði í samræmi við framleiðni.
- Bæta umhverfi fyrir fjárfestingar og ný fyrirtæki.
- Leggja áherslu á framleiðslu vara ofar í virðisæðjunni.

viðhalda skilvirkni á vinnumarkaði. Lágir skattar séu mikilvægir í því sambandi. Menntun sé einnig mikilvæg til að sveigjanleiki sé til staðar og fólk færi sig á milli starfsgreina.

Forðast á dýrkeypt mistök

Það er skoðun forsvarsmanna SA að forðast verði dýrkeypt mistök og læra af reynslunni. Fela þurfi einkafyrirtækjum stærra hlutverk í velferðarþjónustunni þótt hún verði áfram greidd með skattfé. Hvetja þurfi fyrirtæki til að leggja aukid fjármagn í rannsóknir og þróun. Norðurlönd verði að einbeita sér að verðmætri hátækniframleiðslu og setja á fót rannsóknarstofnanir sem jafnist á við þær bestu í heiminum.

bjorgvin@frettabladid.is

DÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á **visir** VEFTV



HORFÐU EINSOG ÞÉR SÝNISTI!

Yfir 300 sjónvarpsþættir og kvikmyndir

í stafrænum gæðum á visir.is



Talstöðin
FM 90,9

Hafliði Helgason ritstjóri Markaðarins fjallar um ýmsa þætti viðskiptalífsins. Alla virka daga kl. 17:30

Kíktu á

www.hssr.is



Þú þarft ekki að hafa klifið **MT.EVEREST...**
KYNNING FYRIR NÝLÍÐA
Þriðjudaginn 13. sept kl. 20:00

Malarhöfða 6
110 Reykjavík
Sími 577-1212

HJÁLPARSVEIT SKÁTA Í REYKJAVÍK

Kaupin á Bonar kláruð

Endanleg kaupu Promens á Bonar Plastic fyrir um þrjú milljarða króna eru frágengin. Meðal viðskiptavina er Daimler Chrysler.

Kaup Promens, móðurfélags Sæplasts, á breska plastframleiðslufyrirtækinu Bonar Plastics eru endanlega frágengin og tók Promens formlega við rekstrinum 6. september síðastliðinn. Starfrækir samstæðan nú nítján verksmiðjur í tólf löndum, auk söluskrifstofa í Hong Kong, Kína og Víetnam. Kaupverð Bonar Plastics er

um þrjú milljarðar króna og var gengið frá greiðslum og undirritun síðustu skjala vegna kaupanna í vikunni, eftir að hluthafafundur í Low and Bonar á dögunum hafði lagt blessun sína yfir kaupsamninginn sem undirritaður var í júlí sl.

Með kaupnum er orðin til ein stærsta fyrirtækjasamsteypa í heiminum á sviði hverfissteyptra plasteininga með starfsemi bæði í Norður-Ameríku og Evrópu, með tilheyrandi samlegðaráhrifum. Meðal viðskiptavina félagsins eru fyrirtæki eins og DaimlerChrysler, Caterpillar, John Deere, Peugeot, Renault og Volvo. ■



MÆLARNIR MÆTA Á NÝ Sigurjón Árnason kynnti hitamæla efnahagslífsins á fundi Verslunarráðs fyrir hálfu ári. Síðan hefur Verslunarráðið breytt um nafn og heitir nú Viðskiptaráð Íslands. Fleira hefur sennilega breyst á þessum tíma og Sigurjón mun mæta á ný með hitamæla efnahagslífsins á fundi ráðsins á þriðjudagsmorgun. Þá mun einnig forvitnilegt að hlýða á mál Arnórs Sighvatssonar, aðalhafþæðings Seðlabankans og Vilhjálms Egilssonar, hagfræðings og ráðuneytisstjóra sjávarútvegsráðuneytisins.

Sjálfvirk hækkun opinberra útgjalda

Í skýrslunni kemur fram að Norðurlöndin hafi hannað velferðarkerfi sín þannig að bæði tekjutilfærslur hins opinbera og samneysla vaxi í sama hlutfalli og launatekjur. Það feli í sér að gjöld hins opinbera vaxa umfram tekjur ef ekkert er að gert. Taka ætti úr sambandi þær tengingar sem eru á milli opinberra útgjalda og vaxtar í einkageiranum að mati skýrsluhöfundna.

SAMNEYSLA SEM HLUTFALL AF LANDSFRAMLEIÐSLU 2003

Indland	11,8
Sviss	12,0
Kína	12,7
Mexíkó	12,7
Suður-Kórea	13,3
Bandaríkin	15,6
Írland	15,9
Grikkland	16,0
Japan	17,5
Rússland	17,5
Pólland	17,6
Spánn	17,9
Áusturríki	18,0
Nýja-Sjáland	18,1
Lúxembúrg	18,2
Pýskaland	19,2
Kanada	19,5
Ítalía	19,5
Slóvakía	20,8
Bretland	20,9
Portúgal	21,4
Finnland	22,3
Noregur	22,6
Belgía	22,7
Tékkland	24,2
Frakkland	24,3
Holland	25,4
Ísland	26,4
Danmörk	26,6
Svíþjóð	28,3

OECD	17,6
ESB15	20,9
Norðurlönd	25,40

Heimild: Skýrsla Samtaka atvinnurekenda á Norðurlöndum



ZARA SMÁRALIND Tískuverslanakeðjan ætlar að sækja inn á Noregsmarkað.

Zara sækir til Noregs

Spænska tískuverslanakeðjan Zara stefnir á stórsókn inn á Noregsmarkað að sögn Aftenposten. Fyrr í sumar opnaði Zara verslun við Bogstadveien í Osló og Inditex, eigandi vörumerkisins, leitar að fleiri heppilegum verslunarhúsum sem liggja miðsvæðis. Jesper Carvahlo Andersen, framkvæmdastjóri hjá Inditex, segir að keðjan leiti að 1.500 fermetra húsnæði og vilji gera langa óuppsegjanlega samninga við leigusala.

Einnig hafa eigendur Zara í hyggju að opna verslanir í Björgvin, Stafangri og Þrándheimi auk minni verslana í Ósló undir merkjum Massimo Dutti.

Yfir 2.400 verslanir eru reknar undir merkjum Zara í 57 löndum.

Hennes & Mauritz hefur haft sterka stöðu á norskum fatamarkaði en nú er ljóst að samkeppnin mun aukast.

- epa

Þróunarfélag | property development



Skrifstofuhúsnæði að Borgartúni 26 til leigu



norður

Að Borgartúni 26 mun rísa sérhannað 12.000 m² skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Bílageymslur verða undir húsinu og munu þær rúma um 200 bíla.

Húsnæðið verður á átta hæðum á þessum mikla útsýnisstað í hjarta helsta fjármálhverfis Reykjavíkur. Það verður sérhannað út frá þörfum leigutaka, með rúmgóðum skrifstofum í háum gæðaflokki.

Húsnæðið afhendist tilbúið til innréttinga í byrjun árs 2007.



vestur



suður



austur

Pyrrping hf, Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík

sími 594 4200
fax 594 4201
netfang thyrrping@thyrrping.is
vefslóð www.thyrrping.is

WILLIAM HÁGÆÐA BORDSTOFUHÚSGÖGN



KLASSÍSK HÖNNUN - ÞÝSK GÆÐI - ÓTRÚLEGT VERÐ!



Skápur með viðarhurðum

Breidd 112 sm
Hæð 141 sm
Dýpt 45 sm

Kr. 88.500



Skenkur með viðarhurðum

Breidd 165 sm
Hæð 86 sm
Dýpt 45 sm

Kr. 86.500



3ja dyra glerskápur

Breidd 165 sm
Hæð 203 sm
Dýpt 45 sm


Kr. 159.500



Glerskápur

Breidd 112 sm
Hæð 188 sm
Dýpt 45 sm

Kr. 99.500



2ja dyra glerskápur

Breidd 112 sm
Hæð 203 sm
Dýpt 45 sm


Kr. 112.500



Sjónvarpsskápur

Breidd 112 sm
Hæð 72 sm
Dýpt 53 sm


Kr. 39.500



Borðstofuborð með 2 x 45 sm stækkun

Breidd 180 sm
Hæð 75 sm
Dýpt 90 sm

Kr. 57.600



Borðstofuborð með 2 x 45 sm stækkun


Breidd 140 sm
Hæð 75 sm
Dýpt 90 sm

Kr. 47.500



Stóll

Kr. 15.600



Stóll með örmum

Kr. 18.600





Chateau d'Ax / MODEL: POLAR

STÓLL
(SÓFAEINING): KR. 81.900

STÓLL MEÐ
SNÚNINGSFÓT: KR. 123.500

HORN: KR. 126.100

KOLLUR: KR. 54.600

CHATEAU D'AX - ITALIA HÖNNUN - HÁGÆÐA LEÐUR



Chateau d'Ax / MODEL: MARTINS

3JA OG 2JA SÆTA:
KR. 447.800

Contempo / MODEL: 686



3+1+1: KR. 411.700 / 3JA SÆTA: KR. 189.800

Contempo / MODEL: 721



3+1+1: KR. 472.100 / 3JA OG 2JA SÆTA: KR. 395.700



HÚSGAGNAVERSLUN

Síðumúla 20 | sími 568 8799 | www.ondvegi.is | ondvegi@ondvegi.is

Opið: Virka daga kl. 10 - 18, laugardaga kl. 11 - 16.

JESSICA TANDY (1909-1994)
lést þennan dag.



„Þegar hann er seinn í mat veit ég að hann er annaðhvort að halda framhjá eða liggur dauður í götunni. Ég vona ávallt að hið síðara sé raunin.“

- Jessica Tandy var bandarísk leikkona fædd í London. Hún lék í myndunum *Driving Miss Daisy* og *Steiktir grænir tómatar*.

tímamót

tímamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST > 11. SEPTEMBER 1971

Krúsjoff safnast til feðra sinna

Á þessum degi árið 1971 lést Nikita Krúsjoff, fyrverandi formaður sovéska kommúnistaflokksins. Krúsjoff fæddist í Rússlandi árið 1894. Snemma varð hann heillaður af boðskap kommúnismans en það var ekki fyrr en á fjórða áratugnum sem hann tók að klífa upp metorðastigann í kommúnistaflokknum. Þá kom hollusta hans við Stalin sér vel í hreinsunum miklu. Þótt hann forframaðist enn frekar á stríðsárunum þótti ólíklegt að hann kæmist til æðstu metorða eftir að húsbóndi hans féll frá 1953, en mörgum að óvörum hafði hann tryggt sér völdin í flokknum innan tveggja ára.



KRÚSJOFF ÁSAMT FIDEL CASTRO

Krúsjoff boðaði mildari afstöðu gagnvart Bandaríkjamönnum og breytingar frá stefnu Stalíns. Frægastur er hann sjálfsagt fyrir „leyniræðuna“ árið 1956, þar sem

hann fordæmdi Stalin og voðaverk hans. Hann var mikið í sviðsljósinu á sjötta áratugnum og var fyrsti leiðtogi Sovétríkjanna til að heimsækja Bandaríkin árið 1960. Sama ár vakti hann líka athygli og kátínu margra þegar hann klæddi sig úr skónum og barði í púltið á vettvangi SP eftir að hafa brotið fundarhamarinn. Þá lék Krúsjoff lykilhlutverk í Kúbudeilunni árið 1962 og þótt kjarnorkustríði hafi verið afstýrt missti hann stuðning heima fyrir og árið 1964 var hann settur af. Krúsjoff lifði afskiptur og gleymdur þá sem eftir var þar til hann lést af völdum hjartaáfalls 77 ára að aldri.

MERKISATBURÐIR

- 1755** Jarðskjálfti verður norðanlands. Flest hús á Húsavík falla.
- 1962** Ringo Starr spilar í fyrsta sinn í upptökum sem meðlimur í Bitlunum.
- 1973** Augusto Pinochet fremur valdarán í Chile. Lýðræðislega kosinn forseti landsins lætur lífið í áhlaupinu.
- 1976** Farþegaþota frá TWA, sem rænt var í innanlandsflugi í Bandaríkjunum, hefur tveggja stunda viðdvöl á Keflavíkurflugvelli á leið til Parísar. Þar gáfust ræningjarnir, sem voru króatískir, upp.
- 2001** Þúsundir láta lífið þegar hryðjuverkamenn fljúga tveimur flugvélum á tvíburaturnana í New York. Þriðju vélinni er flogið á Pentagon í Washington og sú fjórða hrapar til jarðar nálægt Pittsburgh.

AFMÆLI

Kristín S. Kristjánsdóttir leikkona er 55 ára.



Kristinn R. Ólafsson í Madrid er 53 ára.

FÆDDUST ÞENNAÐAG



1902 **Jimmie Davis** tónlistarmaður.

1917 **Ferdinand Marcos**, fyrverandi leiðtogi Filíseyja.



1935 **Arvo Pärt** tónskáld.

1940 **Brian De Palma** kvikmyndaleikstjóri.



MYND AÐ GJÖF Íslandsbanki færði Verzlunarskóla Íslands verk eftir Georg Guðna myndlistarmann.

Verzlunarskóli Íslands 100 ára

Íslandsbanki færði Verzlunarskóla Íslands verk eftir Georg Guðna í tilefni af 100 ára afmæli skólans á föstudag. Bjarni Ármannsson, forstjóri Íslandsbanka og Sölvi Sveinsson, skólameistari Verzlunarskólans afhjúpuðu verkið við háttílega athöfn.

Verzlunarskólinn var settur í fyrsta sinn haustið 1905. Það voru Verzlunarmannafélag Reykjavíkur og Kaupmannafélag Reykjavíkur sem stofnuðu skólann með það að markmiði að auðvelda fólki að afla sér menntunar á verslunarsviði.

Í tilkynningu frá Íslandsbanka segir að þar sem hann hafi átt langt og farsælt samstarf við skólann hafi bankinn viljað sýna þakklætisvott á þessum tímamótum.

Málverkinu hefur verið fundinn góður staður á bókasafni skólans þar sem bæði starfsfólk og nemendur skólans geta notið þess. Verk Georgs Guðna þykja sérstök og djúpstæð og gefa áhorfandanum nýja sýn við mismunandi birtu og fjarlægð og vonar bankinn að það verði nemendum skólans innblástur.



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Eggert Jónsson

Suðurgötu 8, Keflavík,

er látinn.

Guðrún Jónsdóttir

Þorsteinn Eggertsson

Guðfinna Jóna Eggertsdóttir

Jón Eggertsson

Guðrún Eggertsdóttir

og fjölskyldur

Jón. Fjóla Ólafsdóttir

Sigvaldi Hrafn Jósafatsson

Hólmfríður Guðmundsdóttir



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og virðingu vegna andláts

Jóhann G. Sigvaldasonar

Aðalbraut 55, Raufarhöfn.

Pálína A. Valsdóttir
Sæmundur Jóhannsson
Árni Jóhannsson
Þorsteinn S. Jóhannsson
Dagur M. Jóhannsson
Jóhann G. Jóhannsson
Svava B. Mörk
Eydís Hentze
Marín H. Hentze
Helgi J. Hilmarsson
og barnabörn.

Hugrún E. Þorgeirsdóttir

Jóhann Kristmundsson
Guðmundur B. Sigurðsson
John S. Heinesen
Guðný M. Kristjónsdóttir



Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Ólafur Ragnar Karlsson

málarameistari, Núpaland 8, Kópavogi,

verður jarðsönginn frá Kópavogskirkju mánudaginn 12. september kl. 15.00. Blóm vinsamlegast afþökkuð, en þeim sem vildu minnst hans er bent á félag Alzheimer sjúkra.

Hrefna Einarsdóttir

Einar Ólafsson

Stefanía María Ólafsdóttir

Sigríður Jóna Ólafsdóttir

barnabörn og barnabarnabarn.

Daiva Léliené
Þórður Árnason
Pálmi Sigurðsson



Þökkum innilega auðsýnda samúð og vináttu við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu

Margrétar Ólafsdóttur

frá Hlíð, Siglufirði, Kópavogsbraut 1B.

Sólveig Helga Jónasdóttir
Ásgeir Jónasson
börn og barnabörn.

Einar Long Siguroddsson
Ásdís Hinriksdóttir



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Karl Þórðarson

bóndi, Kviarholti í Holtum,

lést á Landspítalanum í Fossvogi miðvikudaginn 7. sept. sl. Útförin fer fram í kyrrþey.

Jóna Veiga Benediktsdóttir og aðrir aðstandendur.



Móðir okkar,

Inga Hanna Ólafsdóttir

Kópavogsbraut 86, Kópavogi

verður jarðsönginn frá Kópavogskirkju þriðjudaginn 13. september kl. 15.00.

Hulda Björg Sigurðardóttir

Haukur Sigurðsson

Anna Margrét Sigurðardóttir

Ólafur Atli Sigurðsson

og aðrir aðstandendur



Innlegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýðug við andlát og útför elskulegrar eigin konu minnar, móður okkar, tengdamóður og ömmu,

Kolbrúnar Sigurðardóttur

Álftamýri 2, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks heimahlynningar Krabbameinsfélagsins.

Höskuldur Eliasson

Sigrún Höskuldsdóttir

Elías Höskuldsson

Sigurður Höskuldsson

Linda Rut, Telma Rós, Alexander Freyr, Ragnar Már, Lilja Björk, Ragnhildur Sara og Vigdís Karólína.

Antonio Cavaleiro
María Carolina Skackauskaite
Dagbjört Edda Barðadóttir



Innilegar þakkir til allra þeirra, sem sýndu okkur samúð og hlýðug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður og ömmu,

Öldu Sigurvinsdóttur

Barðastöðum 11, Reykjavík.

Sérstakar þakkar fær starfsfólk heimahlynningar Krabbameinsfélagsins í Reykjavík.

Kristín S. Vilhelmsdóttir

Guðmundur J. Vilhelmsson

Ragna G. Vilhelmsdóttir

Linda B. Vilhelmsdóttir

Halldór G. Vilhelmsson

Alda Guðlaug, Bryndís Ósk, Ragnar Björn, Hanna Liv, Guðný Ása og Vilhelm Frank.

Atli Edgarsson
Jónsís Einarsdóttir
Rudolf K. Rúnarsson
Óskar G. Óskarsson
Íris Ólafsdóttir

ÚTSALAN

ER HAFIN Í VERSLUNUM SKÍFUNNAR



CD
1.699 kr.

The Rolling Stones - Bigger Bang



CD
1.499 kr.

Coldplay - X&Y



DVD
899 kr.

Lost In Translation



CD
1.499 kr.

Damien Rice - O



PS2
799 kr.

The Getaway Black Monday



CD
999 kr.

Svona er sumarið 2005 - Ýmsir



PC
1.899 kr.

The Getaway Black Monday



CD
1.499 kr.

System Of A Down - Mezmerize



DVD
999 kr.

Magnús



CD
1.499 kr.

Kanye West - Late Registration



DVD
999 kr.

Eternal Sunshine



GEISLAPLÖTUR FRÁ

99,- kr.



DVD MYNDIR FRÁ

699,- kr.



TÖLVULEIKIR FRÁ

799,- kr.



...skemmtir þér ;)

Þjóðareiningin horfin

Hryðjuverkaárásirnar í New York og Washington fyrir fjórum árum þjöppuðu Bandaríkjamönnum saman gegn utanaðkomandi ógn og sameiginlegum þjáningum. Síðustu ár hefur dregið úr þessari einingu og má segja að hún sé horfin í kjölfar fellibylsins Katrínar.

Heimavarnaráðuneytið átti að efla samskipti, yfirstjórn og aðgerðir til að bregðast við hvaða hamförum sem er. Það gerðist augljóslega ekki í aðdraganda og eftirleik Katrínar. Þetta var fyrsta prófið sem heimavarnaráðuneytið stóð frammi fyrir og það féll hrálega á því,“ sagði leiðarhöfundur Tucson Citizen í vikunni þegar hann velti upp spurningunni um hvað Bandaríkjamenn hefðu lært af hryðjuverkaárásunum 11. september og að hvaða leyti stjórnvöld hefðu eftt getu sína til að bregðast við hamförum, hvort sem er af manna völdum eða náttúrunnar.

Leiðarhöfundurinn var harðorður um heimavarnaráðuneytið, sem var sett á fót svo hægt væri að sporna gegn ógnum og bregðast við því sem úrskeldis færi: „Þetta er harkaleg aðvörðun um að stofnun þessa umfangsmikla ráðuneytis kunni að hafa skapað fleiri vandamál en hún leysti.“

Sóttust eftir ábyrgðinni

Samhugurinn sem virtist ein-kenna Bandaríkjamenn fyrstu mánuðina og árin eftir hryðjuverkaárásirnar í New York og Washington 11. september 2001 virðist nú að fullu gufaður upp. Fyrstu mánuðina og árin fylktu landsmenn sér um forsetann og stofnanir stjórnvalda. Gagnrýni var í lágmarki, áherslan lögð á að lækna þau sár sem árásirnar skildu eftir sig og hafa uppi á

þeim seku. Eftir hamfarirnar sem fylgdu fellibylnum Katrínu er sagan önnur. Stjórnvöld eru harðlega gagnrýnd fyrir að bregðast seint og illa við auk þess að taka ekki nógu mikið mark á viðvörðunum. Lök viðbrögð núna eru víða sögð til marks um að stjórnvöld hafi lítið lært af atburðunum í New York og Washington fyrir fjórum árum.

Ein ástæðan fyrir því að alríkisstjórnin, frekar en stjórnvöld á sveitastjórna- og fylkjastigi, er harðlega gagnrýnd er sú ákvörðun hennar í fyrria að það væri alríkisstjórnin en ekki svæðisbundin stjórnvöld sem tæki forystuna þegar stórslys og hryðjuverka-

árásir ættu sér stað. Bandaríkjamenn hafa ávallt lagt mikla áherslu á frumkvæði og vald einstakra ríkja til að bregðast við hörmungum en í fyrria var ákveðið að alríkisstjórnin gæti tekið fram fyrir hendurnar á þeim og skyldi bera meginábyrgð á að bregðast við.

Þrátt fyrir að fellibylurinn hafi lengi verið yfirvofandi áður en hann fór yfir hamfarasvæðin og að vísindamenn hafi árum saman varað við því hvernig gæti farið til að breyta viðhorfum fólks til þess hver væru mikilvægustu viðfangsefni forsetans og stjórnvalda. Í fyrsta sinn frá því fyrir hryðjuverkaárásirnar fyrir fjórum árum sýna skoðanakannanir að meirihluti Bandaríkjamanna telur mikilvægara að forsetinn beiti sér í innanríkismálum heldur en í



FLÚIÐ FRÁ WORLD TRADE CENTER Fólki mátti hafa sig allt við til að flýja tiburaturum á Manhattan eftir að hryðjuverkamenn flugu farþegaþotum á þá.

tímaritinu Spectator og endurspegladi þar viðhorf margra.

Breytt viðhorf

Hörmungarnar í kjölfar Katrínar hafa ekki aðeins valdið mikilli reiði með lítil og seinleg viðbrögð stjórnvalda heldur hafa þau orðið til að breyta viðhorfum fólks til þess hver væru mikilvægustu viðfangsefni forsetans og stjórnvalda. Í fyrsta sinn frá því fyrir hryðjuverkaárásirnar fyrir fjórum árum sýna skoðanakannanir að meirihluti Bandaríkjamanna telur mikilvægara að forsetinn beiti sér í innanríkismálum heldur en í

baráttunni gegn hryðjuverkum.

Kannanir sýna einnig að Bandaríkjamenn vilja öðruvísi uppbyggingu eftir Katrínu en eftir hryðjuverkaárásirnar 11. september 2001. Mikil áhersla var lögð á að byggja upp á staðnum þar sem World Trade Center stóð þrátt fyrir að skiptar skoðanir væru um hvernig bygging skyldi vera þar. Samkvæmt nýrri AP-Ipsos könnun vill meirihluti Bandaríkjamanna að sá hluti New Orleans sem liggur undir sjávarborði verði yfirgefinn og þess í stað verði borgin byggð upp á landsvæði sem liggur hærra.



SORG OG GLEÐI Donna Mathis grætur meðan hún heldur á dóttur sinni Sabriu og faðmar Annie Alvarez að sér í brúðkaupsveislu sinni í flóttamannabúðum í Fort Worth í Texas.

Slökkviliðsmenn vissu ekki af hættunni:

Jafn mikil fórnarlömb og aðrir

Ég held að hefði byggingin hrúnið klukkutíma síðar hefðu þúsund slökkviliðsmenn verið þar inni. Hefði hún hrúnið þremur tímum síðar hefðu þeir verið tíu þúsund,“ sagði Timothy Marmion, einn slökkviliðsmannanna sem voru í nyrðri turninum skömmu áður en hann hrundi.

Marmion er einn slökkviliðsmannanna sem rifjuðu upp reynslu sína í skýrslutökum á vegum slökkviliðsins og borgaryfirvalda í New York, en skýrslunum var haldið leyndum þar til fyrir skömmu síðan.

Einn meginþráðurinn í framburði slökkviliðsmannanna er að fæstir slökkviliðsmannanna í nyrðri turninum hafi haft hugmynd um að syðri turninn væri hrúinn og hætta talin á hrúni turnsins sem þeir voru í. Yfirmenn þeirra úti við gáfu skipanir í talstöðvum um að slökkviliðsmennirnir ættu að forða sér en samskiptin voru í molum og virðast boðin ekki hafa borist nema fáum slökkviliðsmönnum.

Sumir þeirra sem komust af velta fyrir sér hvers vegna svo margir slökkviliðsmenn voru sendir upp í turnana til að berjast við eld sem var engin leið að



ELDUR LOGAR Í TURNUNUM Margir slökkviliðsmenn veltu fyrir sér hvers vegna svo margir þeirra voru sendir á vettvang, jafnvel eftir að ljóst mátti vera að þeir gátu ekki bjargað fólki.

menn hafi haldið áfram að bjarga fólki þrátt fyrir að vita af hættunni á yfirvofandi hrúni turnanna. Þetta segir The New York Times að stangist á við lýsingar slökkviliðsmanna sem segist ekki hafa haft hugmynd um hættuna sem þeir voru í. Aðeins fjórir af 58 slökkviliðsmönnum sem sluppu úr norðurturninum og rifju

uðu upp reynslu sína sögðust hafa vitað til þess að syðri turninn hefði verið hrúinn og aðeins þrjár sögðust hafa heyrt viðvaranir um að nyrðri turninn kynni að fara sömu leið.

343 slökkviliðsmenn létu lífið við björgunarstörf, meirihluti þeirra í eða við norðurturninn, að sögn The New York Times.

Ertu á leið til Þýskalands?



Njóttu frísins og bókaðu bílinn heima

Flokkur B – Opel Corsa eða sambærilegur bíll í eina viku, aðeins kr. 19.600

Innifalið: Ótakmarkaður akstur, kaskótrygging, þjóftrygging, afgreiðslugjald á flugvelli og skattur.

Knarrarvogur 2
104 Reykjavík
Sími 591 4000
www.avis.is

AVIS
Við gerum betur

ÁNÆGJA MEÐ STÖRF BUSH

Eftir 11. september 2001 91%

Eftir fellibylinn Katrínu 40%

Heimild: Kannanir Pew

slökkva. „Við vorum jafn mikil fórnarlömb og allir aðrir í byggingunni,“ sagði Derek Brogan slökkviliðsmaður.

Michael Bloomberg, borgarstjóri í New York, og Rudolph Giuliani, sem var borgarstjóri þegar árásirnar voru gerðar, hafa báðir sagt að margir slökkviliðs-

LAGGER SALA

SÍÐASTA HELGIN!!!

**SENNU
ER Í FULLUM GANGI**

**EKKI MISSA
AF ÞESSU!**

FRÍR ÍS

Á AKTU TAKTU

FYRIR ALLA SEM MÆTA Á LAGERSÖLUNA!


TÓNLIST TÖLVULEIKIR DVD

299kr 499kr 699kr 999kr

FYLLTU Á SAFNIÐ FYRIR SMAAURA

OPIÐ 11-20 ALLA DAGA

LAGERSALA SENU FELLSMÚLA 28 (gamla World Class húsinu)



senna



Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
REYKJAVÍK	6.39 13.24	20.08
AKUREYRI	6.20 13.09	19.56

Heimild: Almanak Háskólans

allt - atvinna

atvinna. of.

Nýir samningar við ófaglært starfsfólk á leikskólum BLS. 2
Heiðar Ólason stjórnar sýningarvélunum í Háskólabíói og Sambíóunum BLS. 8

FRÉTTABLAÐIÐ

ER ÞÍN ATVINNUAUGLÝSING HÉR?

MEST LESNA ATVINNUBLAÐ LANDSINS

Góðan dag!

Í dag er sunnudagur 11. september, 254. dagur ársins 2005.

STÖRF Í BOÐI

- Sölumenn
- Yfirmaður áhættustýringar
- Verkfræðingur
- Tæknifræðingur
- Forðafraeðingur
- Skrifstofustjórnun
- Heimþjónusta
- Leikskólakennarar
- Garðyrkjustarf
- Slökkviliðsmenn
- Sjúkraflutningamenn
- Byggingartæknifræðingur
- Prentari
- Bífvélavirkjar

SMÁAUGLÝSINGAR
byrja í dag á bls. 20

Flokkar

- Bílar & farartæki
- Keypt & selt
- Þjónusta
- Heilsa
- Skólar & námskeið
- Heimilið
- Tómstundir & ferðir
- Húsnæði
- Atvinna
- Tilkynningar

ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á VISIR.IS



Guðmundur fer stundum í klukkuleiðangra til Mið-Evrópu og kemur heim með ýmsa dýrgripa.

Heyrir þegar klukkurnar þagna

Guðmundur Hermannsson úrsmiður unnr sér innan um eldgamlar klukkur og hefur sérhæft sig í viðgerðum á þeim.

Klukkurnar klingja og slá í ýmsum tóntegundum í Laufengi 72 í Grafarvogi, hjá Guðmundi Hermannssyni. Hann kveðst þó löngu hætta að heyrja spilverkið. „Það er helst ef einhver klukka stoppar og hættir að slá sem maður tekur eftir henni. Meira að segja börnin vilja hafa þetta í gangi,“ segir hann.

Guðmundur lærði úrsmíði í Danmörku, útskrifaðist 1979 og varð meistari hér heima fjórum árum seinna. „Upphaflega fór ég í þessa grein af því að faðir minn er úrsmiður en hann rekur enn verslun í Veltusundi. Það var töluvert mikið að gera í þessari grein þeg-

ar ég var að læra og oft vakti maður fram á nótt við viðgerðir,“ rifjar hann upp. Sjálfur rak Guðmundur verslun á Laugaveginum og í Lækjargötunni um árabíl en nú starfar hann heima hjá sér og sérhæfir sig í viðgerðum á antíkklukkum. Hann segir erfitt að fá í þær varahluti og því þurfi hann oft að smíða í þær. „Þetta er vandamt verk,“ segir hann og bætir því við að allt byggist á sama grunninum en mjög misjafnlega sé vandað til upphaflegu smíðinnar. „Vönduðustu klukkurnar eru frá því í kringum 1700, enda var ekki reiknaður tíminn á það sem menn voru að vinna þá.“

Stundum fer Guðmundur til Mið-Evrópu, þar sem mekka antíkkluðanna er. Hann safnar slíkum gersemum ásamt verkfærum og öðru sem tengist sögu úrsmíðinnar. „Svo flyt ég inn klukkur og það kemur fyrir að ég selji eina og eina með miklum söknuði.“

LIGGUR Í LOFTINU

[ATVINNA]

Heimasíða Eflingar hefur verið opnuð og er hún með miklum endurbótum. Ekki er enn búið að setja inn gögn á nýju síðuna þannig að nýjungar hennar verða ekki alveg ljósar fyrr en eftir nokkra daga. Enginn skal þó örvænta að breytingarnar séu af miklar því sami grunnur var notaður og á gömlu síðunni svo skipulagið er ekki svo breytt.

Heimasíða VR hefur líka upp á margt að bjóða og þar er hægt að fá lykilorð inn á eigið svæði. Á svæðinu er hægt að



fá upplýsingar um styrki af ýmsu tagi sem og inngang í sjóðum félagsins. Allir fullgildir félagsmenn geta fengið slíkt lykilorð.

atvinna@frettabladid.is



Viltu vinna með börnum á vettvangi frítímans? ÍTR vantar starfsfólk á frístundaheimilin í Reykjavík.

Frístundaheimilin bjóða upp á fjölbreytt tómsundastarf fyrir 6-9 ára börn þegar hefðbundnum skóladegi lýkur. Frístundaheimili eru starfandi við alla grunnskóla Reykjavíkurborgar.

Taktu þátt í að móta ört stækkandi fagstétt frístundaleiðbeinenda og frístundaráðgjafa. Breytt samfélag kallar á fleiri starfsmenn og aukna fagmennsku í starfi með börnum á vettvangi frítímans. Í frítímanum á að vera gaman en frítíminn er einnig kjörinn til að fást við þroskandi og krefjandi verkefni.

Hægt er að nálgast frekari upplýsingar um störf og sækja um á heimasíðu ÍTR, www.itr.is. Einnig er hægt að sækja um störf í skrifstofu ÍTR, Fríkirkjuvegi 11, og á frístundamiðstöðvunum í hverfum borgarinnar.

Laun skv. kjarasamningi Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar við Reykjavíkurborg



Íþrótt- og tómsundasvið Reykjavíkur, Fríkirkjuvegi 11, 101 Reykjavík, sími: 510 6600, fax: 510 6610, netfang: itr@itr.is, vefslóð: www.itr.is

Traust fjölskylda í Reykjavík leitar að þér!

Ástæðan er mikið annríki hjá foreldrunum og því þurfa þeir og ungu mennirnir á heimilinu aðstoð þína við að gera sér lífið dálítið léttara.

Eins og á öllum heimilum þarf að halda hlutunum gangandi en fyrst og fremst snýst starfið um að sinna ungu herraönnunum. Því eru foreldranir mjög opinir fyrir því að ræða vinnutíma og fyrirkomulag við þann aðila sem þeir treysta best til að leysa mikilvægustu þættina.

Löggö er áhersla á barngæsku, heiðarleika og þolinmæði auk þess sem reglusemi er áskilin.

Í boði er starf hjá traustu og sanngjörnu fólki sem kemur vel fram við þann sem tekur starfið að sér. Starfinu geta fylgt ferðalög til útlanda einstaka sinnum með fjölskyldunni. Góð laun eru í boði fyrir þann aðila sem sinnir starfinu af alúð og trúmennsku.

Ef þú vilt kynna þér þetta starf betur skaltu hafa samband við Katrínu S. Óladóttur eða Kristínu Guðmundsdóttur í síma 520 4700.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is fyrir 19. september nk. Númer starfs er 4823.



Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700
Bréfasími 520 4701 • www.hagvangur.is

Starfsmannaveisla

Með því að bjóða samstarfsfólki þínu reglulega til veislu vinnur þú þér inn velvild í starfi. Ef þú þekkir samstarfsfólkið líka utan vinnu er auðveldara að eiga við það samskipti.



Meiri ánægja með launin

Í launakönnun VR kemur fram að félagsmenn eru nú ánægðari með launin sín en í fyrra.

Mun fleiri félagsmenn VR eru ánægðir með launin sín í ár en í fyrra eða 51% á móti 40%. Í fyrra var einn af hverjum þremur óánægður við launin sín en nú er einn af hverjum fjórum óánægður. Karlar eru ánægðari en konur og ánægja með laun eykst í réttu hlutfalli við aukna menntun.

Þegar sérstakar atvinnugreinar eru skoðaðar kemur í ljós að óánægja með laun er mest meðal starfsfólks sem vinnur við samgöngur, ferðaþjónustu og flutn-



Þeir sem vinna í fjármálafyrirtækjum eru ánægðastir með launin sín.

inga. Þeir sem vinna í fjármálafyrirtækjum eða vinna önnur sérhæfð störf eru hins vegar ánægðastir. ■

Lærðu nýtt mál

BSRB býður upp á tungumálanám víðsvegar um land.

Tungumálafræðsla BSRB er nú að hefjast eftir því sem fram kemur á heimasíðu félagsins. Námskeiðin verða haldin um allt land og er mismikið í boði á hverjum stað. Símenntunarstöðvar sjá um að halda námskeiðin og hefur dagskrá verið gefin út svo fólk getur kannað hvað er í boði í sveitarfélaginu.

Haldin eru námskeið í ensku, dönsku, spænsku, þýsku og íslenskrí ritun sem þó eru ekki al-



veg eins uppbyggð allstaðar á landinu. Flest þeirra standa í þrjátíu stundir og kosta 18.000 krónur. Námskeiðin eru styrkt af starfsmenntunarsjóðum félagsanna og eru allir hvattir til að kynna sér hvað er þar í boði. ■



Er nokkuð verið að borga þér jafnaðarkaup?

Jafnaðarkaup er svindl

Þegar unnið er á kvöldin og um helgar er ekkert til sem heitir jafnaðarkaup.

Brögð eru að því að ungt fólk sem ræður sig í kvöld- og helgarvinnu fá fyrir það svokallað jafnaðarkaup. Í kjarasamningum Eflingar er aftur á móti ekki neitt til sem heitir jafnaðarkaup og er þá iðulega verið að hlunnfara fólk með því að borga því slík laun.

Jafnaðarkaup þýðir að dag-

vinnu og yfirvinnu er skellt saman og fundið út meðalkaup. Þetta er þó gert í hlutfalli við unna vinnu og á því að gefa rétta mynd af laununum.

Þegar jafnaðarkaup er greitt fyrir vinnu sem unnin er á þeim tímum sem yfirvinnutaxtar eiga við er verið að svindla á starfsmönnum. Ef þú færð greitt jafnaðarkaup fyrir það sem ætti að vera yfirvinna skaltu snúa þér til stéttarfélagsins og óska eftir aðstoð. ■

Þriðjungur kolanáma lokað

Kínverjar reyna að koma í veg fyrir banaslys í kolanámum.

Kínverjar hafa ákveðið að hætta framleiðslu í um þriðjung af kolanámum sínum. Um er að ræða um sjö þúsund námur sem verður lokað vegna þess að þær uppfylla ekki öryggiskröfur. Mikill fjöldi einstaklinga vinnur í námumum við mjög ótryggt starfsumhverfi þar sem dauðaslys eru mjög algeng. Yfir þrjú þúsund kolanámumenn hafa látist á þessu ári í eldsvoðum, flóðum og öðrum starfstengdum slysum og fagmenn óttast að þessi tala sé miklu hærra vegna þess að brögð séu að því að námueigendur falsi tölu látinna til að koma betur út.

Þrátt fyrir þessar aðgerðir má vænta þess að námurnar opni fljótlega aftur vegna þeirra gríðarlegu hagsmuna sem liggja að baki. Oft hefur verið reynt að



Mikill fjöldi námumanna hefur látist í Kína á undanförunum mánuðum.

loka námunum en þær eru opnaðar aftur jafnharðan til að geta mætt orkukröfum Kínverja. Stéttarfélag í landinu segja að engin leið sé að gera sér grein fyrir hversu margir eigi eftir að missa vinnuna, en um sé að ræða gríðarlega mikinn fjölda. ■



Þessi glaðlegu leikskólabörn láta kjarasamninga starfsfólks sig litlu varða sem betur fer. Önnur börn eru ekki eins heppin og hafa mátt búa við að komast ekki í leikskólann alla daga.

Laun geta hækkað um mánaðamótin

Laun ófaglærðra starfsmanna á leikskólum gætu hækkað frá og með næstu mánaðamótum. Stefnt er að því að nýr kjarasamningur taki gildi 1. október.

Enn vantar starfsfólk á marga leikskóla borgarinnar og reyndar víðar. Sumstaðar hefur jafnvel verið gripið til þess ráðs að senda börnin heim til þess að minnka álagið á undirmönnum leikskólum. Annars staðar bætir starfsfólkið á sig vinnu til þess að ekki þurfi að grípa til svo röt-tækra aðgerða.

Ýmsar skýringar hafa verið á lofti varðandi mannekluna en almennt er þó talið að rót vandans liggja í lágum launum sem eru lítt

aðlaðandi þegar næga vinnu er að fá. Meira en helmingur starfsfólks leikskóla er ófaglærður og tekur laun samkvæmt kjarasamningi Eflingar. „Byrjunarlaunin eru mishá,“ segir Harpa Ólafsdóttir hjá Eflingu. „Ýmsir þættir eru metnir til hækunar launa. Aldur hefur áhrif á laun óháð reynslu. Lífaldurinn er metinn eins og eðlilegt er. Manneskja sem er 45 ára hefur náttúrulega ákveðna reynslu úr lífinu til þess að sinna börnum. Það er verið að meta það. Þetta er aðeins öðruvísi en á almenna markaðnum þar sem ekki er tekið tillit til lífaldurs.“ Harpa segir að það geti munað 12,6% á launum starfsmanns sem er að hefja störf á leikskóla eftir því hvort hann er yngri en 25 ára eða eldri en 45.

Það séu ekki allir sem byrji með 112 þúsund krónur á mánuði sem er sú tala sem oft er nefnd sem byrjunarlaun ófaglærðs starfsmanns á leikskóla. Stúdentspróf og önnur menntun hafi líka áhrif á laun starfsmanna. Starfsmaður yngri en 25 ára geti fengið allt að 131 þúsund eftir því hvaða menntun hann hafi. „Nú erum við líka að fara að semja. Samningarnir eru lausir í lok nóvember en nú kom útspili frá borgarstjóra um að flýta þessu um tvo mánuði. Þannig að það er verið að miða við að launahækkun taki gildi 1. október ef um semst. Þó að við séum kannski ekki búnir að ganga frá öllum lausum endum þá ætti hækkunin samt sem áður að ganga í gildi þá. Það er nú bara algengt að breyta á.“ ■

Að fara í atvinnuviðtal

Fyrstu kynni vega þungt og því er mikilvægt að búa sig vel undir atvinnuviðtal.

Atvinnuviðtal miðast við að atvinnuveitandi fái auka upplýsingar um umsækjanda, umfram það sem kemur fram í atvinnuumsókn. Til að undirbúa sig fyrir viðtal getur þú sem umsækjandi aflað þér upplýsinga um hverjir munu taka viðtalið, um fyrirtækið og starfsemi þess og undirbúi spurningar sem sýna áhuga þinn. Það er ekki mælt með því að spyrja um laun, frí o.þ.h., heldur eiga spurningarnar að snúa að starfinu. Mættu stundvíslega og vertu snyrtileg/ur án þess að vera of hátiðleg/ur. Þegar í sjálft viðtalið er komið skaltu heilsa öllum með handabandi og láta viðmælendur sjá um að hefja samtalið. Horfðu á þann sem talar og svar-



Það skiptir miklu máli að koma vel fyrir í atvinnuviðtali.

aðu þeim sem spyrja. Ekki tala niðrandi um fyrri störf, yfirmenn eða vinnufélaga. Búðu þig undir að þurfa að svara spurningum á jákvæðan og einlægán hátt frekar en reyna að þóknast viðmælendanum. Þegar viðtalinu er lokið skaltu fá að vita hvenær þú

eigir von á svári, láta í ljós áhuga um að atvinnuumsóknin þín sé geymd ef önnur störf losna og umfram allt að þakka fyrir og kveðja með handabandi. Nánari upplýsingar um atvinnuviðtöl má finna á vef Vinnumálastofnunar www.vinnumalastofnun.is



Leikskólakennarar/leiðbeinendur

Óskað er eftir leikskólakennurum/leiðbeinendum til starfa í eftirtalda leikskóla hjá Reykjavíkurborg:

Austurborg, Háaleitisbraut 70 í síma 588-8545

Bakki, Bakkastöðum 77 í síma 557-9270

Drafnarborg, Drafnarstíg 4 í síma 552-3727

Dvergasteinn, Seljaveg 12 í síma 551-6312

Fífuborg, Fífurima 13 í síma 587-4515

Funaborg, Funafold 42 í síma 587-9160

Garðaborg, Bústaðavegi 81 í síma 553-9680

Geislabaugur, Kristinbraut 26 í síma 517-2560

Grandaborg, Boðagranda 9 í síma 562-1855

Gullborg, Rekagranda 14 í síma 562-2455

Heiðarborg, Selásbraut 557-7350

Hlíðarborg, Eskihlíð 19 í síma 552-0096

Klettaborg, Dyrhömrum 5 í síma 567-5970

Kvarnaborg, Árkvörn 4 í síma 567-3199

Kvistaborg, Kvistalandi 26 í síma 553-0311

Laufásborg, Laufásvegi 53-55 í síma 551-7219

Laufskálar, Laufriða 9 í síma 587-1140

Laugaborg v/Leirulæk í síma 553-1325

Leikgarður, Eggertsgötu 12-14 í síma 551-9619

Lindarborg, Lindargötu 26, 551-5390

Nóaborg, Stangarholti 11 í síma 562-9595

Rauðaborg, Viðarási 9 í síma 567-2185

Seljaborg, Tunguseli 2 í síma 557-6680

Sólhlíð, Engihlíð 8 í síma 551-4870

Stakkaborg, Bólstaðarhlíð 38 í síma 553-9070

Sunnuborg, Sólheimum 19 í síma 553-6385

Sæborg, Starhaga 11 í síma 562-3664

Vesturborg, Hagamel 55 í síma 552-2438

Ægisborg, Ægisíðu 104 í síma 552-4810

Nýr leikskóli við Gvendargeisla í síma 693-9849

Ef ekki fást leikskólakennarar til starfa verða ráðnir starfsmenn með aðra uppeldismenntun og/eða reynslu.

Nánari upplýsingar um þessi störf og önnur störf í leikskólum Reykjavíkurborgar eru einnig veittar í starfsmannþjónustu Menntasviðs í síma 411 7000. Laun eru samkvæmt kjarasamningum Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélag. Umsóknareyðublað og nánari upplýsingar um laus störf er að finna á heimasíðunni www.leikskolar.is.

Menntasvið Reykjavíkurborgar, Fríkirkjuvegi 1, 101 Reykjavík, sími: 411 7000, menntasvid@reykjavik.is

Starfsfólk óskast

afgreiðslustörf

Nettó í Mjódd óskar eftir að ráða starfsfólk í 100% afgreiðslustörf.

Leitað er að samviskusömum einstaklingum sem eru fljótir að læra og kurteisir í viðmóti. Verslunin er opin alla virka daga frá kl. 10 - 19.

Allan nánari upplýsingar gefur verslunarstjóri á staðnum, Þönglabakka 1, 109 Reykjavík

Nettó er reyklaus vinnustaður

allt í matinn á einum stað

www.netto.is - heit mat og þjónusta um þjóðir
Tilboði gæta málskyldu endis
Almannatölu - Akureyri - Grindavík - Hlíð Reykjavíkur - Sólheimi - Haganeyri

nettó

Yfirmaður áhættustýringar

Ábyrgðarsvið:

Yfirmaður áhættustýringar sér um athuganir, mælingar og skýrslugjöf á fjármálalegri áhættu Landsvirkjunar sem er einkum vegna gengis gjaldmiðla, vaxta og álverðs. Hann gerir tillögur um aðgerðir til áhættustjórnar fyrirtækisins. Yfirmaður áhættustýringar heyrir undir forstjóra og er ritari áhættustjórnar.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Viðskiptafræði, verkfræði, hagfræði eða sambærileg menntun.
- Framhaldsmenntun er æskileg
- Reynsla af sambærilegu starfi er æskileg
- Hæfni til greiningar á flóknum viðfangsefnum
- Mjög góð enskukunnátta
- Lípurð í samskiptum og hæfni til sjálfstæðra og skipulagðra vinnubragða

IMG
MANNAFL
LIÐSAUKI

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur@img.is) og Sigrún Ýr Árnadóttir (sigrun@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 25. september nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Mannafli - Liðsauka.

Borgartúni 27
105 Reykjavík
Sími 540 7100
mannafli@img.is

Skipagötu 16
600 Akureyri
Sími 461 4440
www.mannafli.is

Verk-/tæknifræðingur á sviði siglingamála

Skipaefirtiltsvið Siglingastofnunar óskar eftir að ráða verkfræðing/tæknifræðing til starfa á eftirlitsdeild. Á skipaefirtiltsviði starfa 15 manns og er þar m.a. unnið við yfirferð á teikningum vegna nýsmíða og breytinga á skipum, hafnaríkiseftirlit og eftirlit með skoðunum skipa og búnaði þeirra. Laun eru samkvæmt kjarasamningum verk- og tæknifræðinga og fjármálaráðherra.

Starfssvið:

- Gerð skoðunarhandbóka og tæknilegra verklagsreglna vegna skipaefirtilts
- Eftirlit með flokkunarfélögum og skoðunarstofum skipa og búnaði þeirra
- Önnur tilfallandi störf

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í verkfræði eða tæknifræði
- Framhaldsmenntun æskileg
- Reynsla af hönnun skipa eða skipaefirtilts æskileg
- Góð tölvukunnátta
- Góð enskukunnátta
- Nákvæm og skipulögð vinnubrögð
- Færni í mannlegum samskiptum

IMG
MANNAFL
LIÐSAUKI

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur@img.is) og Sigrún Ýr Árnadóttir (sigrun@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 25. september nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Mannafli - Liðsauka.

Borgartúni 27
105 Reykjavík
Sími 540 7100
mannafli@img.is

Skipagötu 16
600 Akureyri
Sími 461 4440
www.mannafli.is

Garðyrkjustarf í boði

Gróðrastöðin Storð ehf. óskar eftir starfsmanni vönum garðyrkjustörfum. Þarf að geta byrjað sem fyrst.

Gróðrastöðin Storð ehf.

Dalvegi 30 • 201 Kópavogi
netfang stord@centrum.is • gsm. 699 0890

Fjölbreytt verslunarstarf:

Freemans/ClaMal óskar eftir duglegum starfskrafti í verslunar- og létt skrifstofustarf í kvenverslun Hafnarfirði. Viðkomandi þarf að vera með ríka þjónustulund og búa yfir söluhæfileikum. Vinnutími er 10 -18 eða 13 -18, 4 eða 5 daga vikunnar.

Áhugasamir sendi tölvupóst til Önnu á anna@clamal.is eða hafi samband í síma 565 3900 virka daga milli 10 og 16.



Ertu hress?

McDonald's vantar nú þegar nokkra hressa starfsmenn í fullt starf og í hlutastarf á daginn á veitingastöðum við Suðurlandsbraut, í Kringlunni og við Smáratorg. Umsækjendur þurfa helst að vera 18 ára eða eldri. McDonald's eru líflegir og fjörugir vinnustaðir. Alltaf nóg að gera og góðir möguleikar fyrir duglegt fólk að vinna sig upp. Mjög samkeppnishæf laun í boði.



McDonald's er styrktaraðili HM 2006

Langar þig á HM 2006?

Í vor verða heppnir starfsmenn á McDonald's dregnir út og fá fría ferð á HM 2006 í Þýskalandi. Einungis starfsmenn í fullu starfi verða í pottinum.

Umsóknareyðublöð liggja frammi á veitingastöðum McDonald's eða á heimasíðu www.mcdonalds.is



Sölumanneskja!

Leitum að sölumanneskju í verslun okkar í Síðumúla.

Fjölbreytt og skapandi starf hjá framsæknu og leiðandi fyrirtæki á sviði gluggatjalda.

Ef þú hefur metnað, áhuga og smekk, þá viljum við fá þig í okkar lið.



Ertu laghentur þúsundþjalasmiður?

Okkur vantar góðan mann í framleiðsludeild okkar, til að sinna uppsetningum, máltökum og fleira tilfallandi.

Þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Umsóknarfrestur er til 26. september.
Umsóknir berist til:
Álnabæjar, Síðumúla 32, 108 Reykjavík
eða á silja@alnabaer.is

Störf í grunnskólum Reykjavíkur haustið 2005

Borgaskóli, sími 577 2900

Skólaliði í baðvörslu stúlkna, frá 1. nóvember.

Gæsla í íþróttasal frá kl. 16:00-21:00. Hægt er að vinna einn eða fleiri daga. Hentugt fyrir skólafólk.

Almenn kennsla á miðstigi, frá 15. október. Afleysing vegna barneignarorlofs.

Háteigsskóli, sími 530 4300

Stuðningsfulltrúar, 50-60% stöður.

Skólaliðar.

Ritari, 55% staða.

Húsaskóli, símar 567 6100 og 664 8245

Skólaliði til að aðstoða börn í leik og starfi, ræstingar o. fl.

Langholtsskóli, sími 553 3188

Skólaliðar, m.a. aðstoð í mótuneyti og útivera með nemendum. Kjörið fyrir fólk á öllum aldri.

Stuðningsfulltrúi.

Laugalækjarskóli, sími 588 7500

Skólaliðar.

Melaskóli, sími 535 7500

Skólaliðar.

Stuðningsfulltrúar.

Vesturbæjarskóli, sími 562 2296

Aðstoðarmaður í mótuneyti skólans, 80-100% staða.

Þroskajálfi eða sérkennari óskast vegna veikindaforfalla, a.m.k. til áramóta. 80-100% staða.

Öskjuhlíðarskóli, símar 568 9740 og 664 8405

Þroskajálfi.

Stuðningsfulltrúi, 80% staða.

Upplýsingar veita skólastjórar og aðstoðarskólastjórar í viðkomandi skólum. Umsóknir ber að senda til viðeigandi skóla. Laun samkvæmt kjarasamningum Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélag. Nánari upplýsingar um laus störf, umsóknarfrest og grunnskóla Reykjavíkur er að finna á netinu.

www.grunnskolar.is



Fríkirkjuvegi 1, 101 Reykjavík,
sími: 411 7000 menntasvid@reykjavik.is

Góðar tekjur

SÖLUFÓLK aukavinna

Við leitum eftir nýjum liðsmönnum í eina öflugustu söludeild landsins. Fjölbreytt úthringiverkefni og góðir tekjumöguleikar fyrir rétta fólk. Greitt er fast tímakaup ásamt árangurstengdum bónusum. Verkefni frá morgni til kvölds, alla daga vikunnar.

Nánari upplýsingar veitir Ólafía B. Rafnsdóttir í síma 696 6020 frá kl. 9-17 á virkum dögum. Umsóknir með ferilskrá má einnig senda á olafia.b.rafnisdottir@365.is

365

365 er öflugasta fjölmiðlafyrirtæki landsins sem starfar á íslenskum ljósvaka- og prentmarkaði.



Starfsmaður í lyfjaskömmun og framleiðslu

DAC ehf. óskar að ráða starfsmann í 50-100% starf.

Starfið felst í að aðstoða við vélskömmun lyfja og frágang á lyfjarúllum, þrif á húsnæði, og framleiðslu og dreifingu lyfja.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Almenn tölvukunnátta
- Stúdentspróf

Starfsmaður skal vera reyklusur og reglusamur. Meðmæli æskileg.

Umsóknir skulu sendir í tölvupósti á erla@dac.is fyrir 15. september n.k.

DAC ehf. var stofnað árið 2003 og eru starfsmenn 10 talsins í dag. Fyrirtækið er með starfsleyfi fyrir tölvustýrðri vélskömmun lyfja og fyrir framleiðslu lyfja og dreifingu þeirra. Við erum að leita að starfsmanni sem er samvinnuþýður, framtakssamur, ábyrgur og sjálfstæður.



Atlantsolía leitar eftir meiraprófsbílstjóra með ADR réttindi.

Við leitum að kröftugum bílstjóra sem er reiðubúinn að taka þátt í uppbyggingu á fyrirtæki í miklum vexti. Starfið felst í áfyllingu á bensínstöðvar fyrirtækisins, dreifingu olíu til verktaka, bænda og sjávarútvegs.

Atlantsolía rekur nú fjórar bensínstöðvar auk þess sem áætlað er að byggja þrjár til viðbótar á þessu ári. Hjá fyrirtækinu starfa 11 manns.

Nánari upplýsingar veitir Ólafur Baldursson í síma 825-3110 eða olafur@atlantsolia.is.
Um framtíðarstarf er að ræða.



Atlantsolía - Vesturvör 29 - 200 Kópavogur - Sími 591-3100 - atlantsolia@atlantsolia.is

Við erum flutt í Borgartún 27

Kveðja, starfsfólk Mannafli - Liðsauka

IMG
MANNAFL
LIÐSAUKI

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 7100 mannafl@img.is
Skipagötu 16 600 Akureyri Sími 461 4440 www.mannafl.is



Líf og leikni Nýr leikskóli í Grafarholti

Menntasvið Reykjavíkurborgar opnar þriggja deilda leikskóla við Gvendargeisla 13 í Grafarholti í haust. Megináherslur í starfi leikskólans, samhliða daglegu lífi, leik og námssviðum aðalnámsskrár verður lífsleikninám með áherslu á sjálfshjálpi barna, dyggðir, jóga og slökun. Unnið verður með aðferðum sem draga úr steitu og hraða í umhverfinu.

Eftirfarandi stöður eru lausar til umsóknar.

Deildarstjóri og leikskólakennarar

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leikskólakennaramenntun
- Hæfni og reynsla í stjórnun
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Færni í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfileikar, frumkvæði, áhugi og metnaður í starfi

Ef ekki fást leikskólakennarar til starfa verða ráðnir starfsmenn með aðra uppeldismenntun og/eða reynslu.

Upplýsingar veitir Sigurlaug Einarsdóttir, leikskólalæknir í síma 693 9849.

Nánari upplýsingar um þessi störf og önnur störf í leikskólum Reykjavíkur eru einnig veittar í starfsmannþjónustu Menntasviðs í síma 411 7000. Laun eru samkvæmt kjarsamningum Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélag. Umsóknareyðublað og nánari upplýsingar um laus störf er að finna á heimasíðunni www.leikskolar.is.

Menntasvið Reykjavíkurborgar, Fríkirkjuvegi 1, 101 Reykjavík, sími: 411 7000, menntasvid@reykjavik.is

skiltagerð

Vegna mikilla anna óskum við eftir laghentum starfskrafti til uppsetningar á skiltum og öðrum umhverfisauklýsingum.

Fjölbreytt og áhugavert starf í líflegu og ört vaxandi fyrirtæki.

Umsóknir sendist á Viðarhöfða 4, 110 Reykjavík, á faxi eða á netfangi merking@merking.is, fyrir föstudaginn 16. sept.



Viðarhöfða 4 - 110 Reykjavík - Sími: 562 7044 - Fax: 562 6787

Merking er ein stærsta skiltagerð landsins með tæplega 40 starfsmenn. Við höfum óvallt lagt metnað í góðu og trausta framleiðslu og höfum verið í fararbroddi í talu- og tæknivæðingu á öllum sviðum á Íslandi.



Forðafræðingur

Rannsóknardeild Tæknimálasviðs Orkuveitu Reykjavíkur óskar að ráða forðafræðing (Reservoir Engineering) til starfa.

Orkuveita Reykjavíkur er sjálfstætt þjónustufyrirtæki sem aflar og dreifir vistvænni orku á sem hagkvæmasta hátt og í sátt við umhverfið.

Á þjónustuvæði fyrirtækisins býr meira en helmingur íslensku þjóðarinnar.

Stefna Orkuveitunnar er að veita viðskiptavinum sínum bestu mögulegu þjónustu og sjá þeim fyrir ódýrri vistvænni orku sem framleidd er úr endurnýjanlegum íslenskum orkulindum. Þannig stuðlar fyrirtækið að aukinni notkun hreinnar innlendrar orku og leggur um leið sitt af mörkum til nýsköpunar og framfara í landinu.

Starfsemi Orkuveitu Reykjavíkur tekur mið af skynsamlegri nýtingu orkulinda og fyrirtækið er til fyrirmyndar í umgengni á eigin umráðasvæðum og vinnur þar að uppgræðslu lands og friðun dýralífs.

Það er stefna Orkuveitu Reykjavíkur að auka hlut kvenna í stjórnunar- og ábyrgðarstöðum innan fyrirtækisins.

Helstu verkefni deildarinnar eru:

Grunnrannsóknir jarðhitasvæða, eftirlit með vinnslu jarðhitasvæða, mat á umhverfisáhrifum á Nesjavöllum og Hellisheiði, umhverfisáhrif, borframkvæmdir, borholur og gæði kalda vatnsins.

Starfssvið:

- Mat á vinnslugetu jarðhitasvæða
- Eftirlit með jarðhitasvæðum í vinnslu
- Afkastamælingar borhola og annað er lýtur að gerð og eðlisástandi jarðhitakerfa

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði verkfræði, jarðeðlisfræði eða skyldra greina
- Reynsla af forðafræði jarðhitasvæða æskileg
- Frumkvæði í starfi
- Metnaður og áhugi
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga@img.is) og Guðríður Dröfn Hálfðanardóttir (guðridur@img.is) hjá Mannafli-Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 25. september nk.

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Mannafli-Liðsauka: www.mannafl.is og sendið jafnframt ferilskrá. Farið er með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

IMG
MANNAFL
LIÐSAUKI



Sérfræðingur og Deildarlæknir

Staða sérfræðings við Sjúkrahúsið Vog er laus til umsóknar nú þegar.

Sérmenntun í geðlækningum, lyflækningum eða heimilislækningum æskileg. Einnig er laus staða deildarlæknis.

Nánari upplýsingar veitir Þórarinn Tyrfingsson forstöðulæknir í síma 824 7600. Umsóknir sendist SÁÁ Stórhöfða 45, 110 Reykjavík merktar „læknir“.



MÓTTÖKURITARI – LÆKNARITARI

Lausar er til umsóknar stöður ritara við Sjúkrahúsið Vog. Æskilegt er að viðkomandi getið hafið störf sem fyrst. Upplýsingar veitir Þórarinn Tyrfingsson, yfirlæknir í síma 824 7600.

Skriflegar umsóknir er tilgreini menntun og fyrri störf sendist til Sjúkrahúsins Vogs Stórhöfða 45 110 Reykjavík merktar viðkomandi störfum eigi síðar en 19 sept. n.k.

Hvernig verður maður ...

... pípulagningamaður?

STARFIÐ

Pípulagningamenn sjá um ýmislegt sem viðkemur lögnum og vatni, jafnt innanhúss sem utan. Þar má nefna uppsetningar, tengingar, breytingar og viðgerðir á vatns- og hitalögnum; frágang frárennslislagna, jarðvegslagna, holræsa og niðurfalla og lagningu hitakerfa innanhúss, til dæmis ofnakerfa og gólfhitakerfa. Einnig sjá pípulagningamenn um uppsetningu frystitækja í iðnfyrirtækjum og frystihúsum og annast vatnslagnir í skipum. Pípulagningar eru löggild iðngrein.

NÁMIÐ

Fjögur ár tekur að læra pípulagnir en hægt er að velja á milli tveggja námsleiða. Annars vegar er gerður fjögurra ára námssamningur við pípulagningameistara þar sem samtímis þarf að taka þrjár bóklegar annir í iðn- eða fjölbrautaskóla. Hins vegar er hægt að ljúka árs námi í grunndeild málmíðna og gera síðan þriggja ára námssamning við pípulagningameistara. Á sama tíma þarf að taka tvær bóklegar annir í iðn- og fjölbrautaskóla. Náminu lýkur með sveinsprófi þar sem viðkomandi fær heimild til að bera starfsheitið pípulagningamaður. Einungis eru seinni tvö árin lánsþæf.

HELSTU NÁMSGREINAR

Í bóklega hlutanum eru kenndar sérgreinar svo sem rafmagnsfræði, raf- og logsuða, vélfræði og verkleg pípulagn. Þar að auki eru almennar greinar eins og íslenska, enska, danska og stærðfræði. Verklega þjálfunin fer að mestu fram hjá meistarum en getur þó að hluta farið fram í skóla.

INNÞÖKUSKILYRÐI

Umsækjandi verður að hafa fengið minnst 5 í einkunn í íslensku og stærðfræði á grunnskólaprófi (meðaltal samræmds prófs og skóláeinkunn-



Pípulagningamaður að störfum.



Oft þarf að brjóta upp vegg og gólf til að komast að lögnum.



Verkfærakassi pípulagningamannsins.

ar). Ef fleiri nemendur sækja um en hægt er að sinna láta flestir skólar einkunnirnar ráða vali.

AÐ NÁMI LOKNUM

Pípulagningamenn geta sótt um meistaránám sem gerir þeim kleift að stofna

eigið fyrirtæki í byggingariðnaði. Hægt er að hefja nám í tækniskóla og verða tæknifræðingur eða ljúka stúdentsprófi og sækja háskólanám svo sem í verkfræði. Einnig er möguleiki á ýmiss konar menntun erlendis sem tengist byggingariðnaði. - mþb



Við óskum eftir liðsauka á starfsstöðvar SSR í Reykjavík.

Okkur vantar starfsfólk í hlutastöður og fullar stöður á hin ýmsu heimili og íbúðakjarna fyrir fatlaða í Reykjavík. Heimilin/þjónustan eru víðs vegar um borgina. Um fjölbreytta vaktamöguleika er að ræða og skipulagða aðlögun er fyrir nýtt starfsfólk undir handleiðslu fagfólks.

Við óskum eftir fólk á öllum aldri og með ýmiskonar bakgrunn.

Upplýsingar um störf veita forstöðuþroskaþjálfar og forstöðumenn starfsstöðvanna, sjá upplýsingar og símanúmer á heimsíðu SSR, www.ssr.is

Einnig veita Stefánía Muller og Guðný Anna Arnþórsdóttir upplýsingar í síma 533-1388, gudnya@ssr.is & stefania@ssr.is

Frekari upplýsingar um starfsemi SSR er að finna á heimasíðunni www.ssr.is

Þá er einnig unnt að leita upplýsinga á www.job.is

- Laun eru í samræmi við samninga ríkisins og SFR.
- Umsóknarfrestur er til 26.september 2005.
- Aldurstakmark umsækjenda er 20 ár.
- Umsóknareyðublöð liggja frammi á skrifstofunni Síðumúla 39 og á fyrrnefndri heimasíðu SSR

Á SSR er unnið í samræmi við jafnréttisáætlun.

Afgreiðsla

Óskum að ráða duglegan og hressan starfsmann til afgreiðslu í verslun okkar. Æskilegt er að umsækjandi hafi áhuga á þeim vörum sem við seljum; reiðhjólum, skíðum, snjóbreutum, æfingataekjum og golfi.

Vantar einnig skólafólk í hlutastaf, seinni part virka daga og á laugardögum. Æskilegt er að umsækjandur geti hafið störf sem fyrst. Góð laun eru í boði fyrir góða starfsmenn. Umsóknareyðublöð liggja frammi í verslun okkar að Ármúla 40.



Bílstjórar, Verkamenn.

Vegna mikilla verkefna óskar Háfell eftir að ráða starfsfólk í eftirtalin störf :

Námubílstjóra
Verkamenn

Upplýsingar um störf eru veittar á skrifstofu Háfells Krókháls 12
s: 587-2300. Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu Háfells www.hafell.is



Garðyrkjustarf í boði

Gróðrastöðin Stord ehf. óskar eftir starfsmanni vönum garðyrkjustörfum. Þarf að geta byrjað sem fyrst.

Gróðrastöðin Stord ehf.

Dalvegi 30 • 201 Kópavogi
netfang stord@centrum.is • gsm. 699 0890

Slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, SHS, þarf á slökkviliðs- og sjúkraflutningamönnum að halda. Um er að ræða fullt starf í vaktavinnu við sjúkraflutninga, slökkvistörf og reykjöfun, björgun og neyðarflutninga með möguleika á starfsmenntun og þjálfun erlendis og innanlands. Laun eru skv. kjarasamningi Launanevndar sveitarfélaga og Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna.

Umsækjendur þurfa að:

- Vera reglusamir og háttvísir.
- Hafa góða líkamsturði, gott andlegt og líkamlegt heilbrigði, góða sjón og heyrn, rétta litaskynjun og vera lausir við lofthæðslu og innilokunarkennd.
- Hafa aukin réttindi til að stjórna vörubifreið og leigubifreið. Nóg er að umsækjandi hafi öðlast aukin ökuréttindi þremur mánuðum eftir ákvörðun um ráðningu.
- Hafa iðnmenntun (sveins- eða vélstjórpróf) sem nýtist í starfi eða sambærilega menntun (stúdentspróf) og reynslu.

Umsóknir

Umsóknareyðublöð eru hjá þjónustuveri SHS og á www.shs.is. **Umsóknunum og fylgigögnum skal skila** til þjónustuvers SHS **eigi síðar en 26. september**. Fylgigögn: Læknisvottorð um almennt heilbrigði, sakavottorð, prófskírteini, ljósrit af ökuskrírteini og ökuferilsskrá, passamynd. Ein kona starfar hjá okkur sem slökkviliðs- og sjúkraflutningamaður. Við hvetjum konur sérstaklega til að sækja um.

Ráðningarferlið

Reynsluráðning er áætluð frá 1. desember 2005. Að loknum sex mánaða reynslutíma verður tekin ákvörðun um fastráðningu. Þeir sem uppfylla almenn skilyrði þurfa að vera reiðubúnir að gangast meðal annars undir:

- Styrkleikapróf: 3.000 m hlaup og sund
- Aksturspróf
- Próf vegna lofthæðslu og innilokunarkenndar
- Göngupróf á bretti í eldgalla með reykjöfunartæki á bakinu
- Próf í almennri þekkingu og tungumálum
- Læknisskoðun, hjóla- og áreynslupróf

Nánari upplýsingar:

Kynningarfundur verður haldinn 15. september kl. 13.00 í Björgunarmiðstöðinni Skógarhlíð í Reykjavík. Frekari upplýsingar veita Kristín Þorsteinsdóttir (kristin.thorsteinsdottir@shs.is) og Jón Friðrik Jóhannsson (jon.fridrik.johannsson@shs.is) í s. 528 3000 á skrifstofutíma. **Einnig á www.shs.is.**



SHS

Skógarhlíð 14
105 Reykjavík
sími 528 3000
shs@shs.is
www.shs.is

SHS er byggðasamlag sem sinnir slökkvistarfi, sjúkraflutningum, viðbrögðum við mengunaráhöppum, forvörnum, almannavörnum og öðrum verkefnum sem stjórn SHS ákveður hverju sinni og varða velferð íbúa. Að rekstri SHS standa sjö sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavíkurborg, Kópavogsbær, Hafnarfjarðarbær, Garðabær, Mosfellsbær, Seltjarnarneskaupstaður og Álftanes. Framkvæmdastjórnar sveitarfélaganna skipa stjórn SHS.



Vegna góðrar verkefnastöðu óskar Steypustöðin eftir að ráða í eftirtalin störf.

Starf Verksmiðjustjóra í einingarverksmiðju
Starfið felst í skipulagningu einingarframleiðslu, vinnslu á einingum og þróunarvinnu. Umsækjandi, um starf Verksmiðjustjóra einingarverksmiðju í Hafnarfirði, þarf að vera skipulagður, áhugasamur, frumlegur og skapandi. Reynsla eða menntun í smíði, múrverki eða sambærilegu nauðsynleg.

Starf á lager

Starfið felst í almennum lagerstörfum við hellur, steina og forsteyptar einingar á lager okkar í Hafnarfirði. Umsækjandi þarf að hafa lyftarapróf. Kostur ef umsækjandi er með meirapróf.

Starf í framleiðslu

Starfið felst í afgangi jarnapantana, vinna við tölvustýrða beygjuvél á framleiðslu úr kambstáli, vinna við suðu á kambstáli og umsjón með jarnlager.

Leitað er að ábyrgum, samvissuöðum einstaklingum sem eru röskir, nákvæmir og samstarfsliprir með frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.

Vinnutími er frá kl. 8-18 virka daga. Umsóknir ásamt ferillýsingu sendist fyrir föstudaginn 19. september 2005 á skrifstofu á Malarhöfða 10, Reykjavík eða í tölvupósti á netfangið : habba@steypustodin.is. Hrafnildur svarar fyrirspurnum í síma 540-6800.

Umsækendur þurfa að hafa vilja til að taka þátt í þróttmikilli og metnaðarfullri starfssemi okkar þar sem þjónusta, vörugæði og öryggi eru í fyrirrúmi.

Steypustöðin er framsækið þjónustu og framleiðslufyrirtæki sem skapar ásamt viðskiptavinum sínum verðmætar gæðalausnir.

Húsmóðir/faðir Neskirkju



Vantar þig hlutastarf? Viltu vinna í fallegu og notalegu umhverfi?

Laus eru tvö hálf dags störf í safnaðarheimili Neskirkju. Í starfinu felst að hella upp á kaffi, útbúa og framreiða einfaldar veitingar.

Leitað er eftir tveimur starfsmönnum sem skipta með sér vinnudeginum frá mánudegi til föstudags.

Vinnutími 8.30-12.30 og 12.30-16.30.

Starfið getur hentað stúdentum og/eða eftirlaunafólki.

Upplýsingar veita Inga Jóna og Rúnar í s. 511 1560

Sölufulltrúi/fasteignasala

Hefur þú áhuga á lifandi starfi, mannlegum samskiptum, sjálfstæði í starfi og góðum launum? Ef svo er þá erum við rétti vinnustaðurinn fyrir þig.

Hjá fasteignasölu RE/MAX Mjódd starfar duglegt og metnaðarfullt fólk sem hefur það að markmiði sínu að veita viðskiptavinum sínum ætíð topp þjónustu.

Ef þú vilt slást í hópinn, þá vinsamlegast sendu inn umsókn á auglýsingadeild Fréttablaðsins merka „Metnaður 2005“

Fasteignasalan RE/MAX Mjódd
Þönglabakka 1
109 Reykjavík.

RE/MAX Mjódd



Reykjavíkurborg
Þjónustumiðstöðvar



Skemmtileg störf í þínu hverfi

Þjónustumiðstöðvarnar í Reykjavík eru að leita að áhugasömu og drifandi fólki til að sinna fjölbreyttum störfum í heimaþjónustu, liðveislu við fólk með fötlun og stuðning við börn, unglunga og fjölskyldur þeirra.

Margvísleg reynsla kemur að notum og njóta starfsmenn leiðsagnar og stuðnings í starfi frá reyndum fagmönnum. Þjónustumiðstöðin er góður vinnustaður með jákvæðum starfsanda sem býður upp á sveigjanlegan vinnutíma.

Hvort sem þú ert að leita að framtíðarstarfi eða vantar vinnu með skóla, hafðu samband við þjónustumiðstöðina í þínu hverfi, við munum taka vel á móti þér og finna starfshlutfall sem hentar.

Vesturgarður, Þjónustumiðstöð Vesturbæjar:

Droplaug Guðnadóttir, sími 562 2571, netfang: droplaug.gudnadottir@reykjavik.is

Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða:

Harpa Jóhannsdóttir, sími: 535 2740, netfang: harpa.run.johannsdottir@reykjavik.is

Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis:

Guðbjörg Vignisdóttir, sími 411 2500, netfang: gudbjorg.vignisdottir@reykjavik.is

Þjónustumiðstöð Breiðholts:

Kristján Sigurmundsson, sími 535 2700, netfang: kristjan.sigurmundsson@reykjavik.is

Þjónustumiðstöð Árbæjar:

Elin Guðjónsdóttir, sími: 587 2888, netfang: elin.gudjonsdottir@reykjavik.is

Miðgarður, Þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness:

Sólveig Victorsdóttir, sími 411 1400, netfang: solveig.victorsdottir@reykjavik.is

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélag. Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum.

Þjónustumiðstöðvar eru starfræktar á sex stöðum í borginni. Markmiðið með stofnun þeirra er að auka aðgengi að þjónustu borgarinnar, stuðla að samstarfi sérfræðinga í málefnum barna og fjölskyldna og efla hverfastarf.

Þjónustumiðstöðvar heyra undir Þjónustu- og rekstrarsvið Reykjavíkurborgar þar sem löggö er áhersla á framsækna þjónustu við viðskiptavinum og hagkvæmni í rekstri. Starfsmenn eru lykill að velgengni stofnana og deilda sviðsins og gegna mikilvægasta hlutverkinu í þjónustumiðaðri starfsemi.

Hvað hentar þér?

Á www.hagvangur.is eru fjöldamörg áhugaverð störf í boði!

Tækifærin eru ótal mörg í dag fyrir þá sem eru í atvinnuleit og á helmasíðu Hagvangs er hægt að sækja um fjölda starfa.

Óvenjulega mörg hlutastörf eru nú í boði sem er gleðiefni fyrir þá sem ekki vilja vinna fullan vinnudag.

Mikil eftirspurn er eftir fólki í öll almenn störf, hvort sem um er að ræða verslunarstörf, sölustörf, almenn skrifstofustörf eða lagerstörf svo dæmi séu tekin. Þetta eru fjölbreytt og krefjandi verkefni hjá góðum fyrirtækjum, stórum og smáum, sem vilja bæta við sig starfsfólki til að mæta auknum kröfum viðskiptavina sinna.

■ **Afgreiðslu- og sölustörf hjá Lyf og heilsu – hlutastörf og heilsdagsstörf**

■ **Móttöku- og ritastörf – hlutastarf og fullt starf**

■ **Skrifstofustarf hjá skemmtilegri heildverslun – hlutastarf**

■ **Bókhaldsstörf – hlutastörf og heilsdagsstörf**

■ **Framtíðarstörf hjá Reiknistofu bankanna**

■ **Fjölbreytt afgreiðslu- og skrifstofustarf – fullt starf**

■ **Almenn skrifstofustörf eftir hádegi**

■ **Skrifstofustjórnum fyrir hádegi**

■ **Sérhæfð sölustörf**

■ **Verslunarstjórnum**

■ **Lagerstörf**

■ **Vátryggingaráðgjöf á fyrirtækjasviði**

Farðu inn á www.hagvangur.is og skráðu þig í dag!

HAGVANGUR
- við ráðum



Reykjavíkurborg
Menntasvið



Náms- og starfsráðgjafar hjá Námsflokkum Reykjavíkur

Lausar eru til umsóknar tvær nýjar stöður náms- og starfsráðgjafa hjá Námsflokkum Reykjavíkur. Ráðgjafarnir starfa í náinni samvinnu við forstöðumann Námsflokka og framkvæmdastjóra þjónustumiðstöðva borgarinnar. Hlutverk þeirra er að framfylgja félagslegri menntastefnu Reykjavíkurborgar með því að:

- veita fullorðnu fólki ráðgjöf um námsleiðir og námsaðferðir
- greina þarfir fyrir sértæk námsúrræði fyrir fullorðna

Leitað er að einstaklingum sem

- hafa lokið námi í náms- og starfsráðgjöf
- hafa góða þekkingu á skólakerfinu
- þekkja námsleiðir og námsaðferðir í fullorðinsfræðslu
- eru liprir í samskiptum og úrræðagóðir
- sýna frumkvæði og geta starfað sjálfstætt
- hafa góða þjónustulund og eru tilbúnir að taka þátt í þverfaglegu starfi

Námsráðgjafarnir starfa í öllum þjónustumiðstöðvum Reykjavíkurborgar, en hafa fast aðsetur í tveimur þeirra; annar í Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Vesturgarði og hinn í Þjónustumiðstöð Árbæjar í húsi Orkuveitunnar.

Næsti yfirmaður: Forstöðumaður Námsflokka Reykjavíkur

Umsóknarfrestur er til 1. október nk.

Upplýsingar gefur Björg Árnadóttir forstöðumaður Námsflokka Reykjavíkur bjorg.arnadottir@reykjavik.is og Valgerður Janusdóttir mannauðsráðgjafi hjá Menntasviði valgerdur.janusdottir@reykjavik.is í síma 411 7000. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélag. Umsóknnum fylgi yfirlit um nám og störf og önnur gögn er málið varðar. Umsóknir sendist til Menntasviðs Reykjavíkur, Frikirkjuvegi 1, 101 Reykjavík.



Sérkennsla í leikskólum

Stöður sérkennara eru lausar til umsóknar í eftirtöldum leikskólum í Reykjavík:

- **Fellaborg**, Völvufelli 9 í síma 557-2660
- **Fífuborg**, Fífurimi 13 í síma 587-4515
- **Geislabaugur**, Kristnibraut 26 í síma 517-2560
- **Heiðarborg**, Selásbraut 56 í síma 557-7350
- **Seljakot**, Rangárseli 15 í síma 557-2350
- **Sólbakki**, Stakkahlíð 19 í síma 552-2725
- **Suðurborg**, Suðurrhólum 19 í síma 557-3023
- **Sæborg**, Starhaga 11 í síma 562-3664
- **Ægisborg**, Ægisíðu 104 í síma 551-4810

Upplýsingar veita leikskólastjórar

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði leikskólakennslu, þroskaþjálfunar, uppeldis- eða sálfræði.
- Reynsla af vinnu með einstaklingum með þroskafrávik æskileg.
- Færni í mannlegum samskiptum.
- Skipulagshæfni, áreiðanleiki og nákvæmni í starfi.

Nánari upplýsingar um þessi störf og önnur störf í leikskólum Reykjavíkur eru einnig veittar í starfsmannþjónustu Menntasviðs í síma 411 7000. Laun eru samkvæmt kjarasamningum Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélag. Lausar stöður eru birtar á heimasíðunni www.leikskolar.is.

Menntasvið Reykjavíkurborgar, Frikirkjuvegi 1, 101 Reykjavík, sími: 411 7000, menntasvid@reykjavik.is

Prentari óskast!

Óskum eftir að ráða vanan prentara á Heidelberg DI Quickmaster

Umsóknir sendist á netfang: kristjan@leturprent.is
Upplýsingar veitir Kristján Ingi í síma 533 3600

Leturprent er framsækin prentsmiðja, sem leggur metnað sinn í að starfa með fullkonnustu tækni á hverjum tíma. Fyrirtækið er í forystu í stafrænni offsetprentun hérlendis.

... í einum grænum!

Leturprent

STAFRÆN GÆÐAPRENTUN

Síðumúla 22 • 108 Reykjavík • Sími 533 3600 • www.leturprent.is

Vilt þú slást í hópinn ?

Expert er stærsta raftækjaverslun landsins með mikið úrval af tölum og raftækjum fyrir heimili og skrifstofur.

Expert óskar að ráða starfsmann í tölvideild, 100% starf og starfsmann á kassa í 100% starf. Við bjóðum mjög góða vinnuástandu á skemmtilegum vinnustað. Einnig vantar helgar- og ihlaupafólk.

Áhugasamir sendi inn umsókn og ferilsskrá ásamt mynd til atvinna@expert.is

expert

Skútuvegur 2 - sími: 522 9000
Opni virka daga kl. 11.00 - 18.30 | Laugardaga kl. 10.00 - 18.00 | Sunnudaga kl. 13.00 - 17.00

Leikskólinn Krakkaborg auglýsir eftir leikskólakennara inn á deild.

Ef ekki fæst leikskólakennari til þessa starfs kemur til greina að ráða leiðbeinanda. Umsóknarfrestur er til 15. september.

Nánari upplýsingar og umsóknir berist á netpósti: leikskoli@simnet.is eða í síma 482-3085.

Þórdís Bjarnadóttir og Hallfríður Aðalsteinsdóttir.

Filmur á ofvöxnum matardiskum

Heiðar Ólason er sýningamaður í Háskólabíói og Sambíóum. Hann hefur mjög gaman að kvikmyndum þó að hann hafi lítið séð af þeim síðustu mánuði.

Heiðar Ólason starfar sem sýningamaður bæði í Sambíóunum og Háskólabíói. Hann er maðurinn á bak við myndirnar rétt eins og Ítallinn Alfredo í myndinni Nuovo cinema Paradiso. Forvitnilegt er að vita hvort sami sjarmi sé yfir starfi Heiðars og var í myndinni fornfrægu.

„Ég sé um að sýna myndirnar á réttum tíma, taka hlé og fylgjast með að allt sé í lagi svo sem hljóð og fleira,“ segir Heiðar og bendir á að aðeins einn sýningamaður sé að störfum hverju sinni og því þurfi

að fylgjast með mörgum sölum í einu.

Þegar myndirnar koma að utan eru þær á nokkrum spólum sem sýningamaðurinn þarf að klippa saman og setja í eina koku. Filmurnar verða því mjög stórar og eru keyrðar á svokölluðum plöttum. „Ímyndaðu þér matardisk, bara hundrað sinnum stærri. Filmurnar liggja ofan á þessum matardiskum eða plöttum og er keyrt af einum platta í gegnum sýningavélina og inn á þann næsta.“

Kvikmyndahúsin eru ekki öll jafn tæknivædd. Í Sambíóunum er möguleiki á samkeyrslu þar sem sama myndin er sýnd í tveimur sölum en þá er filman tvískipt og þræða þarf í hléinu. Í kjallarum eru síðan svokallaðir endlersplattar sem eru með sjálfþræðandi kerfi. „Í Háskólabíói er eldra og

stífara kerfi, þar er engin samkeyrsla í gangi eða endlersplattar, bara gamlir traktorar.“

Heiðar segist eiginlega hafa dottið inn í starfið frekar óvænt, vinur hans rak Sambíóin á Akureyri og þar byrjaði hann. „Ég er búinn að vinna í þessu núna í fjögur og hálf ár og kann rosalega vel við mig. Vinnan er þægileg, maður er bara í sínum fötum og vinnur í tórnum. Kannski kemur tuttugu mínútna vinna og svo getur maður setið á rassinum í klukkutíma inn á milli,“ segir Heiðar og telur engan sérstakan ókost vera á starfinu þó sumum myndist vinnutíminn kannski óþægilegur.

Þrátt fyrir að Heiðar hafi mikinn áhuga á kvikmyndum hefur hann lítið séð af þeim síðustu mánuði sökum mikillar vinnu. Maður hefði haldið að sýningamaðurinn



Heiðar Ólason með plattana í baksýn.

fengi einmitt að sjá allar myndir en svo er ekki. „Hægt er að sjá á tjaldíð í gegnum lítinn glugga en maður nennir ekki að standa lengi boginn í baki enda er nauðsynlegt að flakka á milli sala. Það þarf að

vakta yfir þessu drasli, alltaf getur eitthvað gerst.“ Starfið hljómar því kannski ekki alveg eins rómantískt og í myndinni ítölsku þó Heiðar sé augljóslega ánægður með það. **-mþþ**



KÓPAVOGSBÆR

LAUS STÖRF

Íþróttamiðstöðin Versalir:

- Baðvarsla kvenna í íþróttahúsi
- Baðvarsla karla í íþróttahúsi

Sundlaug Kópavogs:

- Laugarvarsla/baðvarsla karla

GRUNNSKÓLAR KÓPAVOGS:

Kársnesskóli:

- Starfsmaður í Dægradvöl
- Proskapjálfi/stuðningsfulltrúi

Lindaskóli:

- Gangaverðir/-ræstar
- Starfsmenn í Dægradvöl

Salaskóli:

- Dönskukennari

Snælandsskóli:

- Starfsmaður í Dægradvöl

Vatnsendaskóli:

- Starfsmaður í Dægradvöl
- Gangavörður/ræstir

LEIKSKÓLAR KÓPAVOGS:

Leikskólinn Arnarsmári:

- Leikskólakennarar

Leikskólinn Álfaheiði:

- Leikskólak. hlutastarf

Leikskólinn Álfatún:

- Leikskólakennari

Leikskólinn Dalur:

- Starfsm. hlutastaða e.h.

Leikskólinn Efstihjalli:

- Leikskólakennarar

Leikskólinn Fagrabrekka:

- Leikskólakennari
- Matráður - 100%
- Sérkennslustjóri - 50%

Leikskólinn Fífusalir:

- Leikskólakennari
- Deildarstjóri

Leikskólinn Kópasteinn:

- Leikskólakennari
- Skilastaða 20 - 30%

Leikskólinn Núpur:

- Leikskólakennarar
- Skilastaða

Leikskólinn Rjúpnahæð:

- Leikskólakennari
- Leikskólasérkennari/proskapjálfi

Nánari upplýsingar á:

www.kopavogur.is
og www.job.is



Verkstjóri



Vegna aukinna umsvifa vantar Flotgolf ehf. að ráða til sín vana verkstjóra í byggingariðnaði.

Áhugasamir vinsamlegast sendið tölvupóst á netfangið flotgolf@flotgolf.is. Fullum trúnaði heitið.

Flotgolf ehf.
Miðhraun 15, Garðabær
www.flotgolf.is

Flotgolf ehf. er leiðandi fyrirtæki á sviði múrverks og innflytjandi á múrefnum og gífssteinum til milliveggja.

LAUS STÖRF Í LAUGUNUM Í REYKJAVÍK

ÍTR óskar eftir starfsfólki í Laugarnar í Reykjavík. Laugarnar eru tilvalinn starfsvettvangur fyrir fólk sem vill vinna í fjöru og skemmtilegu umhverfi og hefur ánægju af því að umgangast og þjónusta viðskiptavini. Laugarnar í Reykjavík eru alls sjö og tóku á móti tæplega 1,9 milljón gesta á síðasta ári.

Um er að ræða 100% störf í vaktavinnu. Möguleiki á framtíðarstarfi.

• ÁRBÆJARLAUG

Starfsmenn vantar á kvennaböð og í laugarvörslu. Nánari upplýsingar veitir Ólafur Gunnarsson í síma 510 6600 netfang: olafur.gunnarsson@reykjavik.is

• LAUGARDALSLAUG

Starfsmenn vantar á kvennaböð og í afgreiðslu. Nánari upplýsingar veitir Stefán G. Kjartansson forstöðumaður í síma 510 4500 netfang: stefan.g.kjartansson@reykjavik.is

• VESTURBÆJARLAUG

Starfsmann vantar á kvennaböð Vesturbæjarlaug. Nánari upplýsingar veitir Guðrún Arna Gylfadóttir forstöðumaður í síma 551 5004 netfang: guðrun.arna.gylfadottir@reykjavik.is

Umsækjendur verða að eiga gott með að umgangast fólk, hafa góða þjónustulund og vera stundvísir. Umsækjendur þurfa að standast hæfnispróf sbr. Öryggisreglugerð fyrir sundstaði. Umsóknunum skal skilað á skrifstofu ÍTR Fríkirkjuvegi 11, 101 Reykjavík eða til viðkomandi forstöðumanna. Einnig er hægt að sækja um störfin á heimasíðu ÍTR, www.itr.is Laun eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.

Starfsmenn ÍTR vinna á sviði íþrótt- og tómsunda og eru lykkillinn að því að ÍTR geti veitt fyrsta flokks þjónustu við viðskiptavini sína. ÍTR hefur fengið sérstaka viðurkenningu Reykjavíkurborgar fyrir starfsárangur. ÍTR leggur mikla áherslu á fræðslu og símenntun fyrir sitt starfsfólk, jafnrétti og starfsmannastefnu. Allir starfsmenn taka þátt í fræðslustarfi ÍTR og eru upplýstir um jafnréttisáætlun og starfsmannastefnu fyrirtækisins og Reykjavíkurborgar. Íþrótt- og tómsundasvið Reykjavíkur starfrækir m.a. sjö sundlaugar, fimm frístundamiðstöðvar, tíu félagsmiðstöðvar, þrjátíu og þrjú frístundaheimili, þrjár íþróttamiðstöðvar, Hitt Húsið, Þjónustudeild, þrjú skíðasvæði, skíðasvæði í hverfum, Fjölskyldu- og húsdýragarðinn, Ylströndina, tómsundastarf í grunnskólum borgarinnar, sumarstarf fyrir börn, smíðavelli, sumargrín, siglingaklúbbinn í Nauthólsvík o.fl.



Íþrótt- og tómsundasvið Reykjavíkur, Fríkirkjuvegi 11, 101 Reykjavík, sími: 510 6600, fax: 510 6610, netfang: itr@itr.is, vefslóð: www.itr.is

Arkitektar - byggingarfræðingar - byggingartæknifræðingar

Teiknistofa Halldórs Guðmundssonar óskar eftir að ráða Arkitekta, byggingarfræðinga og byggingartæknifræðinga til starfa sem fyrst.

Teiknistofa Halldórs Guðmundssonar er meðal stærri arkitekta- og ráðgjafastofa. Stofan býður upp á öflugar arkitektþjónustu samhliða því að vera brautryðjendur arkitektafyrirtækja í verkefnastjórnun. Mörg spennandi verkefni eru í vinnslu og bíða úrlausnar.

Áhugasamir sendi upplýsingar á netfang halldor@thg.is eða samuel@thg.is fyrir 22.9.2005 eða hafi samband við Halldór eða Samúel í síma 545 1600. Farið verður með umsóknir sem trúnaðarmál.

TEIKNISTOFA
HALLDÓRS
GUÐMUNDSSONAR





Viltu vinna með börnum á vettvangi frítímans? ÍTR vantar starfsfólk á frístundaheimilin í Reykjavík.

Frístundaheimilin bjóða upp á fjölbreytt tómsundastarf fyrir 6-9 ára börn þegar hefðbundnum skóladegi lýkur. Frístundaheimili eru starfandi við alla grunnskóla Reykjavíkurborgar.

Taktu þátt í að móta ört stækkandi fagstétt frístundaleiðbeinenda og frístundaráðgjafa. Breytt samfélag kallar á fleiri starfsmenn og aukna fagmennsku í starfi með börnum á vettvangi frítímans. Í frítímanum á að vera gaman en frítíminn er einnig kjörinn til að fást við þroskandi og krefjandi verkefni.

Hægt er að nálgast frekari upplýsingar um störfin og sækja um á heimasíðu ÍTR, www.itr.is. Einnig er hægt að sækja um störfin á skrifstofu ÍTR, Fríkirkjuvegi 11, og á frístundamiðstöðvunum í hverfum borgarinnar.

Laun skv. kjarasamningi Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar við Reykjavíkurborg



Íþrótt- og tómsundasvið Reykjavíkur, Fríkirkjuvegi 11, 101 Reykjavík, sími: 510 6600, fax: 510 6610, netfang: itr@itr.is, vefslóð: www.itr.is



**Leðuriðjan ehf. Brautarholti 4,
óskar eftir starfsfólki til vinnu við
framleiðslu á ATSON leðurvörum.
Fullt starf eða hlutastarf.**

**Nánari upplýsingar í síma 699 6029 eða
senda fyrirspurn í tölvupósti á
edda@atson.is**



Sérfræðingur í innri endurskoðun

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði viðskipta, hagfræði, verkfræði eða sambærileg menntun.
- Bókhaldbækking og reynsla í notkun bókhaldshugbúnaðar.
- Hæfni í greiningu talnaupplýsinga.
- Þekking og reynsla á sviði innri endurskoðunar er æskileg.
- Æskilegt er að viðkomandi hafi undirstöðþekkingu í notkun fyrirspurna í venslaða gagnagrunna (SQL, PL/SQL) - ekki er um að ræða forritun.
- Tungumálakunnátta og hæfni til að setja fram mál í ræðu og riti, sérstaklega á íslensku.

Helstu verkefni

- Innri endurskoðunar- og stjórnsýsluúttektir hjá borgarsjóði og stofnunum Reykjavíkurborgar.
- Vinna við framþróun innra eftirlits og tillögugerð um leiðir til aukinnar hagkvæmni í rekstri borgarinnar.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og hlutaðeigandi stéttarfélag.

Upplýsingar um störfin veitir Ágúst Hrafnkelsson, forstöðumaður Innri endurskoðunar í síma 411-4600 (agust.hrafnkelsson@reykjavik.is).

Skriflegum umsóknum ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf skal skila til Ráðhúss Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík, merktum Innri endurskoðun og heiti starfs fyrir 26. september nk. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar annast innri endurskoðun hjá borgarsjóði og stofnunum Reykjavíkurborgar í umboði borgarráðs og borgarstjóra.

Sjá nánar http://www.reykjavik.is/default.asp?cat_id=1082

við kynnum nýja leið

Vilt þú starfa í spennandi umhverfi

Þjónustufullrúar óskast til starfa á framsækna fasteignasölu

Helstu verkefni:

- Þjónusta við núverandi viðskiptavinum, sala fasteigna, fjármálaráðgjöf og öflun nýrra viðskiptavina.

Hæfniskröfur:

- Góð menntun og reynsla af störfum á fasteignasölu.
- Rík þjónustulund, þægilegt viðmót og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Markviss vinnubrögð, sjálfstæði sem og metnaður og vilji til að ná árangri í starfi.

Þú vinnur með samstilltum hópi einstaklinga sem hefur það að markmiði að ná árangri í fasteignasölu með framúrskarandi þjónustu og vandvirkum vinnubrögðum.

Launaöryggi og árangurstenging gefa möguleika á háum og öruggum tekjum fyrir aðila sem eru tilbúnir að leggja sitt af mörkum í teymi.

Upplýsingar veitir Guðmundur Andri Skúlason framkvæmdastjóri Hóls-M í síma 595 9059

Umsóknir sendist í tölvupósti á gandri@holl.is fyrir 25. september n.k.


Hóll hefur frá upphafi verið frumkvöðull í fasteignasölu og haft það að markmiði að vera í fararbroddi í sinni starfsgrein.

M-þjónusta er ný deild innan Hóls sem býður upp á nýjar og fullkomnar þjónustuleiðir sem byggja á markvissri gæða- og þjónustustjórnun.

Hóll-M leitast því eftir að ráða til sín framúrskarandi starfsfólk og bjóða upp á starfsumhverfi sem laðar fram það besta í hverjum og einum til að hámarka ánægju viðskiptavinarins.

Við trúum því að starfsánægja og efling starfsfólks sé lykillinn að ánægðum viðskiptavinum, góðri þjónustu og árangri í harðri samkeppni.

Við höfum meira að bjóða



Hóll-M | Skúlagata 17 | Franz Jezorski lögg.fasteignasali



Húsmóðir/faðir Neskirkju



**Vantar þig hlutastarf?
Viltu vinna í fallegu og notalegu umhverfi?**

Laus eru tvö hálf dags störf í safnaðarheimili Neskirkju. Í starfinu felst að hella upp á kaffi, útbúa og framreiða einfaldar veitingar.

Leitað er eftir tveimur starfsmönnum sem skipta með sér vinnudeginum frá mánudegi til föstudags.

Vinnutími 8.30-12.30 og 12.30-16.30.

Starfið getur hentað stúdentum og/eða eftirlaunafólki.

Upplýsingar veita Inga Jóna og Rúnar í s. 511 1560

skiltagerð

Vegna mikilla anna óskum við eftir laghentum starfskrafti til uppsetningar á skiltum og öðrum umhverfisauklýsingum.

Fjölbreytt og áhugavert starf í líflegu og ört vaxandi fyrirtæki.

Umsóknir sendist á Viðarhófa 4, 110 Reykjavík, á faxi eða á netfangi merking@merking.is, fyrir föstudaginn 16. sept.



Viðarhófa 4 - 110 Reykjavík - Sími: 562 7044 - Fax: 562 6787

Opið hús frá 13:30 – 14:30 Rauðarástígur 41

Glæsileg 5 herbergja penthouse íbúð í fallegu fjölbýli í mið- bænum með aðgangi að lokaðri bílageymslu. Íbúðin er á tveimur hæðum. Á neðri hæð er mjög gott eldhús með fallegri hvít- sprautu- lakkaðri inn- réttingu, þvottahús, bað- herbergi og stofa. Á efri hæð eru 3 herbergi og sjónvarpshol.

Hringstigi er á milli hæða.



Opið hús frá 15:00 – 16:00 Gljúfrasel 11

Glæsilegt 265 fm tengihús á þessum friðsæla og gróna stað í Seljahverfinu. Húsinu hefur verið sérlega vel við haldið og er allt hið glæsilegasta. Innréttingar og hurðir úr vandaðri hnotu og gott parket á flestum gólfum. Íbúðin er 142,4 fm. 4 svefnherbergi, bað, gestasnyrtng og stór stofa.

Á neðri hæð er 93. fm séríbúð sem gefur möguleika á útleigu.

Glæsilegt útsýni og gróíð umhverfi.



Opið hús frá 16:30 – 17:30 Reyrengr 9

Mjög góð 4ra herbergja íbúð á efstu hæð í fallegri blokk ásamt stæði í bílageymslu. Íbúðin skartar frábæru útsýni til allra átta. Blokkin var öll yfirfarin og máluð í fyrrasumar. Íbúðin er öll frekar opin og mjög björt með 3 góðum svefnherbergjum, öll með skápum. Stofan er dúklögð með útgangi á vestur svalir, með sólina langt fram á kvöld og gott útsýni.



Opið hús frá 16:30 – 17:30 Maríubaugur 87

Glæsilegt endaraðhús á góðum stað í Grafarholtinu. Sérlega vandaðar og glæsilegar innréttingar. Þverspónlögð eik á skápum. Stofan er björt með halogen lýsingu, góðri lofthæð og fallegu gegnheilu eikarparketi. Útgengt er frá stofu út í garð. Þrjú svefnherbergi og fataherbergi inn af hjónaherbergi. Halogen lýsing er í öllu húsinu að undanskildu þvottahúsi og barnaherbergjum.



595 9050

Franz Jezorski lögg. fasteignasali

hóll



- við höfum meira að bjóða



Gott einbýlishús á tveimur hæðum. Húsið sem er alls 167,6 fm skiptist í 131,6 fm íbúð og 36 fm bílskúr ásamt garðskála sem er ekki inn í fntölu. Í húsinu eru fjögur svefnherbergi, stofa, borðstofa, baðherbergi, garðskáli, geymsla og þvottahús. Húsið er klætt að utan með áli, falletur garður og bílskúr með heitu og köldu vatni og rafmagni. Ófrágengið ris sem býður upp mikla stækkunarmöguleika. Opið hús í dag á milli kl 14-15 Linda og Elsa sölufulltrúar Bifrástar bjóða gesti velkomna. **Verð 33,9 millj.**



WIRNÝ Vegmúla 2 • Sími 533-3344 • Fax 533-3345 www.fasteignasala.is netfang: bifrost@fasteignasala.is

100% Verðovernd Allt af óáyrastir!
Opið hús sunnudag 11. september 2005
Föst sölubókun 99.900 ml.vsk. 124.375 kr.

Frostafold – Opið hús

Hafliði tekur á móti þér milli kl. 16.00 og 17.00 í dag sunnudag að Frostafoldi 185 í Grafarvogi. Íbúðin er 3-4. herbergja, staðsett á jarðhæð í fjórþýli. Falleg björt íbúð. Sólstofa er í stofu, þaðan er útgengt út í afar fallegan garð. Hitalögn er í stétt að framan og sjálfkeikjandi ljósabúnaður. Ástand á húsinu er afar gott. Íbúðin hefur bílskýlisrétt. Sjón er sögu ríkari. **Verð 23,0 milljónir.**



Jóhann Baldursson, héraðsdómslögmaður og löggiltur fasteignasali

LUNDIR FASTEIGNASALA
 SÍMI 533 1616 • FAX 533 1617
 SUÐURLANDSBRAUT 10 • 2.HÆÐ • OFAN VÍÐ BLÓMASTOFU FRÍÐFINNS • 108 REYKJAVÍK
 Jóhannes Ásgeirsson hdl., löggiltur fasteignasali

ÁRBÆR/SELÁS - DÍSARÁS

ENDARAÐHÚS + TVÖF. BÍLSKÚR



Gott endaraðhús á 2 hæðum ásamt rúmgóðum tvöföldum bílskúr innst í botnlanga á göðum stað í Seláshverfi. Á neðri hæð: Fremri forstofa, hol, gestasnyrtning, stofa með arni, borðstofa, eldhús með borðkrók og þar inni af þvottahús með útgengi í garð. Vandaður stigi til efri hæðar þar sem nú eru 5-6 herbergi og flisalag baðherbergi. Tvennar flisalagðar svalir. Geymslur. Innréttingar og innihurðir eru af eldri en vandaðri gerð. Bílskúrin er tvöfaldur með gluggum. Grónnir garðar beggja megin húss. Staðsetning er frábær, ofarlega í Elliðaárdalnum. Öll þjónusta er í göngufæri, s.s. grunnskóli, leikskólar, sundlaug, íþróttir, verslanir, heilsgæsla, bankar o.fl. Þetta er fjölskylduvæn og vönduð eign sem ber öll merki um gott viðhald í gegnum tíðina. **Verð 42,9 millj.**

OPIÐ Á LUNDI KL. 12-14 LAUGARD. OG SUNNUDAG

OPIÐ HÚS Í DAG KL. 14 - 15 AUSTURGÖTU 26 - 220 HAFNARF.



Glæsilegar nýpupperðar 2ja og 3ja herb. íbúðir í 6 íbúða húsi í miðbæ Hafnarfjarðar. Íbúðirnar eru allar innréttaðar með fallegum eikarinnréttingum, eikarparket er á gólfum. Sameign verður fullfrágengin svo og lóð hússins. Stærðir íbúðana er frá 40fm - 71fm. **Verð frá 10,6 millj - 18,6 millj.**

Sölumenn frá FMH Fasteignasölu verða á staðnum



Pörður Sveinsson löggfræðingur. lögg. fasteignasali

Strandgötu 41 - 220 Hafnarfjörður - www.fmh.is

Hamraborg 20A 200 Kópavogur www.husalind.is Sími: 554 4000 Fax: 5544018 Email: gugga@husalind.is sveina@husalind.is

150 fm. Verð: (150 x 1100 = 165.000.-) **HÚSALIND** FASTEIGNASALA
 (150 x 1200 = 180.000.-) visitöluþrygg. Ntv?

Lýsing á skrifstofuhúsnæði að Síðumúla 34



Er þetta VSK húsnæði; Leigutími: Sérstök bilastæði ?? Hitakostnaður.


Ákvæði um breytingar á innréttingum: Í ástandskafnanum: Leigjanda er heimilt í samráði við leigusala, að mála og innrétta húsnæðið og gera á því breytingar eftir þörfum sínum og skal það allt vera á kostnað leigjanda.

Í skilakafnanum: Allar aðrar endurbætur og fastar innréttingar skulu að leigutímanum loknu verða eign leigusala án sérstaks endurgjalds nema hann krefjist þess að leigjandi komu hinu leigða í upphaflegt horf.

X HÚS Jón Magnússon Hrl. lögg. fasteigna og skipasali

FASTEIGNASALA
 Opið mánudaga til föstudaga 08:30 til 17:00

EINSTÖK ÍBÚÐ TIL SÖLU NAUSTABRYGGJA 27 - OPIÐ HÚS Í DAG
 INGIBJÖRG EINARSDÓTTIR Á BJÖLLU



Íbúðin er öll sérlega vönduð, allar innréttingar eru sérsníðnaðar frá Brúnás. Lúmxé lýsing. Flott skipulag. Eign í viðhaldslitlu húsi á góðum stað í Bryggjuhverfinu. **Verð 18,9 millj.**

Skeifan 19 • 108 Reykjavík • Sími 533 1060 • Fax 533 1069 • www.xhus.is • xhus@xhus.is

HÓL Tákn um traust **5959000**
 www.hofdi.is Franz Jezorski, hdl. og lögg. fasteignasali

OPIÐ HÚS!

AÐ HESTHÖMRUM 9 Í GRAFARVOGI
 Í dag, frá kl. 14 til 16 sýnum við glæsilega eign, einbýlishús með auka íbúðum í kjallara.

EINSTAKT TÆKIFÆRI.
 Nú vantar íbúðir á leigumarkaðinn.



Tvær 2ja herbergja og ein studio íbúð er í kjallaranum, alls 180 fm með sér-ingang. Hæðin sjálf er sérlega vönduð með arni í stofu, góðum innréttingum og innbyggðum bílskúr, alls 221,2 fm. Eigninni er sérlega vel viðhaldið. Garðurinn er hannaður af Stanislav Bohic og er einstaklega fallegur með tveimur sölpöllum og körfuboltaþalli að auki. Einstakir tekjumöguleikar. Öll TILBOÐ velkomin.

HRINGDU NÚNA OG FÁÐU frítt sölumat - 595 9050

fimman



við kynnum nýja leið...

Einfaldari leið að settu marki, sniðin að þínum þörfum.



HÓL-M | Skúlagata 17 | Franz Jezorski lögg.fasteignasali | s: 595 9050

101 REYKJAVÍK FASTEIGNASALA
 Laugavegur 66 • 101 Reykjavík • Sími 511 3101 • Fax 511 3909 • www.101.is • 101@101.is

Fossháls/ Dragháls



Um er að ræða u.þ.b. 800 fm mjög vel staðsett skrifstofuhúsnæði á einni hæð í góðu atvinnuhúsnæði. Húsnæðið býður upp á mikla möguleika, má auðveldlega skipta niður í minni einingar. Lofthæð við mæni er ca: 5,5 m. en við útvegg ca 3,5 m. Tveir inngangar eru í húsnæðið, annar frá Fosshálsi og hinn frá Draghálsi. Næg bilastæði, upphitun og malbikuð, lóð fullfrágengin. Glæsilegt útsýni. Húsið er allt ný málað og hefur verið vel viðhaldið.

Nánari upplýsingar veita sölumenn á skrifstofu.

Opið hús í dag á milli 15 og 17 Tjarnargata 10 B 1.hæð



Í dag býðst þér að skoða alveg stórglæsilega nýstandsetta 105 fm íbúð á 1.hæð á þessum eftirsóttta stað. Gegnheilt eikar parket er á gólfum. Hér er hátt til lofts. Glæsilegt baðherbergi. Nýtt eldhús. Tvær stofur og tvö herbergi. Fallegir gluggar. Laus strax. **Verð 31,9 millj.** Gústi tekur vel á móti ykkur.

Opið hús á milli 15 og 17 Norðurbraut 31 í Hafnarf. efri hæð



Pétur býður þér að skoða þessa sérlega fallegu 95 fm efri sérhæð í 2 þýli á þessum eftirsóttta stað. Stórar suður svalir. Nýleg innrétting í eldhúsi. Fallegt baðherbergi. 2 herbergi og tvær stofur. Getur losnað strax. **Verð 22,5 millj.** Allir velkomnir.

Opið hús á milli 15 og 18 Laufengi 166



Í dag býðst þér og þínum að skoða þetta fallega endaraðhús sem er á tveimur hæðum. Húsið er á eftirsóttum stað. 4 herbergi eru á efri hæðinni. Afgirtur garður. **Verð 32,9 millj.** Margrét tekur vel á móti ykkur.

Runólfur Gunnlaugsson • lögg. fasteignasali
 www.hofdi.is



Sigtún 2, 800 Selfoss
 Árna Valdimarssonar lögg.fast



MerkiHvoll
 Timburhús byggt:1995
 Herb: 1 + 1 Stofa.
 Stærð 40m2



Fallegur bústaður með góðu svefnlofti á yndislegum stað. Ef þér finnst gott að njóta náttúrunnar en vera samt út af fyrir þig í faðmi fjölskyldunnar eða vinanna þá er þetta einmitt bústaðurinn sem er sniðinn fyrir þig. Útsýni til Heklu og Búrfells og yfir blómlegar sveitir til suðurs, ásamt Rangá er líður yfir Holtalönd við lóðarmörkin. Galtarlækur er í um tveggja km. fjarlægð til suðurs. Baðherbergi 2-3m2 og svefnherbergi um 4m2, opið rými forstofu, stofu og eldhús er um 25m2. Ágætis svefnloft að auki. Ný eldhúsinnrétting, ný gólfefni og ný klæðning á innveggjum. Rafmagn er komið að bústaðnum sem og vatn en greiða þarf fyrir inntök þess. Nokkuð vantar á að bústaðurinn teljist fullbúinn. Landið er um 1,2ha leigulóð í eigu Rangárpings hins Ytra. **Verð 6,9 Millj.**

Viðskipta tækifæri

5

upplýsingar í síma 595 9050

Tæplega 1.000 fm byggingaréttur við Laugaveg og húseign í útleigu.



Um er að ræða 310 fm húsnæði sem stendur á 477 fm eignarlóð við Laugaveg í Reykjavík. Nýsamþykkt skipulag gerir ráð fyrir nýtingarhlutfalli 2,09 sem gefur möguleika á allt að 997 fm. byggingum á svæðinu. Núverandi húsnæði er í útleigu. **Verð kr. 95 millj.**

Gott húsnæði við Rauðararstíg í góðri útleigu.

Um er að ræða rúmlega 100 fm húsnæði í tveimur einingum. Húsnæðið er í dag leigt út fyrir um kr. 160.000,- **Verð kr. 18,9 millj.**

Söluturninn Hvammur í Hafnarfirði

Allur rekstur Söluturnsins Hvamms ásamt vörulager
Verð kr. 2,5 millj. án lagers

Fjöldi góðra fjárfestingatækifæra á skrá

Hafðu sambandi við sölumenn okkar í síma 595 9050
 - Við höfum meira að bjóða

595 9050

Franz Jezorski lögg. fasteignasali

hóll

M - við höfum meira að bjóða



TRAUST OG ÖRUGG ÞJÓNUSTA

SÍMI 533 4040

FAX 533 4041

OPIÐ MÁN.-FIM. 9-18 OG FÖS. 9-17

Dan V.S. Wium hdl., lögg. fasteignasali

Ármúli 21, Reykjavík • kjoreign.is@kjoreign.is • www.kjoreign.is

BRÚNALAND-RADHÚS



Fallegt og vel umgengið palla-raðhús um 223,0 fm. ásamt sérbyggðum bílskúr. Falleg lóð með miklum gróðri í suður. Gott útsýni yfir Fossvoginn. Ath. Áhugaverð eign. nr. 5221

LINDARSMÁRI - KÓPAVOGI



Endaraðhús á tveimur hæðum m/innbyggðum bílskúr. Neðri hæð, forstofa, hol, eldhús, þvottah., stofur, baðherbergi og svefnherbergi. Efri hæð: tvö svefnherbergi, stofa, baðherb. og þaksvalir. Góður og skjólsæll staður. **Verð 39,7 millj.**

BREKKUSTÍGUR - 101 RVK.



Um er að ræða fallega 62,4 fm íbúð með sérinngangi. Húsið er steinsteypt í mjög góðu ástandi. Íbúðin sjálf er mikið endurnýjuð. Parket og flísar á gólfum. Fallegur garður m/verönd. **FRÁBÆR STAÐUR - LAUS STRAX.** nr. 5181

HAMRABORG



Rúmgóð og falleg 4ra til 5 herb. horníbúð á 1.hæð í lyftuhúsi ásamt stæði í sameiginlegri bílgeymslu. 123 fm. Fjögur svefnherbergi. Góðar innréttingar. Glæsilegt útsýni. **Verð 23,5 millj.** nr. 5228

Kristinn Valur Wium
 Sölumaður Sími: 8966913

Ólafur Guðmundsson
 Sölumaður Sími: 8964090

Raðhús á góðum stað í Tungubakka

Mjög gott 190 fm raðhús ásamt 20 fm innbyggðum bílskúr. Húsið er staðsett á vinsælum stað í Bökkunum þar sem stutt er í alla þjónustu, skóla og íþróttir. Húseignin er í góðu ástandi jafnt að utan sem innan. Húsið er mjög vel skipulagt með stofu og borðstofu, eldhúsi, búi, fimm svefnherbergjum, baðherbergi, þvottahúsi og geymslu. Hér er um að ræða sérlega gott fjölskylduhús í grónu hverfi.



Upplýsingar gefur Jón Gretar Jónsson
 í síma 840-4049

HÚSAKAUP
 - Farnest með þessum
 Guðrún Árnadóttir, lögg. fast

Húsakaup fasteignasala, Suðurlandsbraut 52, sími: 530 1500, husakaup@husakaup.is, www.husakaup.is

Perla Íslands - Þingvallavatn



Eignarlóðir til sölu við Þingvallavatn!

Vorum að fá í einkasölu 23 eignarlóðir fyrir frístundahús á frábærum stað við Hestvík við Þingvallavatn.

Skipulag hefur verið samþykkt og eru lóðirnar byggingarhæfar strax. Lóðirnar eru staðsettar í stórkostlegu landslagi með miklum karakter.

Heimilt er að byggja allt að 150 fm hús á lóð auk 25 fm gestahúss. Óviðjafnanlegt útsýni er yfir Þingvallavatn.

Öllum lóðunum fylgir réttur til að geyma báta í fjörunni við Hestvík.

Lóðirnar verða seldar í þremur áföngum og eru þær staðsettar á tveimur svæðum sem liggja að Hestvík við Þingvallavatn.

Lóðirnar eru vel aðgreindar og merktar með númeri og því auðvelt að finna þær.

Á heimasíðu www.holl.is er að finna ýmsar viðbótaupplýsingar ásamt fleiri myndum af svæðinu. Við hvetjum fólk til að kynna sér heimasíðuna.

Sýndar verða lóðir í áfanga 2 í dag kl 14 -17

Sölufyrirkomulag

Ef nýtt og hærra boð berst, er gert ráð fyrir að Margrét hringi í þá einstaklinga sem eiga þegar inni tilboð í viðkomandi skika, upplýsi þá um hið nýja tilboð og komist að því hvort viðkomandi hafi áhuga að vera með í frekari tilboðum í viðkomandi lóð. Ekki verður tekið við tilboðum frá félagasamtökum, einungis einstaklingum og mikilvægt er að á tilboði komi fram hver hinn eiginlegi kaupandi sé. Umboðsmenn geta því ekki keypt lóðir og framselt til annarra, án þess að fyrir liggi gilt umboð frá kaupanda. Allar lóðir verða seldar með ákvæði um forkaupsrétt landeiganda ef til nýrrar sölu kemur. Þótt ávallt sé upplýst um fyrirliggjandi tilboð (viðkomandi upphæð) hverju sinni er fyllstu nafnleyndar gætt þannig að ekki er upplýst hver er á bak við viðkomandi tilboð og endanlegt söluverð er einnig trúnaðarmál. Seljandi áskilur rétt til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum tilboðum.

Öll tilboð skulu vera skrifleg og hafa borist fasteignasölnunni Hóli innan skilafrests og merkt sem hér segir:

Fasteignasalan Hóli,
b.t. Margrétar Sölvadóttur,
Skúlagötu 17, 101 Reykjavík.

Skilafrestur


-Tekið er á móti tilboðum vegna áfanga 2 til 12. sept. 2005.

-Tekið er á móti tilboðum vegna áfanga 3 til 27. sept. 2005.


Nú er sala á fyrsta áfanga lokið og seldust þær lóðir áður en tilboðsfrestur rann út. Nú hefjum við sölu á öðrum áfanga, alls 9 lóðir í Illagili. Skilafrestur tilboða er til 12 september

Um er ræða vel staðsettar lóðir sem standa vel þannig að frábært útsýni er yfir Þingvallavatn. Öllum lóðunum fylgir réttur til að geyma báta í fjörunni við Hestvík.

Illagil 1	7.200 fm
Illagil 2	6.000 fm
Illagil 3	6.500 fm
Illagil 5	6.000 fm
Illagil 7	9.500 fm
Illagil 4	6.000 fm
Illagil 6	5.900 fm
Illagil 8	6.500 fm
Illagil 10	6.900 fm



Helstu akstursleiðir frá Reykjavík



Vegalengd um 35 km frá Reykjavík (Nesjavallaleið)

Ef ekið er frá Reykjavík eftir Suðurlandsvegi er beygt til vinstri í átt að Hafravatni og síðan ekið meðfram hitaveituröri yfir heiðina að vegamótum Grafningsvegjar. Þar er aftur beygt til vinstri og ekið eftir Grafningsvegi í áttina að Heiðarbæ, alls um 3,5 km að afleggjara til hægri að Jónslaut og Illagili. Afleggjari að lóðum við Jórugil er til hægri út frá Grafningsvegi um 400 metrum norðar eða um 3,9 km frá vegamótum Nesjavallavegar. Við þennan afleggjara eru tveir tréstaugar með gulri keðju, sem sjást þegar ekið hefur verið upp brekku meðfram gilinu. Ekið er eftir þessum afleggjara nokkra tugi metra þar sem hægt er að leggja bílum.

Vegalengd um 40 km frá Reykjavík (Mosfellsheiði)

Ef ekið er frá Reykjavík eftir Vesturlandsvegi er ekið í átt til Þingvalla yfir Mosfellsheiði þar til komið er að Grafningsvegi. Þar er beygt til hægri og ekið í áttina að Nesjum og Nesjavöllum. Frá þessum vegamótum eru um 6,5 km að afleggjara að Jórugili sem er þá á vinstri hönd (tveir tréstaugar og gul keðja) skömmu eftir að ekið hefur verið fram hjá nýrri spennustöð sem einnig er vinstra megin við Grafningsveg. Afleggjari að Jónslaut og Illagili er hins vegar um það bil 400 metrum sunnar á Grafningsvegi á vinstri hönd.

Margrét Sölvadóttir hjá Fasteignasölnunni Hóli sýnir öllum áhugasömum lóðirnar í dag kl. 14-17. Þegar þú ert kominn á staðinn hafðu þá samband við Margréti í gsm 693-4490 Allir velkomnir !





Hafnarfirði – Fjarðargata 17 • Sími 520 2600 – Fax 520 2601

Netfang: as@as.is • Heimasíða: www.as.is • Opið virka daga kl. 9–18

ESKIVELLIR 3 – HAFNARFIRÐI

Fallegar og vandaðar 2ja, 3ja, 4ra og 5 herb. íbúðir í glæsilegu nýju lyftuhúsi með bílageymslu



- Vandaðar innréttingar
- Kaupendur hafa val um nokkrar útlitstegundir á innréttingum án aukakostnaðar
- Vönduð tæki í eldhúsi
- Upphengt salerni með innbyggðum vatnskassa
- Svalir lokaðar með frádraganlegu gleri til að auka notagildi
- Halogen-lýsing
- Steinteppi á sameign
- Fullfrágengin lóð með leiktækjum
- Afhending í apríl 2006

• Verð frá 14,9 – 28,8 millj.




Kári Halldórsson, löggiltur fasteignasali, Jónas Hólmgeirsson, Eiríkur Svanur Sigfússon, Birna Benediktsdóttir, Melkorka Guðmundsdóttir, Laufey Lind Sigurðardóttir



Hafnarfirði – Fjarðargata 17 • Sími 520 2600 – Fax 520 2601

Netfang: as@as.is • Heimasíða: www.as.is • Opið virka daga kl. 9–18

NÝBYGGINGAR - VOGUM VATNSLEYSUSTRÖND „FRÁBÆR KAUP“



Í ágúst komu 22 eignir einbýli - parhús og raðhús í nýju hverfi í Vogum á Vatnsleysuströnd. Nú eru einungis 7 raðhús eftir - og hver að verða síðastur að kaupa þessu fallegu hús á góðu og sangjörnu verði.

KOMDU Á MÁNUDAGSMORGUN Á SKRIFSTOFU ÁSS OG RÆDDU VIÐ SÖLUMENN

SKEMMTILEGA HÖNNUÐ RAÐHÚS
m/innbyggðum BÍLSKÚR Í NÝJU HVERFI Í VOGUNUM.

Húsin skilast fullbúin að utan og fokheld að innan eða lengra komin.

VERÐDÆMI:

fokheld frá 15,5 millj.

tilbúin undir tréverk frá 19,7 millj.

eða fullbúin án gólfefna frá 22,7 millj.

TRAUSTUR BYGGINGARAÐILI - Trésmiðja Snorra Hjaltasonar ehf.



Kári Halldórsson, löggiltur fasteignasali, Jónas Hólmgeirsson, Eiríkur Svanur Sigfússon, Birna Benediktsdóttir, Melkorka Guðmundsdóttir, Laufey Lind Sigurðardóttir





Opin Hús

Draumaeignir

Fjallalind 143 201 Kóp.

Opíð hús í dag milli kl 13.30 - 14.30



Tilboð

Glæsilegt einbýli á 2 hæðum í Lindarhverfi með miklu útsýni. Húsið er 5 herb. 228,8 fm þ.a. bílskúr sem er 47,4 fm. + óskráð rými sem er ca 28 fm. Mjög falleg lóð.

Hrísrimi 25 112 Rvk.

Opíð hús í dag milli kl 15.00 - 16.00



38.900.000

Mjög fallegt 6 herb. 181 fm þarhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr og mjög fallegri lóð.

Fannafold 46 112 Rvk.

Opíð hús í dag milli kl 16.30 - 17.30



43.500.000 - NÝTT !!!

Glæsilegt 6 herbergja 186,5 fm einbýlishús með bílskúr. Mjög vandað og fallegt hús með fallegum garði, stutt í alla þjónustu. Húsið er viðhaldsfrítt.

Túnbrekka 2 200 Kóp.

Opíð hús í dag milli kl 18.00 - 19.00



27.300.000 NÝTT

Falleg 4ra herbergja íbúð 106,6 fm. á jarðhæð með séringgang ásamt 26,6 fm. bílskúr. Eldhús og baðherbergi eru nýlega standsett.

Engjasel 72 109 Rvk. Merkt 1.h.v á bjöllu.

Opíð hús í dag frá kl 19.30 - 20.30



19.900.000 NÝTT !!!

Góð 4 herbergja 133,1 fm þar af 30,7 bílskýli á góðum stað í Engjasel í Reykjavík, baðherbergi og eldhús nýuppgerð, nýtt þak á húsinu. Stutt í skóla og leikskóla.

Gljúfrasel 11 109 Rvk.

Opíð hús í dag frá kl 15 - 17



14.500.000

Falleg 3ja herb 78,4 fm íbúð á jarðhæð með séringgangi og verönd fyrir framan. Laus strax.



til seljenda
2ja herbergja
íbúða*

149.900.-
auk vsk. samtals 186.625-

* Gildir fyrir þá sem skrá íbúðina á sölu á tímabilinu 29. ágúst til 30. September 2005.

Föst sölupóknun

SJÓNARHORN



Kynjamyndir í Ódáðahrauni við rætur Herðubreiðar. Ljósmynd: Gunnar V. Andrésson

Regla að fara í bíó

Agli Einarssyni eða „Gillzenegger“ finnst sunnudagar bara finir.

Best við sunnudaga:

Vá, þetta er mjög góð spurning. Sunnudagar eru hvorki leiðinlegir né skemmtilegir. En ég myndi kannski segja að það besta við þá séu bíóferðirnar sem við strákarnir förum í á sunnudögum, það er ljóm-andi. Það er regla að fara í bíó á sunnudögum ef eitthvað gott er í bíó.

Verst við sunnudaga:

Verst er þegar það er enginn fótbolti á sunnudögum og maður þarf að láta sér leiðast. Ég sef yfirleitt ekki út, oft er maður að þjálfra en maður á oftast frí. Þegar maður hefur fengið sér öllara kvöldið áður eru sunnudagar ekkert spes.

Gillzenegger fer alltaf í bíó með strákunum á sunnudögum.



FRÉTABLAÐIÐ/VALLI

allt ferðir

Alla miðvikudaga og laugardaga

FRÁBÆR ÖDÝR NÁMSKEIÐ

TUNGUMÁL

Ísl. fyrir útlendinga
Norðurlandamálin
Enska
Þýska
Franska
Ítalska
Hollenska
Rússneska
Íslensk réttitun

HANDVERK & LISTIR

Skartgripagerð
Vatnslitamálin
Olíumálin
Tálgun
Tréútskurður
Eldsmíði
Skrautritun
Leirmótun
Mósaik

TÓNLIST

Hljómborð
Gítar
Bassi
Harmonikka
Fiðla
Söngur
Gospel
Karaoke

TÖLVUR

Almennt tölvunám
Powerpoint
Autocad 2006
Stafræn myndavél
Blogg
Tölvupóstur/internet
Stofnun & rekstur fyrirtækja

MATUR

Kaffinámskeið
Tapas smáréttir
Námskeið f. sauma- og matarklúbba

HELSA ÚTLIT & HREYSTI

Tangó
Skokk
Stafaganga
Nudd
10 heilsureglur
Naglaásetningarnámskeið

SAUMAR

Prjónað og þæft
Bútasaurur -crazy quilt og útsaurur
Fatasaurur
Jólanámskeið
Opið námskeið

ÝMIS NÁMSKEIÐ

Hljum og tölum saman með Eddu Björgvins
Fuglalíf og fuglaskoðun
Útrás Íslendinga til Vesturheims
Listasaga
Goðafraeði
Vingerðarnámskeið
Leiklist f. börn, ungl.
Fluguhnýtingar
Fluguköst
Portfolio
Náttúruskreytingar
Aðventan
Jólaskreytingar
Ísl. lækningajurtir
Lestrarnám f. 5 ára
Garðahönnun/skipulag
Hegðunarvandamál dýra
Hláturjoga
Boð og borðsiðir
Fjármálanámskeið
Kynverund kvenna
Húsvernd eldri húsa
Stjórnunarnám
Sviðslitanám
Skyndihjálp
Verkstjórnarnám

MJÖSTÖÐ SIMENNTUNAR



í Hafnarfirði

S: 585-5860

namsflokkar.hafnarjordur.is



GONE WITH THE WIND
Kvikmyndin Á hverfanda hveli er fyrir löngu orðin sígildi.

Á hverfanda hveli vinsælust

Kvikmyndin sígilda, *Gone With the Wind*, er vinsælasta mynd allra tíma í Bandaríkjunum, samkvæmt nýlegum útreikningum kvikmyndaspekúlanta.

Myndin, sem gerist í bandarísku borgarastyrjöldinni, var gerð árið 1939. Hefur hún halað inn hvorki meira né minna en 1,26 milljarða Bandaríkjadala, eða um 76 milljarða króna síðan hún kom fyrst út. Slær hún þar með út myndina *Star Wars* frá árinu 1977 sem hefur þénað tæpa 70 milljarða. Við útreikningana á aðsóknartölum var ekki tekið með í reikninginn í hversu mörgum kvikmyndahús-

10 VINSÆLUSTU MYNDIRNAR:

1. *Gone with the wind*
2. *Star wars*
3. *The Sound of Music*
4. *E.T.*
5. *The Ten Commandments*
6. *Titanic*
7. *Jaws*
8. *Doctor Zhivago*
9. *The Exorcist*
10. *Snowwhite and the Seven Dwarfs*

um myndin var sýnd eða hvernig aðsóknin var annars staðar í heiminum.

Shrek 2 er efst yfir aðsókn að teiknimyndum, eða í 30. sæti. The Lion King er í því 34. og The Jungle Book þremur sætum á eftir. Shrek 2 er einnig sú mynd sem hlotið hefur mesta aðsókn á þessum áratug í Bandaríkjunum, á undan Spider Man (33. sæti) og The Passion of Christ (54. sæti). ■

VERÐLAUNAKROSSGÁTAN

NR. 22

1	2	3	4		5	6	7	8	9	10	11	6		
12		13		14		15		16		17		18	5	
6	16	4	14	14		18	13	17	16	8	9	4	7	14
19		8		4	20	14		8		9		3	4	
8	17	3	21			22	8	19	6		7	6	9	9
19		18		18	3	16	4		11		4			
18	14	7	4	3		7		6	3	3	9	10	11	
7		23		9	10	3	3	1	16	24		4	23	
7	6	16	13	23	16		4		19	17	14	4	14	
			18		9		14	25	13	6		26	26	
5	3	4	20		21	3	7	6		26	21	13	8	
6		20		6		18		15	17	8		9	22	
5	6	16	20	7	24	13	13	17		13	21	9	18	3
6		23		6		27		8		4		23	26	
	8	14	4	9	9	6	16	4		9	2	16	6	

A
Á
B
Ð
D
E
É
F
G
H
I
Í
J
K
L
M
N
O
Ó
P
R
S
T
U
Ú
V
X
Y
Ý
Þ
Æ
Ö

Í sunnudagskrossgátu Fréttablaðsins eru gefnir 4 bókstafir sem á að færa inn í númeraða reiti. Í dag er S til dæmis í reit merktum 8 og fer þá S í alla aðra reiti með því númeri. Ó er í reit númer 21 og fer í alla aðra reiti gátunnar númer 21 o.s.frv. Til þess að leysa gátuna þarf að finna út hvaða bókstafir eiga að standa í auðu reitunum (bókstafirnir c, z, q og w eru ekki notaðir). Þegar því verkefni er lokið er hægt að finna lausnarorð gátunnar, sem er í þetta sinn karlmannsnafn sett saman úr stöfum reita númer 2-28-16-20-18-19-20-9 (í þessari röð).*

Lausnarorð

19 18 9 4 3 3

Lausnarorðið er hægt að senda inn með SMS-skeyti í númerið 1900. Dæmi um það hvernig SMS gæti litið út ef lausnarorðið væri Jón: þá sendir þú SMS sem segir: **JA LAUSN JON** í númerið 1900.

*Ráðning gátunnar birtist í blaðinu eftir tvær vikur.

Dregið verður næstkomandi fimmtudag kl. 12.
SMS-skeytið kostar 99 krónur.



Leystu krossgátuna!
Þú gætir unnið miða á hina sprenglæglegu mynd

DEUCE BIGALOW – EUROPEAN GIGOLO!

Lausn nr. 20

B	A	K	A	F	U	L	L	V	I	S	S	D	
G	F	R	Ý	O	A	L	E	J	A				
U	M	R	Ó	T	S	Í	S	A	L	I	L	J	A
Ð	A	A	F	I	U	A	A	T	D				
L	A	K	I	L	A	N	D	B	A	N	A		
A	S	B	Ó	L	U	A	Ú						
S	E	T	T	I	G	G	E	I	S	J	A		
T	U	S	T	A	L	L	A	R	A	N	D		
S	O	R	G	A	R	Ý	T	E	N	Ó	R		
		Æ	Ú	S	Ó	G	U	D	Í				
R	Æ	M	I	A	F	A	R	B	A	Ð	A		
A	A	B	A	Y	Á	S	U	L	H				
S	Ó	L	H	A	T	T	U	R	V	A	R	L	A
K	D	R	T	K	I	A	F						
M	A	G	A	S	A	F	I	F	A	R	A		

Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefur þú örugglega fengið Fréttablaðið í morgun, og þarft sennilega ekkert að hringja í síma 550 5000 til að láta vita að þú hafir ekki fengið neitt blað í morgun.

En ef þú þekkir einhvern sem hefur ekki fengið Fréttablaðið, biddu hann endilega um að láta okkur vita, því annars er þessi auglýsing alveg gjörsamlega tilgangslaus.

NÚMERIÐ SEM ÉG ÆTLA AÐ HRINGJA Í EF FRÉTTABLAÐIÐ KEMUR EKKI:

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

90,9

MESSUFALL
Í umsjón Önnu Kristine Magnúsdóttur.
Á Talstöðinni alla sunnudaga kl. 11.

GOTT FOLK MCGANN

SMS-GÁTAN:
Hvað veist þú um Kanye West?

Merktu við rétt svör. Stafirnir fyrir framan hvert rétt svar mynda lausnarorð sem þú sendir í þjónustunúmerið 1900.
Dæmi: Lausnarorðið er páfinn. Þú sendir skeytið **JA MYND PAFINN** í þjónustunúmerið 1900.

Leystu gátuna! Þú gætir unnið diskinn Late registration með Kanye West.

Kanye hóf ferilinn á að semja lög fyrir:
f) Sjálfan sig k) Jay Z b) Simply Red

Hvaða ár er Kanye fæddur
l) 1870 e) 1983 j) 1977

Fyrsta Platan hans heitir:
á) The College Dropout h) Doggystyle a) The Low End Theory

Kanye gerði lagið "Get By" fyrir rapparann:
b) Q-Tip c) Common n) Talib Kweli

Kanye hefur sést í raunveruleikapættinum:
r) America's Next Top Model i) Punk'd d) Amazing Race

SMS skeytið kostar 99 krónur.

DAVÍÐ GENGUR VEG GEIRS

Stúdent frá MR, lögfræðingur frá HÍ, borgarfulltrúi, borgarstjóri, þingmaður, varaformaður og formaður Sjálfstæðisflokksins, forsætisráðherra, utanríkisráðherra og seðlabankastjóri. **Davíð Oddsson** og **Geir Hallgrímsson** hafa sest við sömu skrifborð á leiðinni úr menntaskóla í Seðlabankann.

Það hlýtur að vera tilviljun að Davíð Oddsson hafi fetað nákvæmlega sömu slóð og Geir Hallgrímsson á refilstigu stjórnmalanna. Nema hann hafi einsett sér að gera eins og Geir. Vitað er af áhuga Davíðs á forvera sínum og ber tuga blaðsíðna ritgerð hans um Geir í tímaritinu Andvara frá 1994 þess ágætt vitni. Í henni skrifaði Davíð ítarlega um feril Geirs Hallgrímssonar og sagði hann meðal annars frelsisvin og heilsteyptan stjórnmalamann. Sjálfum hefur stjórnmalamaninum Davíð meðal annars verið lýst sem heilsteyptum unnanda frelsis.

Auk þess að gegna þeim viðamiklu og áberandi embættum sem áður eru talin eiga Geir og Davíð það sameiginlegt að hafa setið í miðstjórn Sjálfstæðisflokksins,

sem og í stjórnnum Sambands ungra sjálfstæðismanna og Landsvirkjunar.

Leiðir þeirra í stjórnmalin voru á hinn bóginn ólíkar. Geir fór í framhaldsnám í lög- og hagfræði í Bandaríkjunum, aflaði sér málflutningsréttinda og rak málflutningsstofu í átta ár. Um leið var hann forstjóri fjölskyldufyrirtækisins H. Benediktssonar. Af þessum störfum lét hann þegar hann varð borgarstjóri 1959.

Davíð vann hjá Leikfélagi Reykjavíkur eftir laganámið og var blaðamaður á Morgunblaðinu í eitt ár. Síðar vann hann hjá Almenna bókafélaginu og svo Sjúkrasamlagi Reykjavíkur þar sem hann var skrifstofustjóri og síðar framkvæmdastjóri. Þaðan lá leið hans í embætti borgarstjóra árið 1982. bjorn@frettabladid.is



GEIR OG DAVÍÐ Á sextugsafmæli Geirs árið 1985 afhenti Davíð honum stytta að gjöf. Geir var þá utanríkisráðherra og Davíð borgarstjóri.



Yoga með Kristbjörgu Gerðuberg: Mánud. og miðvikud.
Framhaldsýoga, kl. 17.15-18.30
 kennari María Ýr, mjoga@mi.is, sími 820 2096.
Byrjendayoga, kl. 18.40-19.55
 kennari María Ýr.
Léttýoga, kl. 20.00-21.15
 kennari Heiða, rgo@simnet.is, sími 897 9306.
Kramhúsið: Þriðjud. og fimmtud.
kl. 12.00-13.15.
 Kennarar: Kristbjörg, kristbjorg@kristbjorg.is og Anna Ingólfs.

Kristbjörg Eli Kristmundsdóttir yogakennari

Nánari upplýsingar á kristbjorg.is
Hlökkum til að sjá ykkur!

Frönskunámskeið

Námskeið hefst 19. september
Innritun í síma 552 3870
5. - 16. September

- Námskeið fyrir byrjendur og lengra komna
- Taltímar - einkatímar
- Námskeið fyrir börn
- Kennum í fyrirtækjum



Alliance Française
 Netfang: alliance@simnet.is
 Veffang: <http://af.ismennt.is>



Tryggvagata 8, sími: 552-3870. Fax: 562-3820.







MENNTASKÓLINN Í REYKJAVÍK



HÁSKÓLI ÍSLANDS



GAMLA RÁÐHÚSIÐ



VALHÖLL



ALÞINGISHÚSIÐ



STJÓRNARRÁÐIÐ



UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ



SEÐLABANKINN

<p>GEIR HALLGRÍMSSON » fæddur 1925</p> <p>1944 (19 ára) Stúdentspróf MR</p> <p>1948 (23 ára) Lögfræðipróf HÍ</p> <p>1954 (29 ára) Borgarfulltrúi (20 ár)</p> <p>1959 (34 ára) Borgarstjóri í Reykjavík (12 ár)</p> <p>1970 (45 ára) Alþingismaður (17 ár)</p> <p>1971 (46 ára) Varaformaður Sjálfstæðisflokksins (2 ár)</p> <p>1973 (48 ára) Formaður Sjálfstæðisflokksins (10 ár)</p> <p>1974 (49 ára) Forsætisráðherra (4 ár)</p> <p>1983 (58 ára) Utanríkisráðherra (3 ár)</p> <p>1986 (61 árs) Seðlabankastjóri (4 ár)</p>	<p>DAVÍÐ ODDSSON » fæddur 1948</p> <p>1970 (22 ára) Stúdentspróf MR</p> <p>1974 (26 ára) Borgarfulltrúi í Reykjavík (í 20 ár)</p> <p>1976 (28 ára) Lögfræðipróf HÍ</p> <p>1982 (34 ára) Borgarstjóri í Reykjavík (í 11 ár)</p> <p>1989 (41 árs) Varaformaður Sjálfstæðisflokksins (2 ár)</p> <p>1991 (43 ára) Formaður Sjálfstæðisflokksins (14 ár)</p> <p>1991 (43 ára) Alþingismaður (14 ár)</p> <p>1991 (43 ára) Forsætisráðherra (13 ár)</p> <p>2004 (56 ára) Utanríkisráðherra (1 ár)</p> <p>2005 (57 ára) Seðlabankastjóri</p>
--	--

Opíð í dag

BT Skeifan, BT Kringlunni, BT Egilsstöðum, BT Selfossi kl. 13 til 17

BT Smáralind kl. 12 til 18

Öflugasta fartölvan

Öflugt skjákort

Öll nýjasta tækni s.s. Direct X 9.0, PureVideo™, PCI-Express, CineFX 3.0, UltraShadow II o.fl. tryggir þér bestu spilun í nýjstu leikjunum

Sjónvarpskort og fjarstýring

Gerir þér kleift að horfa á sjónvarp beint úr tölvunni, taka upp efni til geymslu eða til að setja á DVD.

Ný Intel tækni

Sonoma

Hraðari gagnabrotur, meiri stöðugleiki ásamt mun öflugri skjástýringu.

Útskiptanleg skjástýring

Nú er hægt að skipta um skjástýringu í fartölvunni. Henntar vel fyrir þá sem gera kröfur um hraða og vilja uppfæra fartölvuna þegar nýjar skjástýringar koma á markaðinn.

DV Ready

Gerir stafræna myndvinnslu að veruleika. Nú er lékur einn að færa myndskjöf af stafrænni tökuvel og klippa til.

MEDION SONOMA

MEDION C7 SONOMA

- Intel® Centrino™ mobile tækni
- Pentium® M 1.73 GHz örgjörvi (740)
- 15.4" WXGA skjár (1280x800)
- **Nvidia GeForce Go 6200 skjástýring**
- **Sjónvarpskort og fjarstýring**
- **1 GB DDR2 minni**
- **80 GB diskur**
- Super DVDRW +/- skrifari "DUAL LAYER"
- Háttalarar með bassaboxi
- 54Mbit þráðlaust netkort
- TV-Out, DVI, FireWire, S/PDIF, Bluetooth
- MediaBay kortalesari
- Lithium-Ion rafhlaða
- Þyngd 3 kg

4.537*

4.537*
Tölvukauplán 48 mán.

9.999**
Vaxtalaust 16 mán.

159.984
Staðgreitt



*Meðalmánaðargreiðsla á 48 mánaða tölvukaupláni V.L.S. Umsóknin er afgreidd á staðnum á innan við mínútu.



**Mithóð við 12 jafnar vaxtalaustar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 0.5% stimpilgjald bætist við samningsfjárhæðina og greiðst með jöfnum greiðslum yfir samningstímann.



Nýjasta tæknin!



Vinsælasta skólatölvan

EKKERT MÁL...

...að tengja myndbands-tökuvel og klippa



EKKERT MÁL...

...að vinna á fullum hraða



EKKERT MÁL...

...að skrifa DVD



EKKERT MÁL...

...að tengjast þráðlaust



BTNET

-fritt í bíó í 6 mánuði
-fritt á tónlist.is í 6 mánuði
með 12 mánaða samningi



Ef greitt er með Vis láni fylgir fartölvulás með!

TOSHIBA *Satellite*

PSM4XE-01L018G3

Toshiba Satellite M40X-119

- Intel® Pentium® M 740 1.73 GHz (Dothan)
- 512MB DDR minni (Mest 2048MB)
- 60GB S.M.A.R.T. harður diskur
- 15.4" Breiðtjaldsskjár (1280 x 800 upplausn)
- Intel GMA 915 skjástýring
- Super DVD Multi brennari
- VGA, TV-OUT, kortalesari
- i.LINK® (IEEE 1394) (DV ready)
- 365 x 275 x 29.5 mm, 3.0 kg
- Intel® PRO/Wireless 2200 b/g 54Mbps
- Windows XP Home
- 2 ára alþjóðleg ábyrgð á vinnu og varahlutum

20th Anniversary Toshiba Notebook PC Since 1985

Árið 1985 var fyrsta fartölva heimsins sett á markað af Toshiba. Toshiba hefur verið leiðandi í framleiðslu og þróun fartölva í 20 ár



Tveir bíomíðar á Deuce Bigalow European Gigolo fylgja á meðan birgðir endast

3.521*
Tölvukauplán 48 mán.

9.999**
Vaxtalaust 12 mán.

119.988
Staðgreitt

3.521*

Hringdu frítt*



DU@Lphone™

CORDLESS DUAL PHONE - SKYPE

- Þráðlaus DECT sími
- Virkar einnig sem Skype sími með tölvu
- 50 metra draegni innanhúss / 300 metra utanhúss
- Taltími 6.5 klst. / biðtími 100 klst.
- Skjárinn sýnir hverjir eru tengdir SKYPE
- Hægt að hringja beint úr símtækni í SKYPE tengilið
- Tengja þarf síma við net tengda tölvu með USB tengi

*Frítt SKYPE í SKYPE. **Ódýr símöt frá tölvu í síma.

13.999*

Práðlaus heimasími sem virkar líka með SKYPE

GSM SAMSÖNGUR

Nú bjóðum við glæsilega Samsung GSM síma á frábærum tilboðum.

Samsung X480

9.900 kr.



Samsung X640

16.900 kr.



Samsung D500

34.900 kr.

og

vodafone

Heyrumst!

Íslenskur fiðluflakkari heillar heimsbúa

Fiðluleikarinn Eva Mjöll Ingólfssdóttir er víðförul og hefur búið í Afríku, Pakistan og Japan svo eitthvað sé nefnt. Það liggur vel á henni þegar blaðamaður slær á þrúðinn til hennar í New York, þar sem hún hefur nú hreiðrað um sig. Í sumar lék Eva Mjöll í einu virtasta tónlistarhúsi heims, Carnegie Hall.

Ég fluttist frá Íslandi fyrir sextán árum og má segja að ég hafi verið á flakki með fiðluna síðan þá,“ segir tónlistar-konan Eva Mjöll Ingólfssdóttir en hún hefur ferðast vítt og breitt um heiminn ásamt eiginmanni sínum og sextán ára dóttur sinni. „Fyrir sextán árum var eiginmanni mínum, Kristni Helgasyni, boðin vinna í Naíróbí á vegum Sameinuðu þjóðanna og síðan þá höfum við ekki flutt aftur til Íslands. Kristinn hélt áfram að vinna fyrir Sameinuðu þjóðirnar að starfinu í Naíróbí loknu og við höfum meðal annars búið í Pakistan, Zimbabve og Japan.“

Eva Mjöll segir það áskorun að ferðast með fiðluna í farteskinu. „Það er alltaf bæði erfitt og spennandi að koma sér fyrir á nýjum stað og árin í Pakistan og Zimbabve voru mjög sérstök upplifun. Það ríkir hörmungarástand í Zimbabve sem er mjög sorglegt að verða vitni að, en í Pakistan fékk ég að kynna lífi í múslimsku landi. Það er engin leið að lýsa samfélaginu sem ég bjó í í Pakistan því hugsunarhátturinn var mér svo framandi. Öll reynsla nýtist sem betur fer í listinni og það eykur ótrúlega við þroskann að sjá heiminn og upplifa hann. Fiðluleikurinn snýst líka mikið til um að halda sér í góðu formi og ég hef alltaf haft nóg að gera þar sem ég er stödd hverju sinni við að leika á fiðluna, halda tónleika og kenna.“

Bestu tónleikar ferilsins

Þegar Eva Mjöll flutti til New York réðist hún ekki á garðinn þar sem hann var lægstur og hófst fljótlega handa við að skipuleggja tónleikahald í Carnegie Hall. „Ég held mér sé óhætt að fullyrða að Carnegie Hall er fyrsti kosturinn sem flestir tónlistarmenn myndu velja ef þeir



TÓNELSK Eva segir tónleikana í Carnegie Hall hafa verið þá bestu á ferlinum.

hefð fyrir tónlist, Pakistanar vita varla hvað fiðla er. Það var því mjög skritið að koma aftur til New York í allt öðruvísi menningarheim þar sem gerðar eru

Fjölbreyttari tækifæri í New York

Eva Mjöll Ingólfssdóttir kom síðast fram á tónleikum á Íslandi fyrir sex árum. Þá lék hún með rússneska píanóleikaranum Svetlónu Gorokhovich í Salnum í Kópavogi en þótt hún hafi ekki spilað hér um árabil heldur Eva Mjöll alltaf góðum tengslum við landið. „Ég á stóra og alveg yndislega fjölskyldu sem ég er í miklu sambandi við og reyni að koma til Íslands að minnsta kosti einu sinni á ári,“ segir Eva og fjölskylduböndin eru greinilega sterk því um árabil var Eva nemandi í fiðluleik hjá hálf systur sinni Rut Ingólfssdóttur. „Fólk hér úti trúir mér oft ekki þegar ég segi hversu marga atvinnutónlistarmenn er að finna í fjölskyldunni minni. Það finnst öllum mjög sérstakt sérstaklega þegar litið er til þess hvað við búum á litlu landi.“

En er það smæðin sem gerir það að verkum að Eva Mjöll ætlar sér ekki að flytja til Íslands í bráð? „Mér finnst alltaf gaman að koma heim en atvinnumöguleikarnir eru meiri fyrir mig hér úti. Mér finnst að hér fái ég fleiri tækifæri til að spreyta mig og get komist í fjölbreyttari verkefni. Tónlistin hefur sjaldan eða aldrei heillað mig jafnmikið og núna og fjölbreytningin er nauðsynleg til að maður geti haldið áfram að þróa sig og þroskast sem listamaður. Mér finnst ég í frábæru formi og er spennandi fyrir að undirbúa næstu skref og takast á við það sem fram undan er.“

Eva Mjöll er um þessar mundir að undirbúa efni og upptökur á nýjum geisladiski sem hún ætlar annað hvort að taka upp á Íslandi eða í New York. „Draumurinn er svo að fá styrk til að halda í tónleikaferð til Evrópu,“ segir Eva að lokum og nokkuð ljóst er að hún heldur áfram að leggja rækt við tónlistina og flökkueðlið.

thorakaritas@frettabladid.is




EVA Í AFRÍKU Hér heldur Eva á munaðarlausum ljónsunga í Zimbabve en eiginmaður Evu vinnur hjá Sameinuðu þjóðunum.

fengju að óska sér hvar í heiminum þeir ættu að fá að spila. Öll þekktustu nöfnin í tónlistarheiminum hafa spilað þarna og þegar ég kom til New York ákvað ég að freista gæfunnar. Ég hafði komið fram einu sinni áður í Carnegie Hall á tónleikum sem voru haldnir í tilefni af afmæli föður míns og kom í ljós að aðstandendur hússins mundu eftir mér,“ segir Eva Mjöll, sem á hvorki langt að sækja ferðaeðlið né tónlistarhæfileikana því hún er dóttir ferðafrömuðarins Ingólfs Guðbrandssonar. „Þegar komið var í ljós að ég fengi að spila þar var ég styrkt til verkefnisins og allt fór á fullt við undirbúning.“

Eva Mjöll segir tónleikana í Carnegie Hall hafa verið þá skemmtilegustu og bestu á ferlinum. „Í Pakistan er ekki mikil

gífurlegar kröfur til tónlistarfólks. Ég tók mikla áhættu og þurfti að undirbúa mig mjög vel en um leið og ég steig á svið breyttist hver sekúnda í einhverja ótrúlega upplifun,“ segir Eva, en á tónleikum í Carnegie Hall lék Eva Mjöll með undirleikaranum Benjamin Loeb. Á efnisskránni voru verk eftir Serge Prokofiev, pólska tónskáldið Karol Szymanovsky, Dmitri Shostakovich, Ernest Bloch og Johan Sebastian Bach. „Eftir tónleikana fékk ég mikið magn af bréfum og tölvupósti þar sem allir töluðu um að tónleikarnir hefðu verið „magical“, segir Eva og afsakar enskuslettuna um leið. „Það þóttu mér góð verðlaun því það er aldrei hægt að taka því sem sjálfsögðum hlut að allt gangi vel þegar á reynir.“

SPILAÐU DAGINN SEM ÞÚ KEMUR ÚT



HANBURY MANOR

VINSÆLASTA GOLFHÓTELIÐ Í LONDON



Marriott Hanbury Manor er vinsælasta golfhóтелиð í London. Þetta margverðlaunaða 5-stjörnu hótél sameinar glæsígistingu við einstaka upplifun í þjónustu og mat. Marriot Hanbury Manor hefur margsinnis haldið Opna enska meistaramótið og er völlurinn talinn einn sá allra besta á Englandi.

3 dagar: kr. 59.900-

Innifalið: Flug með flugvallasköttum, 2 nætur með morgunverði, 3x18 holur og aðgengi að heilsulind hótelsins.

5 dagar: kr. 86.900-

Innifalið: Flug með flugvallasköttum, 4 nætur með morgunverði, 5x18 holur og aðgengi að heilsulind hótelsins.

"Ég hef farið til Hanbury Manor með GB Ferðum og ég varð gríðarlega hrifinn því bæði var þetta frábær golfvöllur í góðu ástandi og einnig var þetta frábært hótél sem við gistum á, með frábærum veitingastöðum."

- Birgir Leifur Hafþórsson, atvinnumaður í golfi.



Icelandair er eina flugfélagið með morgunflug til London allt árið. Taktu morgunflugið og spilaðu 18 holur daginn sem þú ferð út og nýttu golfferðina til fullnustu. Þú tekur kvöldflugið frá London og spilar allt að 36 holur daginn sem þú ferð heim.

MANOR of GROVES



Manor of Groves er gott 4 stjörnu hótél í Hertfordshire. Hótelgolfvöllurinn Manor of Groves Championship course liggur við hótelið. Á staðnum er nýtt "La Brasserie" og góð heilsulind.



3 dagar: kr. 49.900-

Innifalið: Flug með flugvallasköttum, 2 nætur með morgunverði, 3x18 holur og aðgengi að heilsulind hótelsins.

5 dagar: kr. 73.900-

Innifalið: Flug með flugvallasköttum, 4 nætur með morgunverði, 5x18 holur og aðgengi að heilsulind hótelsins.

"Ég hef nýtt mér þjónustu GB ferða í þrígang og heimsótt Hanbury Manor og the Grove. Það er ekki tilviljun að GB ferðir eru að undirbúa fyrir mig fjórðu ferðina. Þær fyrri voru einstaklega vel heppnaðar."

- Gestur Jónsson hrl. og formaður Golfklúbbs Reykjavíkur



Pórey Edda síðust

Stangarstökkvarinn Pórey Edda Elisdóttir hafnaði í 8. og síðasta sæti á síðasta stigamóti frjálsíþróttasambandsins, sem fram fór í Mónakó í gær. Pórey stökk aðeins 4,20 metra en að venju var það Jelena Isinbajeva sem bar sigur úr þytum, með stökki upp á 4,74 metra.

sport
sport@frettabladid.is



60 MEÐ LOGA OLAFSSYNI

SEKÚNDUR

Landsliðsþjálfari, íþróttakennari eða íþróttapular? Allt í senn.

Kaffi eða te? Kaffi.

Starf landsliðsþjálfara er... að velja sterkasta lið sem völ er á hverju sinni.

Besti leikmaður Íslands frá upphafi? Ásgeir Sigurvinsson.

Eiður Smári er... frábær fót-boltamaður.

Íslenskir fjölmiðlar eru... að reyna að sinna sinni vinnu.

Besti leikmaður heims? Ronaldinho.

Besti leikmaður allra tíma?

Maradona.

Íslenska landsliðið er... á breyt-ingaskeiði.

Víkingur, ÍA eða Breiðablik? Hjartað slær í Hafnarfirðinum.

Besta landslið í heimi? Brasilía.

Leikmaður sem íslenska landsliðið vantar? Sá besti, Ronaldinho.

Samstarfið við Ásgeir er... gott.

Kemst Ísland á stórmót? Vonandi.

Popp eða rokk? Rokk.

Er glasið hálfullt eða hálf-tómt? Var að klárast.

> Við hrósum ...

Allan Borgvardt, leikmanni Víking í Noregi, sem sló svo sannarlega í gegn þegar hann þreytti frumraun sína með liðinu gegn Rosenborg í gær. Borgvardt kom inn á þegar tæpur stundarfjórðungur var eftir en þá var staðan 2-1 fyrir Rosenborg. Með Borgvardt inni á vellinum skoraði Víking hins vegar tvö mörk og tryggði sér magnaðan sigur.

> Við óskum ...

... knattspyrnudeild Breiðabliks hjartanlega til hamingju með árangurinn í sumar, en kvennalið félagsins vann tvöfalt á meðan karlamir unnu 1. deildina með yfirburðum. Árangurinn í sumar hefur einfaldlega ekki getað verið betri.



Íslenska landsliðið í körfubolta:

Góður sigur á Rúmenum

FÓTBOLTI Íslenska landsliðið í körfubolta vann góðan sigur á Rúmenum í gær, 80-72, í lokaleik B-deildar Evrópumótisins en leikið var ytra. Sigurinn var gríðarlega mikilvægur fyrir þær sakir að íslenska liðið verður í sama styrkleikaflokki og áður þegar dregið verður í næstu keppni en með tapi hefði íslenska liðið líklega fallið niður um styrkleikaflokk. Íslenska liðið hafnaði í 2. sæti í riðlinum á eftir Dönnum en Rúmenar urðu í þriðja og síðasta sæti. Íslenska liðið vann báða leikina gegn Rúmenum í mótinu en tapaði báðum gegn Dönnum.

Magnús Gunnarsson var stiga-hæstur íslensku leikmannanna í

gær með 22 stig en hann var sjóðandi heitur í síðari hálfleik þegar hann skoraði 15 stig. Það var einkum frábær leikkafla í þriðja leikhlutu sem lagði grunninn að sigri Íslands en þá breytti íslenska liðið stöðunni úr 36-35 í 61-48. Liðið hélt síðan haus í fjórða leikhlutu og vann að lokum góðan átta stiga sigur og það án síns besta leikmanns, Jóns Arnórs Stefánssonar, en hann á við meidsli að stríða.

Logi Gunnarsson skoraði 13 stig fyrir Ísland og var næststiga-hæstur og þá var Friðrik Stefánsson með 10 stig og átta fráköst og Hlynur Bæringsson með átta stig og jafn mörg fráköst.

- vig



LANGBESTAR Þóru B. Helgadóttur, fyrirlíða, og Eddu Garðarsdóttur leiddist ekki að taka á móti VISA-bikarnum úr hendi Steinunnar Valdísar Óskarsdóttur borgarstjóra í gær. Blikar eru einfaldlega með langbesta liðið í kvennaboltanum í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Fullkomið hjá Breiðabliki

Það var stór dagur hjá Breiðabliki í gær og tveir bikarar fóru á loft. Karlaliðið fagnaði sigri í 1. deildinni og kvennaliðið kórónaði frábært sumar með 4-1 sigri á KR í úrslitum VISA-bikarsins.

FÓTBOLTI Lið Breiðabliks fór taplaust í gegnum sumarið og gerði reyndar aðeins eitt jafntefli – gegn KR í deildinni. Það var þó aðeins í skamma stund sem jafnræði var með liðunum í gær. KR komst reyndar yfir með góðu marki Ásgerðar Hildar Ingibergsdóttur strax á 6. mínútu og Vesturbæjarstúlkur hefðu átt að komast tveimur mörkum yfir skömmu

síðar er Fjóla Dröfn Friðriksdóttir komst ein gegn Þóru Helgadóttur, markverði Blika. Þóra var hins vegar vel á verði eins og reyndar svo oft áður í sumar.

Greta Mjöll Samúelsdóttir jafnaði metin fyrir Blika á 26. mínútu með skalla eftir hornspyrnu og Casey McCluskey kom þeim yfir á lokasekúndum fyrri hálfleiks. Skoraði hún með skoti úr teig eftir að hafa þrjónað sig í gegnum vörn KR, einkar laglegt mark.

Síðari hálfleikur hófst eins og sá fyrri endaði og tók það ekki nema sex mínútur fyrir Blika að bæta við þriðja markinu. Þar var á ferð Tesia Ann Koslowski með háu skot utan teigs sem fór yfir Petru Fanney í mark KR. Greta Mjöll bætti svo við fjórða markinu á 70. mínútu og var það keimligt fyrri marki hennar. Hún var svo hársbreidd frá því að fullkomna þrenna nú mínútum síðar en ágætur skalli hennar fór í slá.

Eftir að Blikar komust yfir var í raun aldrei spurning hvort liðið myndi sigra. KR-stúlkur eiga þó hrós skilið því þær hættu aldrei að spila sinn bolta og áttu nokkur góð marktækifæri í leiknum og voru óheppnar að bæta ekki við marki. Leikurinn var skemmtilegur og fjörugur, án þess að vera grófur ef frá er talið ljótt brot Guðnýjar G. Einarsdóttur á Eddu Garðarsdóttur á 85. mínútu en Guðný fékk að líta rauða spjaldið í kjölfarið.

„Þetta er um það bil eitt það skemmtilegasta sem ég hef gert,“ sagði Greta Mjöll kampakát í leikslok. „Sumarið hefur verið í einu orði sagt fullkomið. Það hefði kannski verið allt í lagi að missa ekki þennan eina leik í jafntefli en það skiptir ekki miklu máli þegar uppi er staðið. Við erum Íslandsmeistarar og bikar-meistarar og það verður ekki mikið betra.“

eirikurst@frettabladid.is



GLATT Á HJALLA Leikmenn Breiðabliks réðu sér vart að kæti eftir sigurinn á KR í gær og stigu trylltan stríðsdans í leikslok á Laugardalsvelli.

Útsala
Lokadagur
opið í dag!
kl. 13-16
Val húsgögn
Armúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375



Body & Mind með Önnu Haraldsdóttur

Anna Haraldsdóttir býður þig velkoman á Body & Mind. Námskeiðið flettar saman austurlenskar æfingar s.s. yoga, tai-chi ásamt vestrænum styrktaræfingum. Árangurinn segir til sín í auknum liðleika, meiri styrk, betri líkamsstöðu, betri líkamsbeitingu og fækkun aukakílóa. Rétt öndun hjálpar til við slökun hugar og taugakerfis og örvar blóðflæði. Margar hafa sigrast á áralöngum verkjum, s.s. í hálsi og baki og grennt sig svo um munar.

Kennt er í lokuðum hópum og eru tímarnir eingöngu ætlaðir konum. Lögð er áhersla á bætt mataræði og heilbrigða lífshætti. Engin hávaði og engin hopp, leiðbeiningum um mataræði og fitu- og ummálmælingar fyrir þær sem þess óska. "Magic circle", teygjur, boltar og létt lóð styrkja handleggi og lærvöðva. Kennt er í sal hjá Technosport í Hafnarfirði á eftirtöldum tímum:

Mánud. miðvd og föstud. kl. 9.15, 16.30 og 17.30
Þriðjud og fimmtud. kl. 16.30

Það hefur verið nær uppselt á þessi námskeið s.l. 3 ár. Nú eru nokkur sæti laus.



Skráðu þig strax hjá Önnu í síma 899 79 09

LEIKIR GÆRDAGSINS**VISA-bíkar kvenna:**

KR-BREIÐABLIK 1-4
1-0 Ásgerður H. Ingibergsdóttir (5.), 1-1 Greta Mjöll Samúelsdóttir (26.), 1-2 Casey McCluskey (45.), 1-3 Tesia Ann Kozłowski (51.), 1-4 Greta Mjöll Samúelsdóttir (70.).

2. deild karla:

LEIFTUR/DALVÍK-TINDASTÓLL 2-1
NJARÐVÍK-STJARNAN 2-1
FJARÐABYGGÐ-LEIKNIR 2-1
ÍR-HUGINN 2-1
AFTURELDING-SELFOSS 6-2

LOKASTAÐAN:

LEIKNIR	18	11	4	3	38-21	37
STJARNAN	18	9	6	3	42-25	33
NJARÐVÍK	18	9	4	5	34-21	31
F'BYGGÐ	18	8	5	5	31-24	29
SELFOSS	18	8	2	8	27-30	26
A'ELDING	18	6	4	8	35-35	25
ÍR	18	5	6	7	25-33	21
HUGINN	18	5	4	9	35-37	19
TINDASTÓLL	18	4	4	10	16-38	16
LEIFT/DAL	18	3	5	10	24-43	14

*Leiknir og Stjarnan komust upp í 1. deild en Tindastöll og Leiftur/Dalvík féllu niður í 3. deild.

3. deild karla:

REYNIR S.-SINDRI 4-1
*Reynir Sandgerði er því meistari í 3. deild karla en bæði lið eru komin upp í 2. deild.

Aukakeppni kvenna:

FH-PÓR/KA/KS 4-1
*Þetta var fyrri viðureign liðanna um laust sæti í Landsbankadeild kvenna í knattspyrnu. Síðari leikurinn fer fram á fimmtudaginn á Aukureyri.

Evrópukeppnin í handbolta:

VALUR-H/C TIBLISI 51-15
Mörk Vals: Fannar Friðgeirsson 12 (15), Baldvin Þorsteinsson 10 (14/1), Mohamade Loutoufi 9 (13), Atli Steinþórsson 5 (6/1), Davíð Höskuldsson 4 (4), Kristján Karlsson 4 (5), Sigurður Eggertsson 3 (4), Hjalti Pálmarson 1 (2), Þórir Júlíusson 1 (3), Kristinn Guðmundsson 1 (4).
Varin skot: Pálmar Pétursson 22 (af 37)

Evrópukeppnin í körfubolta:

RÚMENÍA-ÍSLAND 72-80

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

SEPTEMBER

8 9 10 11 12 13 14

Sunnudagur**LEIKIR**

- 14.00 **Þróttur** og **Grindavík** mætast á Laugardalsvöllinum í Landsbankadeild karla.
- 14.00 **KR** tekur á móti **Val** á KR-völlinum í Landsbankadeild karla.
- 14.00 **FH** mætir **Fylki** á Kaplakraikavelli í Landsbankadeild karla.
- 14.00 **Keflavík** og **Fram** mætast á Keflavíkuvelli í Landsbankadeild karla.
- 14.00 **ÍBV** og **ÍA** mætast á Hásteinsvelli í Vestmannaeyjum.
- 14.10 **Valur** mætir **H/C Tíblisi** í Evrópukeppni félagsliða í handbolta. Leikið verður í Laugardalshöllinni.

SJÓNVARP

- 10.00 **Hnefaleikar** á Sýn. Erik Morales og Zahir Raheem mætast.
- 11.30 **Formúla 1** á RÚV. Bein útsending frá belgiska kappakstrinum.
- 12.00 **Real Madrid-Celta Vigo** á Sýn. (e)
- 13.40 **Landsbankadeild karla** á Sýn. Bein útsending frá þremur leikjum, Keflavík-Fram, FH-Fylkir og Þróttur-Grindavík.
- 14.10 **Valur - H/C Tíblisi** í beinni útsendingu á RÚV.
- 15.00 **Bolton-Blackburn** á Enska boltanum. Bein útsending.
- 16.10 **US PGA Tour** á Sýn.
- 17.00 **Meistaradeildin** á Sýn. (e)
- 17.30 **Landsbankamörkin** á Sýn.
- 18.20 **Palermo-Inter** á Sýn. (e)
- 20.20 **Ameríski fótoltinn** á Sýn. NY Giants og Arizona mætast.
- 21.45 **Helgarsportíð** á RÚV.
- 22.00 **Fótboltakvöld** á RÚV.
- 22.30 **Landsbankadeildin** á Sýn. (e)

Ótrúlegir yfirburðir Valsara gegn H/C Tíblisi í Evrópukeppni félagsliða í handbolta:

Skrípaleikur í Laugardalnum

HANDBOLTI Valur hafði fádæma yfirburði gegn georgíska liðinu H/C Tíblisi í EHF bikarnum í Laugardalshöll í gær. Lokatölur urðu 51-15 fyrir Val og er ljóst að seinni leikur liðanna á morgun verður ekki annað en létt æfing fyrir lið Vals, sem kemur vel undan sumri með nokkuð breytt lið frá síðasta vetri.

Valsmenn mættu mjög grimmir til leiks og hið óhemjuslaka georgíska liðið átti sér aldrei viðreisnar von. Valur beitti framan af leik 3-3 vörn með þeim árangri að fremstu varnarmann Vals hirtu knöttinn af andstæðingum sínum jafnskjótt og þeir nálgudust punktalinuna. Yfirburðirnir voru fáránlegir og skoruðu Valsmenn mark á mínútu fyrstu 22 mínúturnar, þangað til þeir breyttu yfir í 6-0 vörn og leyfðu leikmönnum Tíblisi að draga andann eitt augnablik eða svo. Niðurstaðan eftir fyrri hálfleik var 27 mörk Vals gegn 4 mörkum Tíblisi en 15 marka Vals í fyrri hálfleik komu eftir hraðaupphlaup.

Valsmenn héldu einbeitingunni að mestu leyti í seinni hálfleik og leyfðu varamönnum



YFIRBURÐIR Mohamade Loutoufi sést hér skora eitt af níu mörkum sínum fyrir Val í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

að spreya sig án þess að slaka mikið á klónni.

Hjá Vals voru Fannar Friðgeirsson, Baldvin Þorsteinsson og Mohamade Loutoufi atkvæðamestir en skyttan Samarganishvili var öflugasti leikmaður Tíblisi og skoraði sjö mörk.

Georgíska liðið var aðeins með tólf menn á leikskýrslu þar sem einhverjir leikmanna liðsins urðu eftir í London vegna vandræða með vegabréf og gæti það að einhverju leyti skýrt þá hrikalegu útreið sem liðið fékk í Laugardalshöllinni í gær. - hrm



SIGURVEGARINN Pétur Guðmundsson varð hlutskarpastur á Hálandaleikunum í gær.

Hálandaleikarnir:

Pétur sigraði

HÁLANDALEIKAR Pétur Guðmundsson, fyrrum Íslandsmeistari í kúluvarpi, sigraði á Hálandaleikunum sem fram fóru á Akranesi í gær, þar sem úrvalslið kraftamanna sýndi á sér sparhliðarnar í skotapilsunum í hinum ýmsu kastgreinum í blíðviðrinu á Skaganum.

Næstur á eftir Pétri varð Auðunn Jónsson í öðru sæti og Sæmundur Sæmundsson hafnaði í þriðja sætinu. Sterkasti maður Íslands, Kristinn „Boris“ Haraldsson, sigraði með glæsibrag í lóðakasti yfir rá, þegar hann fleygði lóðinu yfir sextán fet og tryggði sér með því fjórða sætið. - bb

HYUNDAI
hefur gæðin

Hyundai Terracan

náttúrulega góður

“Þegar ég endurnýja, eru nokkur atriði sem ég legg mikla áherslu á að séu í lagi. Nýi jeppinn verður að vera sterkbyggður og kraftmikill, með góða torfæruháefni, svo að ég komist örugglega þangað sem ég ætla mér. Jafnframt þarf hann að vera áreiðanlegur. Ekki vill maður verða strandaglópur einhvers staðar í óbyggðum. Þá þarf hann að vera rúmgóður og þægilegur, af þeirri einföldu ástæðu að maður býður ekki fjölskyldunni sinni eða vinunum upp á hvað sem er.

Ég fann strax að Hyundai Terracan hefur allt þetta og meira til.

Ég get því óhikað mælt með honum sem traustum og skemmtilegum ferðafélaga.”

Ásmundur Guðnason, fjallagarður
Kristín Ásmundsdóttir, fjallahátá



Terracan GLXA 2900 CRDi diesel, beinskiptur.
Ríkulega búinn með m.a. tölvustýrða miðstöð.
Verð kr. 3.650.000
Bílasamningur kr. 37.998 á mánuði m.v. 30% útborgun.
Við staðgreiðum þann gamla.*



Með bílinn handa þér

B&L

Grjóthálsi 1

575 1200

www.bl.is

Bílasala Akureyrar sími 461 2533 • Bílár Akranesi sími 431 2622 • SG Bílar Reykjanesbæ sími 421 4444
Áki Sauðárkróki sími 453 6140 • Bíla- og búvélalán Hvammstanga sími 451 2230

**ARON KRISTJÁNSSON**

Segir að það yrði erfitt ef hann ætti að þjálfva eitthvað annað lið en Hauka.

Fyrir einu og hálfu ári komst Aron að raun um hversu mikill fjöldi Íslendinga býr í Danmörku. Á þriðju deildar leik sá hann ung- an línumann sem honum leist strax vel á. Þarna var á ferðinni Jón Þórbjörn Jóhannesson, ungur strákur sem fluttist út fyrir nokkrum árum.

„Ég kom að máli við hann eftir leikinn, sagði að mér litist vel á hann og vildi fá hann til liðs við okkur,“ segir Aron og útskýrir að þegar Jón hafi komið til liðs við sig hafi hann strax hafið mark- vissa vinnu með honum. „Hann er bæði breiður og stór og hentar því vel sem varnarmaður. Hann skorti hins vegar upp á líkamlegt form

„Gamli Íslendingurinn vill að menn séu svolítið harðir af sér og harki af sér eitthvað smávægilegt hjask.“

en er óðum að komast í gott hlaupaform og er sífellt að bæta sig í boltatækninni,“ segir Aron.

Skjern leggur mikið upp úr því að erlendu leikmennirnir hafi fasta búsetu í bænum en helming- ur liðsins býr í Esbjerg, sem er hálf tíma frá bænum. „Allir Íslend- ingarnir búa saman hérna. Þeir hafa því gott samband sín á milli og hittast mikið fyrir utan völlinn,“ segir Aron og bætir við að hann reyni jafnframt að hafa sam- band sitt og leikmanna gott. „Ég þekki auðvitað Vigni mjög vel frá árunum í Haukum og svo þjálfaði ég hann í fjórða flokki. Þá var hann miðjumaður. Hann hefur breyst mjög mikið síðan þá,“ segir Aron og hlær.

Stefnt á titilinn

Aron er mjög ánægður með þann hóp sem hann hefur í höndunum og segir andann góðan. Mennt ná vel saman. „Okkur hefur tekist mjög vel upp með þá leikmenn sem hafa komið til liðs við félagið. Það er góður andi í hópnum enda legg ég mikið upp úr því að menn hafi koll- inn í lagi. Leikmenn sem vinna vel saman bæta það upp sem kannski skortir upp á í íþróttinni sjálfri.“

Aron er þekktur keppismaður og leggur mikið upp úr því að vinna. Stjórnendum Skjern hafi snemma verið gert ljóst hvers vegna hann væri þar. „Ég var aldrei kominn hingað til að vera bara með.“ Liðið stefnir því hærra þetta árið og Aron segir það eiga raunhæfa möguleika á komast í fjögurra liða liða úrslit deildarinn- ar. „Eftir það getur allt gerst.“

Kem alltaf aftur heim

Aron segir það ekki vera spurn- ingu um hvort heldur hvenær fjöl- skyldan komi heim þó honum líði vissulega vel í Skjern. „Við erum með tvo stráka, Darra sem er að verða sex ára og Jakob sem er þriggja. Sá eldri talar alltaf um að hann vilji flytja heim þegar hann verði átta enda eru afi og amma þar auk allra ættingja,“ segir Aron. Sjálfur segist hann vel geta hugsað sér að koma heim og taka að sér þjálfunarstarf. Hann viður- kennir þó að erfitt yrði að þjálfva annað félag en uppeldisfélagið Hauka. „Þó ég myndi velja annað félag yrðu Haukar alltaf mitt lið,“ segir hann og bætir við að strák- arnir hans séu meira að segja harðir Haukamenn.

Það hefur heldur gustað um landsliðsþjálfarastöðuna að und- anförnu. Aron segir það þó ekki hafa fælt sig frá. Hann myndi líta á það sem heiður ef honum yrði boðin staðan. „Þeir sem hafa sinnt þessu starfi hafa fengið óvægna gagnrýni í fjölmiðlum. Góðir þjálfarar hafa verið hengdir. Sumt af því hefur verið rétt og annað rangt. Það hversu fámenn við erum veldur því kannski að þetta gengur mönnum nær,“ segir Aron.

freyrgjia@frettabladid.is

DANIR KUNNA EKKI AÐ SPILA VÖRN

Aron Kristjánsson, fyrrum landsliðsmaður í handknattleik, fékk draumastarfið fyrr en áætlað var. Freyr Gígja Gunnarsson tók hús á honum í veðurblíðunni í Danmörku.

HANDBOLTI Eftir að hafa spilað með Haukum allan sinn feril lagðist Aron í viking og fór til Danmerkur, til Skjern sem síðar átti eftir að koma meira við sögu í hans lífi. Eftir þrjú sigursæl ár kom hann aftur heim til Hauka og reiknaði ekki með að fara aftur út. Velgengi íslenska landsliðsins á Evrópukeppninni í Svíþjóð varð þó til þess að Aron fór aftur út.

Vonbrigði leiddu til drauma- starfsins

Sigurför landsliðsins á heims- meistarakeppninni í Portúgal varð til þess að Ísland komst á Ólymp- íuleikana. Eftir síðasta leikinn kom Aron inn í búningsklefann og sagði við félagi sína: „Nú er bara að passa að meiddast ekki.“ Einu og hálfu ári síðar var ferillinn á enda. Alvarleg meiðsl í leik með félaginu hans Tvis Holstebro urðu til þess að hann neyddist til að leggja skóna á hilluna frægu, þá rétt orð- inn þrítugur.

Aroni hafði tekist að vinna sér fast sæti í landsliðinu og var kom- inn með sitt hlutverk í liðinu. Meiðslin voru honum því mikil vonbrigði. „Við vorum með góðan hóp sem vildi ná í verðlaunapen- ing með landsliðinu,“ segir hann.

Það er engu að síður alltaf ljós í myrkrinu. Skjern, félagið sem Aron spilaði fyrst með í Dan- mörku, hafði samband við hann og bauð honum aðstoðarþjálfarastöð- una. „Ég spilaði hérna fyrstu þrjú árin í Danmörku og við unnum tvo titla. Þeir þekktu því vel til mín,“ segir Aron. Hann var varla búinn að stjórna liðinu þegar honum var boðin aðalþjálfarastaðan. Hann var þar með kominn í drauma- starfið.

„Ég var byrjaður að þjálfva þegar ég var átján ára og stefnan var alltaf sett á þetta starf þegar ferl- inum lyki,“ segir hann en viður- kennir að þetta hafi kannski gerst einum of snemma.

Ísland að sitja eftir

Aron segir mikinn mun á dönsk- um og íslenskum handknattleik. Danska deildin sé mjög sterk og hafi meiri atvinnubrag yfir sér.

„Félögin hérna vinna markvisst að því að bæta fjárhaginn og þróa sig sem fyrirtæki,“ segir hann. „Heima er reksturinn byggður á sjálfboðastarfi. Það er verið að

„Það er unnið markvisst með ungu hæfileikafólki. Afrakstur- inn er að öll dönsk unglinga- landslið eru á toppnum. Það skilar sér í A-landsliðið.“

kaupa leikmenn en af hverju ekki að eyða peningunum í einn starfs- mann sem sæi um daglegan rekst- ur deildarinnar?“ bætir hann við.

Aron segir enn fremur að ótrú- legar framfarir hafi átt sér stað hvað varðar unglingastarf. „Það er unnið markvisst með ungu hæfileikafólki. Afraksturinn er að öll dönsk unglingalandslið eru á

toppnum. Það skilar sér í A-lands- liðið,“ segir hann.

„Það hefur hins vegar verið öfug þróun heima. Þegar ég var að koma upp úr meistaraflokki í kringum 1991 var mikil stemning í kringum handboltann. Síðustu fimm eða sex árin hefur leiðin hins vegar legið niður á við,“ segir Aron og finnst hluta af því mega rekja til máttleysis HSÍ, sem reyni að lifa af dag frá degi. „Handknattleikshreyfingin á Ís- landi hefur ekki bolmagn til þess að markaðssetja íþróttina.“

Vill ekki einhverjar „kellingar“

Að mati Arons er handknattleik- urinn sem spilaður er í Danmörku allt öðruvísi en heima. „Hér er hraðinn miklu meiri. Það eru spil- aðar stuttar sóknir og skoruð mörg mörk,“ segir hann og útskýr- ir enn fremur að Danir reyni að nýta breiddina á vellinum. „Það er til dæmis hlutur sem hefur fengið að sitja á hakanum heima því þetta

opnar möguleika fyrir fleiri færi,“ segir hann.

Aron hefur aldrei farið í felur með þá skoðun sína að dönsku deildina skorti tilfinnanlega alvöru varnarmenn. Það sé meðal annars þess vegna sem hann hafi fengið þá Vigni Svavarsson frá Haukum og Vilhjálm Halldórsson frá Val.

„Gamli Íslendingurinn vill að menn séu svolítið harðir af sér, harki af sér eitthvað smávægilegt hjask og standi saman í vörn- inni,“ segir Aron og brosir út í annað. „Það er annars sorglegt að sjá alla þessu góða sóknarmenn sem framleiddir eru hérna en geta ekkert í vörn. Hraðinn er svo mikill hérna að það er ekki hægt að vera með margar skiptingar úr sókn í vörn,“ segir Aron og bætir enn fremur við að það sé mjög mikilvægt fyrir hann að hafa leik- menn sem hann geti treyst að séu til staðar. Það hafi skort á síðustu leiktíð. „Ég vill að leikmenn leggi sig hundrað prósent fram.“



ÍSLENDINGALIÐ Með Skjern spila þrjú Íslendingar; Vignir Svavarsson, Vilhjálmur Halldórsson og Jón Þórbjörn Jóhannesson.



FRAM OG FYLKIR Magnús Gylfason telur að Reykjavíkurlíðin tvö tapi sínum leikjum í dag.

Magnús Gylfason spáir í Landsbankadeild karla: Fram og Fylkir tapa í dag

FÓTBOLTI Í dag fer fram heil umferð í Landsbankadeild karla og hefjast allir leikirnir klukkan 14. Botnbaráttan er í algleymingi og gæti það ráðist í dag hvaða lið fellur með Þrótti. Þau lið sem eru enn í fallhættu eru Fylkir, Fram, ÍBV og Grindavík.

Ekkert þeirra liða leika innbyrðis í dag og er því einn leikur sem ekki snýst um fallbaráttuna. Það er stórveldaslagur KR og Vals. „Það verður hörkuleikur eins og alltaf þegar þessi lið mætast,“ sagði Magnús Gylfason, sem áður þjálfaði KR í sumar. Fréttablaðið fékk hann til að spá í leiki dagsins. „Valur hefur unnið þrjá síðustu leiki sína en ég held að þetta verði hörkuleikur og að KR vinni, ég hef trú á því.“

Íslandsmeistarar FH mæta Fylkismönnum en Hafnfirðingar töpuðu sínum fyrsta leik í sumar í síðustu umferð, gegn ÍA. „Þrátt fyrir það tap er FH með besta liðið og þeir vilja sýna það í síðustu tveimur leikjunum. Ég tel að þetta verði nokkuð öruggur sigur hjá FH. Það mun sjálfsagt

fara um Fylkismenn sem munu fylgjast vel með úrslitum í öðrum leikjum,“ sagði Magnús. Fylkir er með bestu stöðuna af liðunum fjórum sem eru í fallhættu og þurfa í raun ekki að hafa miklar áhyggjur ef eitthvert af hinum liðunum þremur tapar í dag.

Magnús telur að Fram eigi erfiðan leik framundan gegn Keflavík. „Keflavík er að berjast fyrir Evrópusæti og þeir hafa staðið sig vel þegar þess hefur þurft. Það er líka búið að vera brokkgengt hjá Fram í sumar, það kom góður kaflí hjá þeim sem kom kannski of snemma.“

ÍBV fær ÍA í heimsókn og telur Magnús að Eyjamenn muni nú þjappa sér saman og vinna Skagamenn. „Það er allt undir hjá þeim og þeir verða að sækja stig. Það er eins með Grindavík – ég hef trú á þeim gegn Þrótturum þó svo að þeir séu með þrjá mjög sterka leikmenn fjarverandi í leiknum. Ég held að Grindvíkingar muni jafnvel taka sex stig úr síðustu tveimur leikjunum.“

eirikurst@frettabladid.is

Rooney ræður ekki við sig

Þó að Wayne Rooney sé ekki nema nítján ára gamall er hann einn umtalaðasti knattspyrnumaður síðari ára. Það er ekki eingöngu vegna hæfileika hans á vellinum heldur einnig vegna þess hve skapbráður hann er.

FÓTBOLTI Það eru ekki nema rétt rúmar þrjár vikur síðan Wayne Rooney lofaði bót og betrun. Hann ætlaði að taka á skapsmunum sínum og hætta að safna óþarfa gulum spjöldum. En atvikið sem átti sér stað undir lok fyrri hálfleiks í leik Englands og Norður-Írlands í Belfast síðastliðið miðvikudagskvöld ber þess merki að eitthvað hefur orðið lítið úr áætlunum hans.

Rooney missti algerlega stjórn á skapi sínu og sparkaði boltanum af mikilli bræði að David Healy, leikmanni Norður-Íra en hitti reyndar ekki. Hann átti svo í stimpingum við Keith Gillespie og blótaði þar að auki ekki bara dómáranum, heldur samherjum sínum, David Beckham, Steven Gerrard og Rio Ferdinand. Hann mátti teljast afar heppinn að hafa aðeins uppskorið gult spjald.

Sven-Göran Eriksson landsliðsþjálfari virðist eiga í miklum vandræðum með að hemja skap hins kornunga Waynes Rooney. Hann getur þó huggað sig við það að hann sé væntanlega ekki sá eini sem á í þessum vanda. Spurningin er hvort einhver yfirleitt geti haft stjórn á stráknum.

Keith Power er þekktur breskur íþróttasálfræðingur sem hefur unnið með þó nokkrum enskum leikmönnum. Hann segir að Rooney, sem er ekki nema 19 ára, þurfi á hjálp sérfræðings að halda. „Það er mismunandi en sumir íþróttamenn virðast þurfa að vera hæfilega æstir til að ná sínu besta fram. Aðrir þurfa að vera alveg rólegir en hvað Rooney varðar er



SKAPBRÁÐUR David Beckham, landsliðsforirliði Englands, reynir að hemja skap samherja síns, Waynes Rooney, í leik Englands og Norður-Írlands í vikunni. Það tókst heldur illa.

FRÉTTABLAÐIÐ/NORDIC PHOTOS/GETTY

hann nokkuð æstur þegar hann er upp á sitt besta. Spurningin er hins vegar hvort það hafi neikvæð áhrif á spilamennsku hans þegar hann verður of æstur. Rannsóknir hafa sýnt að þegar íþróttamenn eru í slíku ástandi geta þeir tapað sér mjög fljótt. Þeir verða í of miklu uppnámi til að geta lagt sitt besta fram í leikinn,“ sagði Power í samtali við enska blaðið Guardian.

Gillespie lýsti ástandinu þannig að Rooney hafi einfaldlega „tapað sér algerlega,“ þótt hann hafi reyndar beðið Gillespie afsökunar í hálfleik. „Það fór í taugarnar á honum að hann fékk engar

aukaspyrnur dæmdar sér í vil,“ sagði Gillespie. „Og ég er viss um að ef til dæmis Ítali eða Argentínamaður sæi hann þannig myndu þeir pottþétt reyna að hrista upp í honum og gera ástandið verra.“

Alex Ferguson, stjóri Man. Utd, segir að Rooney þoli einfaldlega ekki að tapa og það sé ávallt gott að hafa slíka leikmenn í sínu liði.

„Ég vil frekar hafa leikmann sem er með hjarta heldur en einhvern sem sýnir engin svipbrigði þegar illa gengur. Honum finnst ekki gaman að tapa og ég láí honum það ekki,“ segir Ferguson. - esá

Vantar þig...



YFIR 150.000 ÍSLENDINGAR LESA FRÉTTABLAÐIÐ AÐ MEÐALTALI Á HVERJUM DEGI. SMÁUGLÝSING Í FRÉTTABLAÐINU ER ÓDÝR OG ÁHRIFARÍK LEIÐ SEM TRYGGIR MESTU HUGSANLEGU ÚTBREIÐSLU Á SKILABOÐUM ÞÍNUM. AUGLÝSINGIN ER AUK ÞESS BIRT ÞÉR AÐ KOSTNAÐARLAUSU Á VISIR.IS.

PANTAÐU SMÁUGLÝSINGAR Í SÍMA 550 5000 EÐA Á VISIR.IS.

FRÉTTABLAÐIÐ

– SMÁUGLÝSINGAR SEM ALLIR SJÁ

BIKARINN AFHENTUR Hjörvar Hafliðason, fyrirliði meistaraliðs Breiðabliks, lyftir hér sigurlauninum fyrir sigur í 1. deild karla.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Línur að skýrast í 1. deild karla í knattspyrnu:

Formsatriði hjá Víkingum

FÓTBOLTI 17. umferð 1. deildar karla fór fram í gær og skýrdust þar heldur betur línur um hvaða lið fylgir meistaraliði Blika upp í Landsbankadeildina að ári. KA og Víkingur voru jöfn að stigum fyrir leiki dagsins en Breiðablik, sem tók við 1. deildarbikarnum í gær, vann 2-1 sigur á KA. Á sama tíma völuðu Víkingar yfir Hauka, 6-0 og bættu þar með markahlutfall sitt talsvert sem þýðir að Víking-

ar þurfa að tapa stórt, til dæmis 6-0, í lokaumferðinni á sama tíma og KA-menn þurfa að vinna sinn leik með sama mun.

Völsungur sendi KS niður í 2. deild með 3-0 sigri í gær og á liðið enn möguleika á að halda sæti sínu í deildinni með þeim sigri. Liðið mætir Víkingi R. á útivelli í síðustu umferðinni og verður hreinlega að sigra til að halda sæti sínu í 1. deild.

Tímatakan fyrir belgíska kappaksturinn í gær:

McLaren-menn á ráspól

FORMÚLA Juan Pablo Montoya náði besta tímanum í tímátökum fyrir belgíska kappaksturinn sem fer fram á Spa-brautinni. Félagi hans hjá McLaren, Finninn Kimi Räikkönen verður við hlið hans á ráspólnum en forystusauðurinn í stigakeppni öikumanna, Spánverjinn Fernando Alonso náði aðeins fimmta besta tímanum á sinni Renault-bifreið.

„Ég er þokkalega ánægður með mína stöðu,“ sagði Alonso sem

hefur 27 stiga forystu á Räikkönen þegar 40 stig eru enn í pottinum.

„Þó það verði erfitt að vinna McLaren-ökumennina í kappakstrinum er það ekki ómöglegt.“ Líklegt er að Alonso hafi fremur hægt um sig í dag þar sem honum nægir að klára kappaksturinn í þokkalegu sæti, til dæmis því fimmta, til að halda hæfilegu forskoti á Räikkönen.

- esá

LÍÐIÐ MITT > BIRKIR KRISTINSSON SETUR SAMAN ÚRVALSLÍÐ LEIKMANNA SEM HANN HEFUR SPILAÐ MEÐ



Væri til í að vera í marki hjá þessu liði

Hermann Hreiðarsson: Herminator verður að vera í liðinu. Sterkur varnarmaður sem slátrar öllum sem nálægt honum koma.

Guðni Bergsson: Gamla antilópan var mjög skynsöm og með góðar staðsetningar.

Eyjólfur Sverrisson: Jolli er annar leiðtogi í vörnina. Leggur sig alltaf allan fram.

Hlynur Stefánsson: Treysti honum til þess að leysa bakvarðarstöðuna. Gríðarlega góður varnarmaður sem er góður með boltann.

Sigurður Jónsson: Fær kvenfólk til þess að mæta enda var hann vist með ein flottustu læri deildarinnar. Líkamlega sterkur og tapar varla tæklingu.

Pétur Ormslev: Var með mér á gullaldarárum Fram. Skapandi leikmaður sem er góður fram á við.

Rúnar Kristinsson: Góður í vörn og sókn. Er með góða boltameðferð og frábæran leikskilning.

Arnór Guðjohnsen: Fjölhæfur leikmaður, sterkur líkamlega og bara góður alhiða leikmaður.

Eiður Smári Guðjohnsen: Heimsklassa leikmaður. Hann og Arnór spiluðu því miður aldrei landsleik saman og ég vil bæta úr því.

Ríkharður Daðason: Ekki hægt að sleppa Ríkka eftir mark hans gegn Frakklandi. Frábær skallamaður sem heldur boltanum vel.



„Mér finnst ósanngjarnt að fá að velja bara eitt lið eftir 20 ár í boltanum!“

ÚR SPORTINU

Bjarki Guðmundsson, markvörður **ÍA** í Landsbankadeildinni, mun ekki leika með liðinu í síðustu tveimur leikjum sumarsins af því að hann fær ekki leyfi frá háskóla sínum í Bandaríkjunum. Bjarki hafði ákveðið að fljúga í leiki Skagamanna en að sögn heimasíðu **ÍA** hefur þjálfari háskólaliðsins sett honum stólinn fyrir þær dyrnar. Það verður því **Páll Gísli Jónsson** sem mun verja mark **ÍA** í lokaleikjunum.



Arsene Wenger, knattspyrnustjóri **Arsenal**, kveðst sannfærður um að stjórnfrumherji sinn **Thierry Henry** muni skrifa undir nýjan samning við félagið innan tíðar. Hinn 28 ára gamli **Henry** á tvö ár eftir af núverandi samning sínum við **Arsenal** en **Wenger** vill að hann skrifi undir nýjan samning fyrir áramót.



„Henry er í paradís hér hjá **Arsenal**. Ég hef engar áhyggjur yfir því að hann skrifi ekki undir samninginn. Hann er og hefur ávallt verið trúr félaginu,“ segir **Wenger**.

Mahamadou Diarra, miðjumaður **Lyon** og ein skærasta stjarna franska boltans í fyrra, hefur greint frá því að hann hafnaði boði frá **Arsenal** um að ganga til liðs við félagið í sumar. **Arsene Wenger** hafði hugsað **Diarra** sem arftaka **Patrick's Veira** á miðjunni en **Diarra** ákvað að vera um kyrrt hjá **Lyon**. „Þetta var mjög erfið ákvörðun en **Lyon** er orðið eitt fremsta félag Evrópu og mér líður eins og heima hjá mér hjá liðinu. Því var þetta ekki spurning.“



LEIKIR GÆRDAGSINS

1. deild karla

BREIÐABLIK-KA	2-1
1-0 Árni Gunnarsson (61.), 2-0 Ragnar H. Gunnarsson (75.), 2-1 Jóhann Þórhallsson (80.).	
ÞÓR A.-HK	1-2
0-1 Þorsteinn Sveinsson (67.), 1-1 Zeljko Gavrilovic (88.), 1-2 Hörður Magnússon (89.).	
FJÖLNIR-VÍKINGUR Ó.	1-0
1-0 Atli Guðnason (22.).	
HAUKAR-VÍKINGUR R.	0-6
0-1 Daníel Hjaltason (22.), 0-2 Jón Guðbrandsson (37.), 0-3 Daníel Hjaltason (59.), 0-4 Davíð Þór Rúnarsson (70.), 0-5 Davíð Þór Rúnarsson (79.), 0-6 Haukur Úlarsson (90.).	
VÖLSUNGUR-KS	3-0
1-0 Boban Jovic (30.), 2-0 Andri Valur Ivarsson (68.), 3-0 Halldór Júlíusson (93.).	

*Halldór var að leika sinn fyrsta leik fyrir Völsung og skoraði með sinni fyrstu snertingu í leiknum.

STAÐAN:

B'BLIK	17	13	4	0	30-11	43
VÍKINGUR R.	17	9	7	1	39-9	34
KA	17	9	4	4	35-16	31
ÞÓR A.	17	6	3	8	25-33	21
HK	17	4	7	6	16-19	19
FJÖLNIR	17	6	1	10	25-33	19
VÍKINGUR Ó.	17	5	4	8	14-30	19
HAUKAR	17	4	5	8	19-28	17
VÖLSUNGUR	17	4	4	9	17-23	16
KS	17	2	7	8	13-31	13

Endurskoðun laga um lax- og silungsveiði nr. 76/1970

Athugasemdir óskast við frumvarpsdrög

Nefnd sem landbúnaðarráðherra skipaði til að endurskoða gildandi löggjöf um lax- og silungsveiði hefur unnið drög að frumvörpum er þennan málaflökk varða. Þar er um að ræða frumvarp til laga um lax- og silungsveiði, frumvarp til laga um fiskeldi, frumvarp til laga um fiskrækt, frumvarp til laga um varnir gegn fisksjúkdómum og frumvarp til laga um íslenskar vatnarannsóknir. Stefnt er að framlagningu frumvarpanna á komandi haustþingi. Öllum sem þess óska gefst nú kostur á því að koma athugasemdum við frumvörpin til nefndarinnar áður en nefndin skilar frumvarpsdrögunum til landbúnaðarráðherra. Frumvarpsdrögin má finna á vefslóðinni www.landbunadarraduneyti.is.

Athugasemdir sendist á postur@lan.stjr.is fyrir 20. september.

Það er dýrmætt fyrir unglunga að eiga val BORGARALEG FERMING 2006

- Skráning er í fullum gangi.
- Upplýsingar á heimasíðu félagsins: www.sidmennt.is og í sínum 567-7752, 557-3734, 553-0877
- Skráning í sömu sínum eða á eyðublaði á heimasíðunni.
- Boðið verður upp á helgarnámskeið, ætlað landsbyggðarfólki



allt markvissar auglýsingar

...um heilsu

á þriðjudögum í Fréttablaðinu.

Hafið samband við auglýsingadeild „Allts“

Síminn er 550-5000

SUDOKU DAGSINS

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhusun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

Lausn á gátu gærdagsins

5	2	1	6	8	9	3	7	4
4	6	8	1	3	7	2	5	9
9	3	7	4	5	2	6	1	8
8	5	4	9	1	6	7	3	2
7	9	2	5	4	3	8	6	1
3	1	6	7	2	8	9	4	5
1	7	3	8	9	5	4	2	6
6	4	9	2	7	1	5	8	3
2	8	5	3	6	4	1	9	7

1		4			9			6
	3				1	6		7
	9				3		2	5
6			9	2			1	8
		9					7	
	7	2		4	1			6
4		3		5				9
	2		8	9				3
	8		7			5		4

su|do|ku
© Puzzles by Pappocom

STUÐ MILLI STRÍÐA : Hvítvín í pappaglas

PÓRARINN PÓRARINSSON SKAMMAST SÍN STUNDUM FYRIR AÐ VERA ÍSLENDINGUR.



Ég hef aldrei verið neitt sérstaklega montinn af því að vera Íslendingur og jafnan verið manna fyrstur til að viðurkenna að við erum þjóð lúsera sem er að kafna úr mikilmennskubrjálæði og innistæðulausri þjóðrembu. Ég hef unnið töluvert með þessa skómm mína og hef náð undraverðum árangri á skómmum tíma.

Ég er orðinn alveg bærilega sáttur við að vera Íslendingur og hef reynt að horfa frekar á það sem er jákvætt og göfugt í fari þjóðarsálarinnar. Það koma að visu stundum bakslög í þennan andlega bata minn og verst verða þau þegar ég ferðast til útlanda og horfi upp á landa mína

sýna sínar verstu hliðar og sorglegustu þjóðareinkenni í útlandum flugstöðvum.

Þegar utanferðir Íslendinga voru stoppar var áfengisneysla órjúfanlegur þáttur þeirra. Drykkjan hófst á Keflavíkurlugvelli og svo var djúsað í vélinni. Haldið áfram í útlandinu og drukkíð alla ferðina, skvett í sig fyrir flugtak og stappað í loftinu á leiðinni heim til Íslands. Þjórnin forboðni var svo keyptur í Fríhöfninni og drykkjinni haldið áfram þegar heim var komið.

Vín- og drykkjumening hefur aldrei þrífist á Íslandi en þó virðast Íslendingar alltaf vera að þokast aðeins nær siðuðum þjóðum í neyslu áfengis og ég hélt satt best að segja að við værum flest hætt að sukka í

utanlandsflugi.

Míðað við upplifun mína í flugvellinum á Krít í síðustu viku hefur þó litið breyst og ég var miður mín þegar ég horfði á landa mína skola niður skinkusamlokum með hvítvíni úr skrúfutappaflöskum í pappamálum. Það er enginn klassi yfir áfengisneyslu Íslendinga og meðferð þeirra á áfengi er aldrei dapurlegri en í sól-arladaferðum. Plebbisminn er alger.

Hvítvín drekkur maður ekki úr pappaglösum með samlokum. Spyrjiði bara James Bond, sem bar kennsl á svikara í *From Russia With Love* þegar vondi kallinn pantaði rauðvín með fiski. Svoleiðis gera bara villimenn og þess vegna tala ég ensku þegar ég er með Íslendingum í útlöndum.

myndasögur


PONDUS

Eftir Frode Överli



PÚ OG PA

Eftir SÖB



Hver er Mark Burnett?

Mark Burnett er aðalframleiðandi flestra þeirra raunveruleikabátta sem við sjáum í dag. Hann er ábyrgur fyrir þáttum á borð við Survivor, The Restaurant, The Apprentice, The Contender, The Casino og Rock Star. Mark Burnett er fæddur árið 1960 í London. Hann er einkabarn og gekk í breska herinn þegar hann var aðeins sautján ára að aldri. Árið 1982 flutti hann til Bandaríkjanna. Hann hafði ætlað að fljúga til Los Angeles og þaðan til Mið-Ameríku en þegar komið var til Los Angeles ákvað hann að staldra þar við og elta ameríska drauminn. Hann sótti um barnfóstrustarf sem hann og fékk ásamt því að vera ráðinn lífvörður í sömu fjölskyldu. Þar vann hann í eitt ár en tók svo að sér að gæta tveggja drengja fyrir aðra fjölskyldu. Laun hans voru 250 dollarar á viku. Stuttu seinna var honum boðið starf í tryggingafyrirtæki fjölskylduföðursins þar sem hann vann í tvö ár. Eftir það ákvað Mark að stofna sitt eigið fyrirtæki sem gekk vel þar til hann sá grein í blaði eftir Jon Markman árið 1991 um franska raunveruleika-keppni sem bar nafnið Raid Gauloise. Hann vildi ólmur taka þátt í þessari keppni og það gerði



MARK BURNETT er framleiðandi fjölmargra raunveruleikabátta.



THE CONTENDER í framleiðslu Marks Burnett, hefur notið gríðarlegra vinsælda.

hann ásamt fjórum meðlimum. Lið sitt kallaði hann, American Pride. Mark Burnett var heillaður af þessari raunveruleikabáttahugmynd og ákvað að nýta sér hana sjálfur. Hann sagði við sjálfan sig að hann myndi búa til svipaðan þátt og þennan franska og koma honum á framfæri í Ameríku. Í

dag býr Mark Burnett í Los Angeles og hefur svo sannarlega náð að fylgja þessu markmiði sínu eftir. Hann byrjaði ferilinn á þáttum sem nefndust Eco-Challenge sem nutu gríðarlegra vinsælda. Þar með opnuðust fleiri tækifæri fyrir Mark, en hann er rétt að byrja.

drifa@frettabladid.is

THE TURN OF THE SCREW
EFTIR
BENJAMIN
BRITTEN



25 ára og yngri: 21. okt. kl. 20 - Frumsýning
50% afsláttur af miðaverði í sal: 23. okt. kl. 20 - 2. sýning - 30. okt. kl. 20 - 3. sýning
4. nóv. kl. 20 - 4. sýning - 6. nóv. kl. 20 - 5. sýning
6. nóv. kl. 20 - 6. sýning - Lokasýning

Kynning fyrir sýningar á Tökin hert, 2. - 6. sýning
Kl. 19.15 - Stutt kynning á verkinu og uppsetningu þess í Óperunni. Kynningin fer fram á sviðinu og er innifalinn í miðaverði.

www.opera.is opera@opera.is Sími: 511 4200 ÍSLENSKA ÓPERAN

Íslenska óperan v/Inglófsstræti Pósthólf 1416 - 121 Reykjavík Sími: 511 6400

Tónleikurinn
BÍTL


Lau 10/9 UPPSELT
Fim 22/9 NOKKUR SÆTI
Fös 30/9 LAUS SÆTI




Annie

í Austurbæ

14. sýn. í dag kl. 14
15. sýn. sun. 18/9 kl. 14
16. sýn. fim. 29/9 kl. 19


 551 4700 & 551 0200

 **Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!**

STÓRA SVIÐIÐ

AÐ EILÍFU
Sun. 11/9. Síðasta sýning.
VELKOMIN Í ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ!
Leikárið kynnt með leik, söng og dans.
Fös 16/9, lau. 17/9. *Allir velkomnir!*
KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR
Sun. 18/9 kl. 14 nokkur sæti laus, sun. 25/9 kl. 14, sun. 2/10 kl. 14, sun.
EDITH PIAF
Sun. 18/9 örfá sæti laus, fim. 22/9, fös. 23/9 nokkur sæti laus, lau. 24/9 nokkur sæti laus, fim. 29/9, fös. 30/9.
Sýningum lýkur í október.

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ

RAMBÓ 7
Fös. 16/9, lau. 17/9, fim. 22/9.
Takmarkaður sýningafjöldi.

LITLA SVIÐIÐ

KODDAMAÐURINN
Fös. 16/9, lau. 17/9, fös. 23/9, lau. 24/9. *Takmarkaður sýningafjöldi.*

Sala á netinu allan sólarhringinn.
Afgreiðsla í húsinu frá kl. 12.30
Sími 55 11 200 - opinn frá 10:00

www.leikhusid.is

BORGARLEIKHÚSIÐ
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

STÓRA SVIÐ

KALLI Á ÞAKINU

e. Astrid Lindgren
Í dag kl 14, Su 18/9 kl 14, Su 25/9 kl 14, Lau 1/10 kl. 14, Su 2/10 kl. 14

KYNNING LEIKÁRSINS

Leikur, söngur, dans og léttar veigar í kvöld kl 20
Opíð hús og allir velkomnir

HÖRÐUR TORFA HAUSTTÓNLEIKAR

Fös 16/9 kl. 19:30, Fös 16/9 kl 22:00

WOYZECK - 5 FORSÝNINGAR Í SEPT.

Frumstýnt í London 12. okt. og á Íslandi 28. okt. Miðaverð aðeins kr. 2.000,-
Su 18/9 kl. 21, Fö 23/9 kl 20, Fi 29/9 kl 20 **UPPSELT**, Fö 30/9 kl 20, Lau 1/10 kl 20 (sýning á ensku)

Sími miðasölu 568 8000
midasala@borgarleikhus.is
Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is
Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:
10-18 mánudaga og þriðjudaga, 10-20 miðviku-, fimmtu- og föstudaga
12-20 laugardaga og sunnudag

HÍBÝLI VINDANNA

Örfáar aukasýningar í haust.
Lau 24/9 kl. 20, Su 25/9 kl. 20, Su 2/10 kl. 20, Fö 7/10 kl. 20, Lau 8/10 kl. 20

NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ

MANNTAFL

Mið 14/9 kl. 20 Forsýning
Miðaverð aðeins kr. 1.000,-
Su 18/9 kl. 20 **FRUMSÝNING UPPSELT**
Su 25/9 kl. 20, 2/10 kl. 20, Fö 7/10 kl. 20

ALVEG BRILLJANT SKILNADUR

Í kvöld kl. 20, Fi 15/9 kl. 20, Fö 16/9 kl 20, Lau 17/9 kl 20, Fi 22/9 kl. 20, Fö 23/9 kl. 20, Lau 24/9 kl. 20

Endurnýjun áskriftarkorta er hafin!

Ef þú gerist áskrifandi fyrir 20. september færðu að auki gjafakort á leiksýningu að eigin vali - Það borgar sig að vera áskrifandi -

HÖRÐUR TORFA
í Borgarleikhúsinu

Föstudag 16. september kl. 19.30
Föstudag 16. september kl. 22.00

Hausttónleikar 2005



Míðasala í Borgarleikhúsinu
sími 568 8000
og á www.borgarleikhusid.is
www.hordurtorfa.com

HUGSADU STÓRT **SMÁRA BÍÓ** Sími 564 0000

DEUCE BIGALOW EUROPEAN GIGOLO

VERDIÐ Á KARLHÖRUM... HEFUR LÆKKAD UMTALSVERT FYRIR EVRÓPSKAR KONUR!

BROKEN FLOWERS

"Hann var kvennabósi mikill... en nú kemur fortíðin í bakíð á honum."

Fékk Grand Prix verðlaunin í Cannes.

Hefur fengið einróma lof gagnrýnenda um heim allan.

Sýnd kl. 2, 4, 6, 8 og 10 B.i. 14 ára
Sýnd í Lúxus kl. 2, 4, 6, 8 og 10

FANTASTIC FOUR

Sýnd kl. 3, 30, 5, 45, 8 og 10.20 B.i. 10 ára

WEDDING CRASHERS

Sýnd kl. 5, 30, 8 og 10.30

EY NÝTRA FERÐIN

Sýnd kl. 2 og 4 ÍSLENSKT TAL

LAVAGIRL 3D

Sýnd kl. 2, 4 og 6 í ÞRÍVÍDD

Dolby Digital JDD ITEX BÍÓ.is - allt á einum stað

REGNBOGINN Sími 551 9000

DEUCE BIGALOW EUROPEAN GIGOLO

VERDIÐ Á KARLHÖRUM... HEFUR LÆKKAD UMTALSVERT FYRIR EVRÓPSKAR KONUR!

BROKEN FLOWERS

"Hann var kvennabósi mikill... en nú kemur fortíðin í bakíð á honum."

Fékk Grand Prix verðlaunin í Cannes.

Hefur fengið einróma lof gagnrýnenda um heim allan.

Sýnd kl. 3, 6, 8.30 og 10.30 B.i. 14 ára Sýnd kl. 5.30, 8 og 10.20

3 BÍÓ Á AÐEINS 400 KR.

FANTASTIC FOUR

Sýnd kl. 3, 8 og 10.20 B.i. 10 ára

LAVAGIRL 3D

Sýnd kl. 3 og 6 í ÞRÍVÍDD

EY NÝTRA FERÐIN

Sýnd kl. 3 og 6 ÍSLENSKT TAL

SIN CITY

Sýnd kl. 10.30 B.i. 16 ára

LONGEST YARD

Sýnd kl. 8

Borgarbítt

Deuce Bigalow Sýnd kl. 4, (400 kr.) 6, 8, 10.
 Eyvintýraferðin Sýnd kl. 4 (400 kr.)
 Shark Boy 3D Sýnd kl. 6
 Land Of The Dead Sýnd kl. 8 og 10

- bara lúxus **LAUGARÁS BÍÓ** Sími 553 2075

DEUCE BIGALOW EUROPEAN GIGOLO

VERDIÐ Á KARLHÖRUM... HEFUR LÆKKAD UMTALSVERT FYRIR EVRÓPSKAR KONUR!

Sýnd kl. 2, 4, 6, 8 og 10. B.i. 14 ára

LAND OF THE DEAD

Þegar ekki er meira pláss í helvíti munu hincir gæðu rafa um jörðina

Meistarir hroðvökjanna George & Romero snýr aftur til þess hraðs úr okkur tilfórnunum

Sýnd kl. 6, 8 og 10 B.i. 16 ára

WEDDING CRASHERS

Sýnd kl. 5:45, 8 og 10:15

EY NÝTRA FERÐIN

Sýnd kl. 2 og 4 ísl. tal

TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS - AÐEINS 400KR!
 ATH: SÝNINGAR MÉRKTAR MEG RAUÐU

TVÖ - BÍÓ **LAUGARÁS BÍÓ** **ODÝRT Í BÍÓ KR. 400**

TILBOÐSBÍÓ

Aðeins krætur 400

Aðeins krætur 400

Aðeins krætur 400

ATH! SÝND KL. 2 ATH! SÝND KL. 2 ATH! SÝND KL. 2

TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS - AÐEINS 400 KR. -

3 BÍÓ Á AÐEINS 400 KR.

Aðeins 400 kr. kl. 3 á þessar myndir í Regnboganum í dag!

REGNBOGINN

Kanye heldur haus

[TÓNLIST]
 UMFJÖLLUN

Hver hefði trúað því að Kanye West yrði svona snöggur að fylgja frumraun sinni eftir? Og hver hefði trúað því að fylgifiskurinn yrði jafn rennilegur og raun ber vitni? Pilturinn hlýtur að vera of-virkur, auk þess að eiga sér ekkert einkalíf, því fyrir utan að gera þessar tvær plötur hefur hann líka verið iðinn við að vinna plötur fyrir aðra félagi sína, eins og síðustu plötu Common.

Kanye heldur áfram að fjalla um mannlega hluti sem skipta meira máli en vanalega er boðið upp á í sýndarveruleika MTV. Allt frá frábæru lagi um fíkn, sem heitir einfaldlega Addiction, þar sem hann segist vera fíkill í gras, konur og peninga. Því næst rappar hann um að passa sig í umferðinni í laginu Drive Slow, sem hefði líklegast verið talin dauðasynd á tímum glæparappsins. Í laginu Crack Music bendir hann líka réttilega á að mynd svartrar tónlistar í Bandaríkjunum hefur alla tíð verið samofinheim eiturfylfja. Þetta er eitthvað sem hann hunsar og gerir lítið úr, tónlist er tónlist og hana er hægt að vinna án þess að deyfa sig upp með lyfjum. Ekki má gleyma slagaranum Diamond From Sierra Leone þar sem Jay-Z fer á kostum. Það er reyndar ekki slæmt lag á þessari plötu, þetta er án efa fjögurra stjarna gripur, eins og frumraunin var líka. Allt virkilega smekklegt og vel unnið. Rappstíll Kanye er mjög einfaldur og laus við alla tilgerð þótt oft sé gantast.



KAYNE WEST: LATE REGISTRATION
 LEIKSTJÓRI: XXX
 LEIKARAR: XXXXX

Niðurstaða: Kanye West býr sig undir að taka við rappkrúnunni eftir útgáfu á annarri stórkostlegri plötu. Late Registration er þó nokkuð alvarlegri en frumraun hans, en engu síður jafn beitt og skotheld.

Það er einnig augljóst að Kanye er mjög trúður maður, og á köflum finnst mér hann setjast full mikið í predikarastólinn. Þetta eru þó engar hælulújarímur og Kanye hikar ekki við að blóta þegar honum finnst hann þurfa þess.

Þessi tónlist er greinilega smíðuð á kletti, en ekki sandi. Ef Kanye heldur áfram að skila af sér svona fínnum plötum, með svona góðum boðskap, er hann efni í súperstjörnu. Það er svo sannarlega von í bandarísku hipphoppi um þessar mundir.

Birgir Örn Steinarsson

Í skugga Brandy

R&B stjarnan Ray-J, samdi lag um það hve honum fannst hann skilinn út undan þegar móðir hans einbeitti sér alfarið að ferli eldri systur hans, Brandy. Mestan hluta ferils síns hefur söngvarinn staðið í skugga systur sinnar. Hann viðurkennir að öll sú athygli sem hún fékk hafi haft neikvæð áhrif á hann en þegar Ray-J gekk í gegnum erfiða lífsreynslu, þá ákvað hann að snúa við blaðinu. Hann deilir nú reynslu sinni á væntanlegri plötu sinni, Raydiation. „Það var kominn tími til að hleypa þessu út,“ segir hann. „Maður gerir mistök þegar maður er barn og maður er að reyna að finna sjálfan sig. Það gerði ég, en ég komst yfir þessi mistök sem ég gerði og lærði af þeim, þau gerðu mig að



RAY-J Gerir fortíðina upp á væntanlegri plötu sinni þar sem hann brýst undan skugga stóru systur sinnar.

manni.“

„Stundum fór ég út seint á kvöldin, aleinn, og skrifaði lög. Svo tók ég upp minn eigin söng í upptökuverinu. Það tókst svo vel. Þessi lög eru full af tilfinningum.“

Á plötunni, sem kemur út þann 20. september, fær Ray-J aðstoð frá systur sinni Brandy, Myu og Fat Joe. ■

FRÉTTIR AF FÓLKI

Guy Ritchie segist sjaldan hafa eitt heilli nótt í rúminu með konu sinni **Madonna** af því að hún þoli ekki hroturnar í honum. Hún rekur hann úr rúminu svo hún geti sofnað í friði. „Það er svo-lítið fundið að hugsa til þess að við eigum fjögur hús, en yfir-leitt enda ég á því að sofa inni í skáp eða á einhverjum öðrum óþægilegum stöðum því öll hin svefnherbergin eru í notkun,“ segir Guy.



Jordan á í miklum vandræðum með að finna stjörnur sem hafa áhuga á að mæta í brúðkaup hennar og **Peter Andre** um helgina. Margir boðsgestanna hafa lítinn sem engan áhuga á því að mæta og sumir segjast einfaldlega ekki þekkja til brúðhjonanna. Þær stjörnur sem hafa ákveðið að mæta eru meðal annarra, Kerry Katona og Sarah Harding, en þær verða brúðarmeyjar.



Dannii Minogue segist dást að systur sinni, **Kylie Minogue** fyrir baráttu hennar gegn krabbameini sem hún er nú að berjast við. „Kylie hefur fengið mikinn styrk frá vinum sínum og aðdáendum,“ segir Dannii. „Ég veit ekki hvernig hún fer að því að vera svona sterk en hún er baráttumanneskja. Hún er strax farin að tala um að komast aftur á sviðið.“



HÁDEGISBÍÓ HÁDEGISBÍÓ - 400 KR. MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDIR KL. 12 UM HELGUNA Í SAMBÍÓNUM KRINGLUNNI **3 BÍÓ** 400 KR. MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDIR KL. 3 UM HELGUNA Í HÁSKÓLABÍÓ

ÁLFABAKKI	KEFLAVÍK	KRINGLAN
CHARLIE & THE CHOCOLATE FACTORY KL. 1.15-3.30-6-8-20-10.10	CHARLIE & THE CHOCOLATE FACTORY KL. 3-5.45-8-10.15	CHARLIE & THE CHOCOLATE FACTORY KL. 12-2.15-4.30-6.45-8-10.15
CHARLIE & THE CHOCOLATE FACTORY VIP KL. 1.15-3.30-6-8-20	THE DUKES OF HAZZARD KL. 8-10.15	STRÁKARNIR OKKAR KL. 6.15-9-11
STRÁKARNIR OKKAR KL. 4-6-8-10.40	DECK DOGZ KL. 6	THE DUKES OF HAZZARD KL. 8.30-10.40
STRÁKARNIR OKKAR VIP KL. 10.40	RACING STRIPES KL. 3	RACING STRIPES ísl. tal KL. 12-2.05-4.10
THE DUKES OF HAZZARD KL. 8.15-10.30		HERBIE FULLY LOADED KL. 12-2.05-4.05
RACING STRIPES enski tal KL. 6-8.15-10.30	AKUREYRI	BATMAN BEGINS KL. 6.05 B.I. 12
RACING STRIPES ísl. tal KL. 1.40-3.50-6	CHARLIE & THE CHOCOLATE FACTORY KL. 2-4-6-8-10	
THE SKELETON KEY KL. 10.20	THE DUKES OF HAZZARD KL. 6	
HERBIE FULLY LOADED KL. 1.40-3.50	STRÁKARNIR OKKAR KL. 8-10	
THE ISLAND KL. 8	RACING STRIPES KL. 2	
MADAGASCAR enski tal KL. 6	HERBIE FULLY LOADED KL. 4	
MADAGASCAR ísl. tal KL. 2-4		
KICKING & SCREAMING KL. 2		

FRÁBÁR SKEMMTUN **SAMBÍÓIN**

CHARLIE & THE CHOCOLATE FACTORY KL. 3-5.40-8-10.20
 STRÁKARNIR OKKAR KL. 4-6-8-10
 RACING STRIPES ísl. tal KL. 3-6
 HEAD IN THE CLOUDS KL. 5.30-8-10.30
 HERBIE FULLY LOADED KL. 3-6
 THE SKELETON KEY KL. 8-10.10
 THE ISLAND KL. 8-10.30
 MADAGASCAR ísl. tal KL. 3

ÁLFABAKKI ☎ 587 8900 KRINGLAN ☎ 588 0800 AKUREYRI ☎ 461 4666 KEFLAVÍK ☎ 421 1170

Frá umbrotasvæðum til Íslands

20 erlendis höfundar og 9 íslenskir höfundar eru gestir Bókmenntahátíðarinnar í Reykjavík sem haldin er í sjöunda sinn dagana 11.-17. september.

20 erlendis höfundar munu verða gestir á hátíðinni auk margra af þekktustu rithöfundum Íslands. Bókmenntafræðingurinn Halldór Guðmundsson og rithöfundurinn Einar Kárason sitja í stjórn hátíðarinnar og eru þeir sammála um það að sjaldan hafi gestir hátíðarinnar komið úr eins mörgum og ólíkum áttum og í ár.

Frábærir höfundar

„Þetta eru allt frábærir höfundar úr ólíkum áttum, sumir þeirra eru heimsfrægir en aðrir minna þekktir. Ég ætla að vera á öllum upplestrunum til að missa örugglega ekki af neinu; maður verður að líta upp úr eigin skrifum einstöku sinnum,“ segir Einar Kárason.

Bandaríski rithöfundurinn Paul Auster er einn þeirra erlendu höfunda sem koma á há-

tíðina. „Auster á sér gríðarlega marga aðdáendur hér á landi og eru örugglega margir spenntir að sjá hann,“ segir Einar.

Halldór Guðmundsson, formaður stjórnar Bókmenntahátíðarinnar, er einn af þeim sem hlakkar til að sjá og heyra í Auster. „Prívat og persónulega er ég kannski spenntastur fyrir Auster, hef lesið hann mikið og hrifist af honum, en eins og við vitum í bókmenntum þá er fátt skemmtilegra en að vera kynntur fyrir nýjum höfundum.“ Auster mun lesa upp úr verkum sínum í Iónó á fimmtudagskvöldið og daginn eftir klukkan 15.00 verður hann í viðtali við Torfa Tulinius í Norræna húsinu.

Höfundar frá umbrotasvæðum og Íslandi

„Hingað koma margir höfundar frá umbrotasvæðum heimsins, stöðum sem hafa verið mikið í fréttum. Sem dæmi má nefna Hannan al-Shaykh frá Beirút, Mehmet Uzun sem er kúrdískur að uppruna og Andrej Kurkov frá Rússlandi sem lítur á sig sem úkraínskan höfund. Það verður gaman að heyra þessa höfunda lesa upp úr verkum sínum en það

verður ekki síður gaman að heyra þá segja frá lífi sínu og ástandinu í þeim löndum sem þeir koma frá því eins og við vitum þá þrífast bókmenntirnar ekki í tómarúmi,“ segir Halldór og bætir því við að á síðustu hátíð hafi komið höfundur frá Ísrael og að áhugavert hafi verið að heyra hann segja frá stöðunni í landi sínu.

Hætta átti að halda hátíðina

Einar Kárason segir að eftir að síðustu hátíð hefði verið litið svo á að toppnum hefði verið náð og því við hæfi að halda hátíðina ekki aftur því ólíklegt væri að það tækist að manna hátíðina eins vel og þá. „Af þessu varð hins vegar ekki og við ákváðum að halda hátíðina aftur og það er skemmt frá því að segja að hátíðin hefur aldrei verið eins vel mönnuð og nú. Þetta er bara dúndurskot í vinkilinn af þrjátíuogþriggja metra færi,“ segir Einar.

„Eftir hverja hátíð líður manni eins og fótboltamanni eftir erfiðan leik, að maður nenni nú ekki að standa í allri þessari vinnu aftur. Viðtökurnar við hátíðinni hafa hins vegar verið mjög góðar síðustu árin, í síðasta skipti komust færri að en vildu og það verður



HALLDÓR GUÐMUNDSSON Formaður stjórnar Bókmenntahátíðarinnar í Reykjavík segir að góðar viðtökur almennings við hátíðinni sé ein ástæða fyrir því að ákveðið hafi verið að halda hana í ár í sjöunda skipti.

örugglega þannig aftur í ár. Að jafn góðir og þekktir höfundar og þessir vilji koma hingað sýnir hversu mikla virðingu höfundarnir bera fyrir Íslandi og íslenskum bókmenntum. Það er gaman að eiga þátt í að halda þeirri stöðu með því að halda slíka hátíð. Aðalatriðið er auðvitað að áhorfendur

fái út úr þessu örvun og góða skemmtun,“ segir Halldór og undirstrikar að ókeypis sé á dagskrá hátíðarinnar og að allir séu velkomnir eins lengi og húsrúm leyfir.

Meira um Bókmenntahátíð í Reykjavík á www.bokmenntahatid.is

HÁSKÓLABÍÓ

3 BÍÓ - 400 KR.

3 BÍÓ 400 KR. MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDIR KL. 3 UM HELGAR Í HÁSKÓLABÍÓI. LAUGARDAGA OG SUNNUDAGA.

KRINGLAN SAMBÍÓIN ATH: Miðasalan opnar kl. 11

HÁDEGISBÍÓ - 400 kr.

Sýnd kl. 12

Sýnd kl. 12 Sýnd kl. 12 með isl. tali

HÁDEGISBÍÓ 400 kr. MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDIR KL. 12 UM HELGUNA Í SAMBÍÓNUM KRINGLUNNI LAUGARDAGA OG SUNNUDAGA.

ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:
„No woman has ever left my arms unsatisfied.“

Svar:
Don Juan úr kvikmyndinni Don Juan DeMarco
árið 1995



Í TÆKINU GARY SINISE LEIKUR Í CSI:NEW YORK KL.22 Á SKJÁ EINUM Í KVÖLD

Uppreisnargjarn unglingur

Gary Sinise fæddist í Illinois þann 17. mars 1955. Á unglingsárunum var hann dálítið uppreisnargjarn og vildi mun fremur spila í hljómsveitum heldur en sinna skólanámi sínu. Hann þakkar þó leiklistarkennara gagnfræðiskólans hrifningu sína á leikhúsum. Árið 1974 stofnaði Gary ásamt tveimur kunningjum leikfélagið Steppenwolf í Chicago. Fyrstu sýningarnar fóru fram í kirkjukjallara en smám saman stækkaði félagið og öðlaðist virðingu víða um borgina. Gary lék í mörgum leikritum Steppenwolfs en leikstýrði einnig nokkrum af þeirra frægustu sýningum svo sem True West með Sam Shepard og John Malkovich innanborðs.



Hollywoodframi Garys hófst á 9. áratugnum en þá leikstýrði hann tveimur sjónvarpsseríum sem Richard Gere lék meðal annars í. Gary lék í fyrstu kvikmynd sinni, A Midnight Clear, árið 1992. Sama ár lék hann og leikstýrði myndinni Of Mice and Men sem vakti verðskuldaða athygli. Tveimur árum síðar lék Gary fyrri-verandi hermanna Dan Taylor í Forrest Gump og fékk fyrir það fjölmörg verðlaun og tilnefningu til óskarsverðlaunanna. Ýmis hlutverk fylgdu á eftir sem veittu honum meðal annars Golden Globe-verðlaunin og Emmy-tilnefningu. Gary er giftur leikkonunni Moiru Harris sem var í Steppenwolf-félaginu og eiga þau saman þrjú börn.

Þrjár bestu myndir Gary:

The Green Mile – 1999 Forrest Gump – 1994 Of Mice and Men – 1992

dagskrá

11.30
sport
Formúla 1

19.15
Fræðsla
Einu sinni var

22.00
Rauveruleiki
American Princess

20.00
Tónlist
Popp-punktur

13.40
Fótbolti
Keflavík-Fram

SJONVARPIÐ

8.00 Morgunstunden okkar 8.01 Engilbert 8.11 Ernst 8.21 Matti morgunn 8.33 Magga og furðudýrið ógurlega 9.00 Disneystunden 9.01 Stjáni 9.25 Sigildar teiknimyndir 9.32 Liló og Stich 9.55 Matta fóstora og ímynduðu vinirnir 10.20 Latibær 10.50 Einkavæðing

11.30 Formúla 1

Einu sinni var 17.15 Whoopi (18:22) (e) 17.40 Apprentice 3, The (15:18)

SIRKUS

14.00 Real World: San Diego (12:27) 14.30 American Dad (2:13) 15.00 The Newlyweds (21:30) 15.30 The Newlyweds (22:30) 16.00 Veggfóður 17.00 Hell's Kitchen (2:10) 18.00 Friends 3 (2:25)

SKJÁREINN

11:30 Cheers – öll vikan (e)

13:30 Dateline (e) 14:20 The Restaurant 2 (e) 15:10 House (e) 16:00 Judging Amy (e) 17:00 Innlit/útlit (e) 18:15 Battlestar Galactica: Night Two (e)

SYN

9.00 US Champions Tour 2005 10.00 Hnefaleikar

12.00 Spænski boltinn 13.40 Landsbankadeildin 16.10 Bandaríska mótaroðin í golfi 17.00 UEFA Champions League 17.30 Landsbankamörkin 18.20 Ítalski boltinn

14.10 Allt í hálofti **16.00** Stríðsárin á Íslandi (6:6) **17.00** Náttúra Evrópu (1:4) **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Prinsinn af Bengal (1:3) **18.25** Krakkar á ferð og flugi (17:20) **18.50** Löggan, löggan (6:10) (Polis, polis) **19.00** Fréttir, íbróttir og veður **19.35** Kastljósið **20.00** Æska á upplýsingaröld (3:4) (L'enfant des lumières) Franskur myndaflokkur, gerður eftir skáldsögu Françoise Chandernagor. Sagan gerist á 18. öld og hefst í París. Aðalsmaður nokkur verður gjaldþroti og fyrirfer sér. **21.00** Málsvörn (28:29) (Forsvar) Danskur myndaflokkur um lögmenn sem vinna saman á stofu í Kaupmannahöfn og sérhæfa sig í því að verja sakborninga í erfiðum málum. **21.45** Helgarsportíð **22.00** Fötboltakvöld

22.20 Sundrung (A Love Divided) Rómantísk írsk bíómynd frá 1999. **0.00** Kastljósið **0.20** Útvarpsfréttir í dagskrárlök

18.30 Fréttir Stöðvar 2 **19.15** **Einu sinni var (1:7)** Eva María Jónsdóttir heldur áfram að varpa nýju ljósi á ýmsa fréttænma atburði Íslandssögunnar, stóra sem smáa. Mörgum spurningum um menn og málefni er enn ósvarað en í þættinum eru tekin til skoðunar mál sem aldrei voru skýrd til fullnustu. **19.40** **Kóngur um stund (16:16)** **20.25** **Monk (9:16)** (Mr. Monk Takes His Medicine) **21.10** **Blind Justice (4:13)** (Blint réttlæti) Hörkuspennandi myndaflokkur. Jim Dunbar er rannsóknarlöggægi í New York. **21.55** **Miss Marple: 4:50 From Paddín** (Lestinn frá Paddington) Dularfull sakamála-mynd sem er byggð á skáldsögu eftir Agöthu Christie. **23.30** Crossing Jordan

0.15 Blood Strangers (Bönnuð börnum) **1.25** Blood Strangers (Bönnuð börnum) **2.40** Sins of the Father **4.10** U.S. Seals (Stranglega bönnuð börnum) **5.45** Fréttir Stöðvar 2 **6.25** Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVÍ

18.30 Fréttir Stöðvar 2 **19.00** **Game TV** Allt það sem þú vilt vita um tölvur og tölvuleiki færð þú beint í æð hér í Game TV. Sverrir og Óli koma með allt það nýjasta og heitasta sem er að finna í tölvuheiminum í dag. Frábær þáttur fyrir leikjafíklana! **19.30** **Seinfeld (8:24)** (The Cheever Letters) Við fylgjumst nú með Íslandsvininum Seinfeld frá upphafi. **20.00** **Seinfeld (13:24)** **20.30** **Friends 3 (6:25)** **21.00** **The Newlyweds (23:30)** (Celebrity Issues) Í þessum þáttum er fylgt með poppsöngkonunni Jessica Simpson og eiginmanni hennar Nick Lachey. **21.30** **The Newlyweds (24:30)** (Eye Surgery) **22.00** **American Princess (2:6)** 20 konur keppast hér við að láta æskudrauminn rætast, að verða sönn prinsessa.

22.45 Byrjaðu aldrei að reykja (Fræðsla án fordóma) **23.00** Spellbound **0.40** Tru Calling (11:20)

20:00 **Poppunktur** Skallapopparnir Felix og Dr. Gunn snúa aftur í haust með tilheyrandi skarkala og látum. Þetta er fimmta þáttaröðin af Popp-punkti sem er ekki undarlegt þar sem þátturinn hefur notið verðskuldaðra vinsælda allt frá því að hann hóf fyrst göngu sína. **21:00** **Dateline** Fjallað er um ódyrt vinnuaf í fjarlægum löndum. Gjaldta útendingar fyrir lágt vöruverð í Bandaríkjunum? **22:00** **CSI: New York** Systurþættir hinna geysivinsælu C.S.I. og C.S.I.: Miami sem sýndir hafa verið á SkjáEinum. Sem fyrr fær Réttarrannsóknardeildin, nú í New York, erfið sakamála til lausnar. **22:50** **Da Vinci's Inquest** Framhald úr síðustu viku. Da Vinci er aftur á forsiðum blaðanna, Gleðikonurnar í bænum eru að hverfa á dularfullan hátt.

23:40 C.S.I. (e) **00:25** Cheers (e) **00:50** Östðvandni tónlist

20.20 **Ameríski fótboltinn** (NY Giants – Arizona) Bein útsending frá leik New York Giants og Arizona Cardinals í fyrstu umferðinni í NFL-deildinni. **22.30** **Landsbankadeildin** (Keflavík – Fram) Útsending frá leik Keflavíkur og Fram. Hér er mikið í húfi og ljóst að taugar leikmanna og áhorfenda verða þandar til hins ýtrasta. Heimamenn eru í baráttu um Evrópusæti en Safa-ryrarpiltar eru í bullandi fallhættu. Framarar eru aðeins tveimur stigum frá fallsæti og þurfa lífsnauðsynlega á stigum að halda. Athygli er vakin á því að einnig verður skipt yfir á leiki FH og Fylkis og Þróttar og Grindavíkur.

0.20 Landsbankamörkin

BÍÓ **STÖÐ 2 BÍÓ**

6.00 Così **8.00** Top Gun **10.00** Lloyd **12.00** One True Thing **14.05** Così **16.00** Top Gun **18.00** Lloyd **20.00** **One True Thing** Ellen kynnist miðaldra foreldrum sínum að nýju og sér líf sitt í nýju ljósi. **22.05** **Dazed and Confused** Dramatísk gamanmynd sem gerist um miðjan áttunda áratuginn. **0.00** **Bad Boys II** (Stranglega bönnuð börnum) **2.25** Jane Doe (Stranglega bönnuð börnum) **4.00** **Dazed and Confused** (Bönnuð börnum)

OMEGA

7.00 Joyce Meyer **7.30** Benny Hinn **8.00** Ron Phillips **8.30** Ísrael í dag **9.30** Blandað efni **10.00** Joyce Meyer **10.30** Miðnæturhróp **11.00** Blandað efni **11.30** Um trúna og tilveruna **12.00** Freddie Filmore **12.30** Dr. David Cho **13.00** Joyce Meyer **13.30** Robert Schuller **14.30** Mack Lyon **15.00** Vatnaskil **16.00** Joyce Meyer **16.30** Blandað efni **17.00** Sherwood Craig **17.30** Mariusystur **18.00** Um trúna og tilveruna **18.30** Joyce Meyer **19.00** CBN fréttastofan **20.00** Ísrael í dag **21.00** Gunnar Þorsteinsson **21.30** Ron Phillips **22** Joyce Meyer **22.30** Blandað efni **23.00** CBN fréttastofan **0.00** Næstursjónvarp

E! ENTERTAINMENT

12.00 The E! True Hollywood Story **13.00** Uncut **14.00** Uncut **15.00** The E! True Hollywood Story **16.00** The E! True Hollywood Story **18.00** E! Entertainment Specials **19.00** The E! True Hollywood Story **21.00** Rich Kids: Cattle Drive **22.00** Wild On Tara **23.00** Party @ the Palms **23.30** Party @ the Palms **0.00** 101 Sensational Crimes of Fashion! **1.00** 101 Sensational Crimes of Fashion!

AKSJÓN

7.15 Korter **18.15** Korter **19.15** Korter **20.30** Vatnaskil – Filadelfía **21.00** Niubíó **22.15** Korter

ENSKI BOLTINN

10.45 Everton – Portsmouth frá **10.09** **12.45** Newcastle – Fulham frá **10.09** **14.50** Bolton – Blackburn (b) **17.00** Birmingham – Charlton frá **10.09**

19.15 Bolton – Blackburn frá **10.09** **21.30** Helgaruppgjör **22.30** Helgaruppgjör (e) **23.30** Dagskrárlök

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

NÝ ÞÁTTARÖÐ!

EVA MARÍA SNÝR AFTUR

Einu sinni var... hefst á ný í kvöld kl. 19:15



GOTT FOLK MCCANN

VIÐ MÆLUM MEÐ...

Einu sinni var **Stöð 2 kl. 19.15**

Þættir í umsjón Evu Mariu Jónsdóttur

Fréttæmt og fróðlegt

Andlit Evu Mariu Jónsdóttur er löngu orðið þekkt á skjánum. Hún var spyrill í Kastljósinu en hefur nú komið sér fyrir á Stöð 2 með nýju þættina Einu sinni var. Þar er varpað nýju ljósi á fréttæma atburði Íslandssögunnar og mál tekin til skoðunar sem aldrei voru skýrð til fullnustu. Áhugaverðir og skemmtilegir þættir í umsjón Evu Mariu.



TALSTÖÐIN FM 90,9

9.00 Er það svo – Umsjón: Ólafur B. Guðnason e. **10.03** Gullströndin – Skemmtipáttur Reykjavíkurrakademíunnar **11.00** Messufall – Umsjón: Anna Kristine Magnúsdóttir

12.10 Barnatíminn : Elisabet Brekkan. **13.00** Sögur af fólk. **14.00** Úr skríni e **15.03** Biðpátturinn **16.00** Tónlistarpáttur Dr. Gunna.

18.00 Hitt og þetta úr Allt&sumt e. **18.30** Fréttir Stöðvar 2 **19.00** Barnatíminn e. **20.00** Messufall e. **21.00** Gullströndin – Skemmtipáttur e. **22.00** Margrætt e. **23.00** Frjálsar hendur. **0.00** Sögur af fólk. e.

BYLJGAN FM 98,9

5.00 Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland í Bítíð **9.00** Ívar Guðmundsson

12.00 Hádegisfréttir **12.20** Óskalahagaþingi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

18.30 Kvöldfréttir og Ísland í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

RÁS 1 FM 92,4/93,5

8.05 Morgunandakt **8.15** Tónlist á sunnudagsmorgni **9.03** Frá Salzburgarhátíðinni **10.15** Frændur okkar í Persíu **11.00** Guðsbjónusta í Digraneskirkju

12.20 Hádegisfréttir **13.00** Sakamálaheiti: Rödd í síma **14.10** Á flakki um Ítalíu **15.00** Borgarsögur **16.10** Sinfóníuátónleikar **18:00** Kvöldfréttir

18.28 Hugað að hönnun **19.00** Íslensk tónskáld **19.50** Óskastundin **20.35** Sagnaþættir Jóns Helgasonar **21.15** Laufskálinn **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Úr kvæðum fyrri alda **22.30** Teygjan **23.00** Kvöldvísur

ÚTVARP SAGA FM 99,4

12.25 Meinhornið

RÁS 2 FM 90,1/99,9

7.05 Morguntónar **8.00** Fréttir **8.05** Morguntónar **9.00** Fréttir **9.03** Helgarútgáfan **10.00** Fréttir **10.05** Helgarútgáfan **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Helgarútgáfan

14.00 Fótboltaárásin **16.00** Fréttir **16.08** Rokkland **18.00** Kvöldfréttir **18.25** Auglýsingar

18.28 Tónlist að hætti hússins **19.00** Sjónvarpsfréttir og Kastljósið **20.00** Popp og ról **22.00** Fréttir **22.10** Popp og ról **0.00** Fréttir

AÐRAR STÖÐVAR

FM 95,7 Effemm / Zúober tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 89,5** Kiss / Nýja bítið í bænum **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 91,9** XFM / Tónlist og afþreying **FM 104,5** Radió Reykjavík / Tónlist og afþreying

ERLENDAR STÖÐVAR

SKY NEWS
Fréttir allan sólarhringinn.

CNN INTERNATIONAL
Fréttir allan sólarhringinn.

FOX NEWS
Fréttir allan sólarhringinn.

EUROSPORT
12.00 Tennis: Grand Slam Tournament US Open **13.00** Cycling: Tour of Spain **15.30** Superbike: World Championship Germany **16.30** Fight Sport: Fight Club **18.00** Motorsports: Motorsports Weekend **18.45** Car Racing: World Series by Renault Donington Park **19.00** Tennis: Grand Slam Tournament US Open **20.30** Tennis: Grand Slam Tournament US Open

BBC PRIME
12.00 Classic EastEnders **12.30** Classic EastEnders **13.00** EastEnders Omnibus **13.30** EastEnders Omnibus **15.00** Wildlife **15.30** Wildlife **16.00** One Foot in the Grave **16.30** 2 point 4 Children **17.00** Down to Earth **18.00** Home From Home **18.30** The Life Laundry **19.00** Get a New Life **20.00** Top Gear Xtra **21.00** Trouble At the Top **21.40** SAS Desert – Are You Tough Enough? **22.00** Holby City **22.40** Black Cab **22.50** Table 12 **23.00** A History of Britain **0.00** Terry Jones' Medieval Lives **0.30** Landscape Mysteries **1.00** Greek Language and People **1.30** Make Italian Your Business

NATIONAL GEOGRAPHIC
12.00 Cinderella Man: the Real Jim Braddock Story **13.00** Pentagon 9-11 **14.00** The Barbarian and the Geisha **16.00** Inside 9/11 **17.00** Inside 9/11 **18.00** Inside 9/11 **19.00** Inside 9/11 **20.00** Megacities: London **21.00** Megacities: New York City **22.00** The World's Longest Bridge **23.00** Pentagon 9-11 **0.00** Paranormal?: Animal Oracles

ANIMAL PLANET
12.00 Big Cat Diary **12.30** Chimpanzee Diary **13.00** The Life of Birds **14.00** Growing Up... **15.00** Crocodile Hunter **16.00** Austin Stevens – Most Dangerous **17.00** The Chase **18.00** Living with Wolves **19.00** The Life of Birds **20.00** K9 Boot Camp **21.00** Cell Dogs **22.00** The Chase **23.00** Big Cat Diary **23.30** Chimpanzee Diary **0.00** The Life of Birds **1.00** Growing Up...

DISCOVERY
12.00 Ultimate Cars **12.30** Ultimate Cars **13.00** Mythbusters **14.00** Surviving Extreme Weather **15.00** Ray Mears' Extreme Survival **15.30** Ray Mears' Extreme Survival **16.00** Collision Course **17.00** One Step Beyond **17.30** Massive Machines **18.00** American Chopper **19.00** Mythbusters **20.00** Let's Roll **22.00** Beslan **0.00** American Casino

MTV
14.00 TRL **15.00** Dismissed **15.30** Just See MTV **16.30** Trippin' **17.00** World Chart Express **18.00** Dance Floor Chart **19.00** Switched On MTV **20.00** Top 10 at Ten **21.00** Pimp My Ride **21.30** MTV Mash **22.00** MTV Live **23.00** Just See MTV

VH1
12.00 Bands Reunited **13.00** Bands Reunited **14.00** Bands Reunited **15.00** Bands Reunited **16.00** VH1 Viewer's Jukebox **17.00** Bands Reunited **18.00** Bands Reunited **19.00** Bands Reunited **20.00** Bands Reunited **21.00** Bands Reunited Backstage Pass **22.00** VH1 Weekly Album Chart **23.00** VH1 Hits

CLUB
11.45 Race to the Altar **12.40** Other People's Houses **13.35** Lofty Ideas **14.00** Fantasy Open House **14.25** Awesome Interiors **14.50** Art and Soul **15.15** City Hospital **16.00** Yoga Zone **16.25** The Method **16.50** Crime Stories **17.40** Retail Therapy **18.10** Men on Women **18.40** The Roseanne Show **19.30** It's a Girl Thing **20.00** Matchmaker: Dirty Dating **21.00** What Men Want **21.30** My Messy Bedroom **22.00** Sex and the Settee **22.30** Men on Women **23.00** Weekend Warriors **23.30** Paradise Seekers **23.55** Arresting Design **0.25** Fashion House **0.50** Vegging Out **1.15** Backyard Pleasures **1.45** Hollywood One on One

CARTOON NETWORK
12.00 Dexter's Laboratory **12.30** Ed, Edd n Eddy **13.00** Codename: Kids Next Door **13.30** The Powerpuff Girls **14.00** Hi Hi Puffy AmiYumi **14.30** Atomic Betty **15.00** Transformers Energon **15.30** Beyblade **16.00** Codename: Kids Next Door **16.30** Foster's Home for Imaginary Friends **17.00** Duck Dodgers in the 24 1/2 Century **17.30** Charley Brown Specials **18.00** What's New Scooby-Doo? **18.30** Tom and Jerry **19.00** The Flintstones **19.30** The Jetsons **20.00** Droopy Master Detective **20.30** Scooby-Doo **21.00** Tom and Jerry **22.00** Dexter's Laboratory **22.30** The Powerpuff Girls **23.00** Johnny Bravo **23.30** Ed, Edd n Eddy **0.00** Skipper & Skeeto **1.00** Spaced Out

JETIX
11.35 Uboos **12.05** Digimon II **12.30** Moville Mysteries **13.00** Super Robot Monkey Team Hyperforce Go! **13.30** Totally Spies **14.00** Sonic X **14.30** Spider-Man **15.00** Pucca **15.05** Spider-Man **15.30** Pucca **15.35** Totally Spies

MGM
11.40 Arena **13.20** Audrey Rose **15.15** Scalphunters **17.00** Who'll Stop the Rain? **19.05** Ricky and Pete **20.50** Night Drive **22.05** Devil's Brigade **0.15** Board Heads **1.45** Keaton's Cop


TCM
18.00 Style in Motion – Oswald Boateng On Casablanca **19.10** Casablanca **19.50** Shoot the Moon **22.50** The 25th Hour **0.45** Young Bess

HALLMARK
12.00 McLeod's Daughters **12.45** Gift of Love: The Daniel Huffman Story **14.15** The Ascent **16.00** McLeod's Daughters **16.45** McLeod's Daughters **17.30** McLeod's Daughters **18.15** McLeod's Daughters **19.00** McLeod's Daughters **19.45** McBride: Murder Past Midnight **21.00** Blind Faith **23.30** Don't Look Down **1.00** The Hound of the Baskervilles

BBC FOOD
12.00 Rocco's Dolce Vita **12.30** The Italian Kitchen **13.00** Off the Menu **13.30** The Big Stew **14.00** Food Source **14.30** Gondola On the Murray **15.00** The Naked Chef **15.30** Saturday Kitchen **16.00** After Midnight **17.00** Ainsley's Big Cook Out **17.30** James Martin Sweet **18.00** Sophie's Weekends **18.30** Grigson **19.00** The Way We Cooked **19.30** The Great Canadian Food Show **20.00** Rachel's Favourite Food **20.30** Beyond River Cottage **21.00** The Hi Lo Club **21.30** Ready Steady Cook

DR1
11.50 Bispeviðsele Maríu **13.40** Speedway: Italiens Grand Prix **15.00** Niels Hausgaard **16.00** Kaj og Andrea **16.30** TV Avisen með Sport og Veirre **17.00** Socialdemokraternes landsmøde **17.30** Sædan ligger landet **18.00** Kleveland í Kina **19.00** TV Avisen **19.15** Sendag **19.45** Sendagssportin með SAS liða **20.10** Inuit Eksperimintet – í sundhedens tjeneste **20.40** Tanja's helvæde **21.25** OBS **21.30** Depression **22.00** De Udvælgte

SV1
11.35 Folktoppen **12.35** Det finns bara en Ingemar Johansson **14.15** Drömmarnas tíð **15.00** Vára urm **15.30** Forskare i fält **16.00** Boliðompa **16.01** Nasse **16.10** Ronja Rövdatter **17.00** Bakom kulisserna på zoo **17.30** Rapport **18.00** Svensson, Svensson **18.30** Sportspegin **19.15** Stoppitid **19.20** Agenda **20.15** Veterantv **20.45** Vetenskap – Space Millennium **21.15** Rapport **21.20** Design **365** **21.25** Kommissionen **22.10** Sædinginn frá SV1/24



Hyundai SANTA FE
Einn stærsti og öflugasti jeplingurinn á markaðnum

Hyundai Santa FE 2.7 V6, sjálfskiptur. Dráttargeta 2300 kg. Verð kr. 2.910.000. Bílasamningur kr. 30.290 á mánuði. m.v. 30% útborgun. Við staðgreiðum þann gamla*.

Hyundai Santa FE 2.0 CRDi-Dísel, sjálfskiptur. Dráttargeta 2000 kg. Verð kr. 2.970.000. Bílasamningur kr. 30.900 á mánuði. m.v. 30% útborgun. Við staðgreiðum þann gamla*.

B&L Grjóthálsi 1 575 1200 www.bl.is


Bílasala Akureyrar sími 461 2533 • Bílas Akranesi sími 431 2622 • SG Bílar Reykjanesbæ sími 421 4444 Áki Sauðárkróki sími 453 6140 • Bíla- og búvélasalan Hvammstanga sími 451 2230

AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ





HRÓSIÐ

...fær Clint Eastwood og félagar hans fyrir að hafa haft ofan af fyrir slúðurþyrstum Íslendingum með dvöl sinni hér í sumar. Vonandi er þetta ekki fyrsta og síðasta heimsókn þessara mætu leikara.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Porvaldur Gylfason, prófessor og pistla-höfundur, sagði frá því í grein sem birtist í Fréttablaðinu í sumar að hann hefði hitt mann í flugvél sem vissi upp á háir hverjir yrðu ákærðir í Baugsmálinu áður en ákærur höfðu verið birtar. Á heimasíðu Bláðamannafélagsins er því fagnað að lögregla hafi ákveðið að falla frá rannsókn á því hver lak þessum upplýsingum í Þorvald enda hefur hann þegar neitað að gefa upp nafn heimildarmanns síns. Á Press.is segir að í rannsókninni á lekanum sé „augljóslega um að ræða hugsanlegt brot á þagnarskyldu opinbers starfsmanns“ en lögregla telji ekki forsundur til að „keyra það mál fyrir dómstóla“. Þorvaldur getur þannig skilgreint sig sem blaðamann án þess að vera í fullu starfi sem slíkur og getur því boðið heimildarmanni sínum nauðsynlega nafnleynd. „Það breytir ekki stöðu hans sem blaðamanns í þessu tilfalli, enda eins og hann hefur sjálfur bent á þá gæti heimildarmaður hans hafa verið að ræða við hann sem pistla-höfund en ekki sem prófessor.“



[VEISTU SVARID]

Svör við spurningum á bls. 8

- 1 5,9 kílómetrar
- 2 Sigurbjörn Sveinsson
- 3 Ray Nagin

X-ite
unaðsgel fyrir konur og karla

Xite er unaðsgel sem eykur kynlífsánægjuna, bæði hjá konum og körlum.

September tilboð í
Lyfjaval APÓTEK

Bílaapótek í Hæðarsmára og Mjódd

HIN HLIÐIN

HÓLMFRÍÐUR ANNA BALDURSDÓTTIR UPPLÝSINGAFULLTRÚI FYRIR UNICEF Á ÍSLANDI.

Ætlaði að verða gína

Hvernig ertu núna? Ég er bara nokkuð góð og bjartsýn.

Augnlitur: Grængrár held ég.

Starf: Upplýsingafulltrúi UNICEF á Íslandi.

Stjórnumerki: Steingeit.

Hjúskaparstaða: Ágæt.

Hvaðan ertu? Helmingurinn af mér er úr Reykjavík og hinn helmingurinn frá Siglufirði.

Helsta afrek: Þegar ég var 11 ára þá hjólaði ég Kjöllinn með pabba og félögum. En mín helsta upplifun var hins vegar þegar ég fékk að sjá guðson minn fæðast. Ekki beint afrek af minni hálfu.

Helstu veikleikar: Óstundvísni og fullkonnunarárátta.

Helstu kostir: Skipulagshæfileikar og ég er ekki langrækin. Svo er ég líka hress og skemmtileg.

Uppáhaldssjónvarpsþáttur: Án nokkurs efa, Alias.

Uppáhaldsútvarpsþáttur: Poppland og svo finnst mér Speggillinn góður.

Uppáhaldsmatur: Ég er mjög hrifin af ítölskum mat.

Uppáhaldsveitingastaður: Litill veitingastaður á Capri, þar sem allt er búið til á staðnum.

Mestu vonbrigði lífsins: Þegar ég fékk ekki að skila inn hálfkláraðri ritgerð sem ég gerði í þriðja bekk í menntó um Davíð Stefánsson. Komst svo að því að hún gildi 50 prósent.

Áhugamál: Leiklist, matargerð, vinnan mín, alþjóðamál, jafnréttismál og vinir mínir.

Viltu vinna milljón? Ég væri alveg til í það til að gefa bömunum í Afríku.

Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú yrðir stór? Bankakona, búðarkona, leikkona og einu sinni ætlaði ég að verða gína.

Hver er fyndnastur/fyndnust? Fólk sem er með kaldhæðinn hómur og segir fimmaurabrandara.

Trúir þú á drauga? Nei. Ég er mikil efasemdarmanneskja.

Hvaða dýr vildirðu helst vera? Víð erum dýr og ég er sátt við að vera ég sjálf.

Besta kvikmynd í heimi: Engin ein en Tarantino, Gus Van Sant og Woody Allen eru snillingar.

Besta bók í heimi: Óvitinn eftir Þórberg Þórðarson og Kvinnaklósettið eftir Marilyn French.

Næst á dagskrá: Það er þátturinn Fólk með Sirry á miðvikudaginn sem er söfnunarþáttur fyrir UNICEF. Nú eiga allir að taka þátt í að gerast heimforeldrar.



TÓNSKÁLDIÐ INGIBJÖRG ÞORBERGS: SÓLÓPLATA Á LEIÐINI

Raggi Bjarna er algjört unglamb

Tónskáldið og textahöfundurinn Ingibjörg Þorbergs gefur í október út sölóplötuna í sölgu húsi á vegum 12 Tóna. Ingibjörg er einn elsti lagahöfundur landsins því hún verður 78 ára í næsta mánuði og því telst útgáfa þessi til mikilla tíðinda í íslensku tónlistarlífi.

Upptökur á plötunni stóðu yfir í tvo daga og tekur Kársneskórinn undir í viðlagi í þremur til fjórum lögum. Alls eru fimmtán lög á plötunni, öll eftir Ingibjörgu, og er það elsta þriggja ára gamalt. Allir textarnir eru eftir Kristján Hreinsson og djasstríðið Flís spilar undir á plötunni. Ber Ingibjörg þeim strákum vel söguna og segir þá ofsalega flinka. „Ég er rosaspennt en líka dauðhrædd. Ég er ekki búin að heyrna hvernig þetta hljómar endanlega,“ segir Ingibjörg um plötuna. „Þetta er plata fyrir alla fjölskylduna, eiginlega vísnasöngur með smá djassívafi. Lögin fjalla um kríuna, blómin, vorið og haustið. Kristján segir að platan spanni eiginlega allt árið.“

Ingibjörg hefur samið fjöldann allan af barna-, jóla- og sönglögum í gegnum árin. Á afrekaskrá hennar eru meðal annars Aravísurnar, Jólakötturinn og Grýlukvæði. Þegar Ingibjörg varð sjötug gaf Kópavogsbær út safn með 100 söngvum eftir hana sem hét einfaldlega Söngvasafn. Einnig fékk hún heiðursverðlaun Íslensku tónlistarverðlaunanna árið 2002. Fimmtán ár eru aftur á móti liðin síðan Ingibjörg kom síðast við sögu á íslenskrri plötu. Á henni var að finna tíu jólalög eftir hana og söng Ingibjörg meðal annars eitt þeirra í Ríkissjónvarpinu.

Ingibjörg býr nú í Keflavík og líkar það ákaflega vel. „Það er ofsalega gott að vera hérna. Ég vildi samt alveg hafa meira næði og meiri tíma til að semja en ég er



INGIBJÖRG ÞORBERGS Ingibjörg verður 78 ára í næsta mánuði en lætur engan bilbug á sér finna þegar kemur að lagasmíðum.

orðin svo lengi að hreyfa mig. Ég er orðin hölt og það gengur allt hægar en ég hef samt samið síðan ég man eftir mér,“ segir hún.

En hvað ætli fólki finnst um að 78 ára gömul kona sé að gefa út sölóplötu? „Ég veit það ekki. Ég hef ekkert verið að segja mikið frá því,“ segir hún og hlær. „Ég hugsa að því finnst það undarlegt en Raggi Bjarna er nú ungar mið-

ad við mig. Það munar bara átta árum. Ég gat hlaupið um allt þegar ég var sjötug en hvert get ég hlaupið núna?“

Ingibjörg segist ekki eiga sér einn upphaldstónlistarmann eða hljómsveit. Hún segist hlusta svoltið á íslenska tónlist og kann vel að meta margt sem þar er í boði. „Unga fólkið er alveg stórkostlegt. Þar eru margir snillingar og

ég hlusta eiginlega á allt. Við eigum svo marga góða tónlistarmenn, bæði í klassík, djassi og poppi,“ segir Ingibjörg, sem sjálf er lærð í klassískri tónlist.

Ingibjörg kveðst ekki vita hvort útgáfutónleikar verði haldnir vegna plötunnar. „Ég hef ekki einu sinni þorað að hugsa um það.“

freyr@frettabladid.is



!

90,9

TÓNLISTARÞÁTTUR DR. GUNNA
Á Talstöðinni alla sunnudaga kl. 16.

Strákarnir okkar fá alheimsdreifingu

Kvikmyndafélag Íslands og franska dreifingarfyrirtækið SCALPEL hafa undirritað samkomulag um alheimsdreifingu á nýjstu mynd Róberts Douglas, Strákarnir okkar.

Samningurinn var undirritaður á fyrsta degi kvikmyndahátíðarinnar í Toronto. SCALPEL tryggði sér myndina strax eftir svokallaða Press/industry-sýningu sem fór fram dögunum, en myndin var frumsýnd á föstudag. Samningurinn felur í sér að SCALPEL dreifir myndinni um allan heim fyrir utan þau svæði sem hafa áður verið seld til meðframleiðanda myndarinnar; Finnlands og Bretlands.

Samningurinn er til sjö ára og mun Pierre Menahem staðfesta samninginn fyrir hönd SCALPEL og Júlíus Kemp fyrir hönd Kvikmyndafélags Íslands. „Við erum mjög ánægðir og þetta fer vel í menn hérna. Þetta er það besta sem þetta fyrirtæki hefur gert,



STRÁKARNIR OKKAR Kvikmynd Róberts Douglas, Strákarnir okkar, verður sýnd víða um heim á næstunni.

það er alveg á hreinu,“ segir Júlíus um samninginn.

Strákarnir okkar, sem var frumsýnd hér á landi um síðustu helgi, fjallar með gamansömum hætti um Óttar Þór, sem er aðal-

leikmaður KR í knattspyrnu þegar hann kemur út úr skápnunum á miðju leiktímabili. Til að finna sjálfan sig gengur hann til liðs við áhugamannafélag samkynhneigðra knattspyrnumanna. ■

Sigur Rós



NÝ PLATA FRÁ SIGUR RÓS - TAKK

VIÐ OPNUM Á MIÐNAETTI!

Í VERSLUN SKÍFUNNAR LAUGAVEGI



Sigur Rós - Takk



...skemmtir þér ;)



BAKÞANKAR

STEINUNNAR
STEFÁNSDÓTTUR

Völlur úti í mýri

Einu sinni var lítill bær í norðri. Þessi litli bær var, þrátt fyrir smæð, höfuðstaður í fámennu en strjálbýlu landi. Samgöngur í landinu voru ekki sérlega öflugar en skip sigldu þó hringinn í kringum landið og með tilkomu bílanna byggðist smám saman upp vegakerfi þótt frumstætt væri lengi vel. Litli höfuðstaðurinn óx og dafnaði, þræddi sig meðfram strönd og kringum mýrar eftir nesinu sem hann stóð á.

SVO kom stríð og Bretarnir hernámu litla landið. Þeir byggðu flugvöll í stærstu mýrinni í litla höfuðstaðnum Reykjavík. Með því sköpuðust síðar forsendur fyrir farþegaflugi sem var mikil samgöngubót. Flestir voru lukkulægir með flugvöllinn í mýrinni enda datt mönnum á þeim tíma ekki í hug að byggja hús í mýrum. Völlurinn var auk þess stutt frá kjarna litla höfuðstaðarins og því ágætlega í sveit settur.

ÞRÓUNIN hélt áfram og smám saman lögðust strandsiglingar af en á móti kom að vegakerfið batnaði stöðugt, vegir voru malbikaðir, brýr byggðar, göng grafin og leiðir stytta á ýmsan annan hátt. Bílar voru því notaðir í vaxandi mæli enda orðið mun fljótlegra en áður að komast milli landshluta akandi. Reykjavík hélt áfram að vaxa og dafna og var nú farin að kallast höfuðborg. Borgin óx saman við nágrennabygðarlögin og við það myndaðist heilt höfuðborgarsvæði og mýrarnar breyttust í hugguleg borgarhverfi hver á fætur annarri. Nema ein, því þar var flugvöllur.

NÚ þegar 21. öldin er nýlega hafin er flugvöllur í Vatnsmýri fullkomin tímaskekkja. Þar ætti að rísa blómleg byggð eins og til dæmis í Norðurmýri, Kringlumýri og Eiðismýri. Byggðin í borginni yrði þá samfelldari og forsendur fyrir miðbænum á sínum gamla stað eðlilegri. Auk þess sem flugvöllurinn í mýrinni er tifandi tímasprengja.

STJÓRN MÁLAMENN hafa læðst í kringum mál flugvallarins í Vatnsmýrinni eins og kettir í kringum heitan graut. Því verður að linna. Flugvöllurinn er tímaskekkja og verður að víkja. Flugsamgöngur við landsbyggðina verður að leysa með öðrum hætti en flugvelli á besta byggingarlandi höfuðborgarsvæðisins. Er von að spurt sé hvenær þetta ævintýri sé úti?



EVROÓPA EXPRESS

Evrópa bíður þín spennit með alla sína endalausni affreyningu og fegurð. Skutlastu með Iceland Express til Evrópu, hvenær sem þér hentar, á hagstæðu verði og taktu þaðan flugið hvert sem er.

Verð frá: 7.995 kr.*
Barnaverð: 5.995 kr.*

*Ábra leið með sköttum, Gildir fyrir börn 12 ára og yngri í fylgd með fullorðnum

Ferðapjónusta Iceland Express, Grimsbæ, Efstalandi 26, Sími 5 500 600



AEG Kaldir dagar

VELKOMIN Í KÆLI- OG FRYSTISKÁPAVEISLUNA!

15-20% AFSLÁTTUR



RÁÐIÓNAUST
FURUVÖLLUM 5 • AKUREYRI • SÍMI 461 5000

ORMSSON

SMÁRALIND SÍMI 530 2900 • ÖPIÐ FRÁ KL. 13-18
UMBODSMENN UM LAND ALLT